# ÁRSSKÝRSLA
## 2004 - 2005

BARNAVERNDARSTOFA

2006

# Ársskýrsla 2004 - 2005

# Ársskýrsla 2004 - 2005

*Barnaverndarstofa*
*2006*

*Ársskýrsla 2004-2005*
*2006 Barnaverndarstofa*
*ISSN 1670-3642*

*Umbrot og prentun: Gutenberg*
*Ábyrgðarmaður: Bragi Guðbrandsson*

*Barnaverndarstofa*
*Höfðaborg*
*Borgartúni 21*
*105 Reykjavík*
*Sími: 530 2600*
*Bréfasími: 530 2601*
*Netfang: bvs@bvs.is*
*Veffang: www.bvs.is.*

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit** . . . . . . . . . . . . V

**Frá forstjóra** . . . . . . . . . . . . VII

**1 Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu** . . . . . . . . 1
- 1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu . . . . . . 2
- 1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu . . . . . . . . 8
- 1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu . . . . . . . . 13
- 1.4 Fósturmál . . . . . . . . 15
- 1.5 Ársskýrslur og sískráning barnaverndarnefnda . . . . . . 20
- 1.6 Samskipti Barnaverndarstofu við meðferðarheimili . . . . . 21
- 1.7 Rannsóknir og þróunarstarf . . . . . . . . 24
- 1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf . . . . . . . . 28
- 1.9 Starfsleyfi heimila . . . . . . . . 41
- 1.10 Reglugerðir . . . . . . . . 43
- 1.11 Samstarfsverkefni . . . . . . . . 45

**2 Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu** . . . . . . 53
- 2.1 Umsóknir á meðferðarheimili . . . . . . . . 55
- 2.2 Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Stuðlar . . . . . . 59
- 2.3 Langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu . . . . . 71

**3 Barnahús** . . . . . . . . . . . . 75

**4 Barnaverndarnefndir** . . . . . . . . . . 85
- 4.1 Afskipti barnaverndarnefnda 2000-2004 . . . . . . . . 87
- 4.2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda . . . . . . . . 89
- 4.3 Könnun máls . . . . . . . . 92

4.4 Úrræði barnaverndarnefnda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 93
4.5 Úrskurðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 96
4.6 Umsagnir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 97

**Viðauki I** **Yfirlit barnaverndarnefnda 2004** . . . . . . . . . . . . . . . . 99
**Viðauki II** **Vímuefnakönnun Stuðla 2003-2005** . . . . . . . . . . . . . . 105
**Viðauki III** **Starfsmannahandbók** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 129
**Viðauki IV** **Stefnumarkandi áætlun** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 155

# Frá forstjóra

Skýrsla sú sem hér kemur fyrir sjónir tekur til starfsemi Barnaverndarstofu fyrir árin 2004 og 2005 en starfsemi barnaverndarnefnda vegna ársins 2004. Framvegis verður sami háttur hafður á að ekki verður beðið með útgáfu skýrslu vegna starfsemi Barnaverndarstofu þar til barnaverndarnefndir hafa skilað árskýrslum sínum svo sem verið hefur. Sískráning barnaverndarmála, sem hófst í byrjun árs 2005, gerir þó kleift að birta jafnóðum töluleg gögn um tilkynningar til nefnda, frá hverjum þær berast og hvers eðlis þær eru. Tilgangur þessara breytinga er að sjálfsögðu sá að bæta upplýsingagjöf í málaflokknum, fylgjast betur með breytingum og skapa skilyrði til að bregðast fyrr við nýjum aðstæðum ef tilefni er til.

Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndunum sýna að umfang starfs þeirra heldur áfram að vaxa enn eitt árið. Þannig var fjöldi þeirra barna sem nefndirnar og starfslið þeirra höfðu afskipti af 5643 árið 2004 og er það um 20% fjölgun á milli ára. Sá fjöldi barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af árið 2004 nemur um 7% af heildarfjölda barna á aldrinum 0 til 18 ára á Íslandi, sem telja verður mjög hátt hlutfall og mun hærra en sambærilegar tölur sem þekkjast erlendis frá. Heildarfjöldi nýrra barnaverndartilkynninga á árinu 2004 var 5.555 og samkvæmt sískráningartölum fyrir árið 2005 voru þær 5.879. Á síðasta ári bárust því alls um 16 tilkynningar til barnaverndarnefnda á Íslandi dag hvern alla daga ársins. Sambærileg tala fyrir fimm árum síðan var 11 tilkynningar á dag og hefur því árleg fjölgun numið að meðaltali einni tilkynningu á degi hverjum allt þetta tímabil.

Sú stöðuga fjölgun barnaverndarmála sem fyrrgreindar tölur bera ótvíræðan vott um bendir til að álag á starfsfólk í barnavernd hafi aukist verulega nema orðið hafi samsvarandi aukning í mannahaldi barnaverndarnefndanna. Erfitt hefur reynst að fá áreiðanlegar upplýsingar um fjölda stöðugilda í barnavernd

þar sem starfsmenn sinna oft jafnframt öðrum verkefnum, einkum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Eftir því sem Barnaverndarstofa kemst næst fer því þó fjarri að samhliða fjölgun barnaverndarmála hafi orðið viðunandi fjölgun starfsliðs í barnavernd á vettvangi sveitarfélaganna. Þvert á móti benda upplýsingar frá barnaverndarnefndum til fækkunar starfsliðs ef eitthvað er. Hér er um alvarlegt mál að ræða þar sem til viðbótar fjölgun barnaverndarmála má ekki gleyma þeim auknu kröfum um formleg jafnt sem fagleg vinnubrögð svo og beitingu stuðningsúrræða sem fylgdu í kjölfar gildistöku barnaverndarlaganna árið 2002. Við framkvæmd eftirlitshlutverks síns hefur Barnaverndarstofa hefur vissulega orðið vör við óhóflegt álag á starfslið margra barnaverndarnefnda og full ástæða er því til að beina því til sveitarstjórna að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að bæta hér úr.

Á árunum 2004 og 2005 komu fram margvíslegar vísbendingar sem telja verður jákvæðar í barnaverndarmálum. Þannig sýndu kannanir á meðal grunnskólanema að heldur hefur dregið úr neyslu á áfengi og öðrum vímugjöfum á undanförnum árum, aðsókn á meðferðarstofnanir hefur jafnframt skroppið saman og tölur frá lögreglu benda til að afbrot ungmenna hafa almennt ekki aukist. Umsóknir á meðferðarheimili Barnaverndarstofu héldu áfram að fækka og voru alls 167 árið 2005, sem er um þriðjungs fækkun frá mesta fjölda sem var árið 2002. Að mati Barnaverndarstofu eru margvíslegar ástæður fyrir þessari þróun m.a. aukið forvarnarstarf, íhlutun barnaverndaryfirvalda í mál barna fyrr en áður var og bættur árangur meðferðarstarfs. Þessu til viðbótar er ástæða til að vekja athygli á tveim þáttum sérstaklega. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ára aldur, sem að fullu kom til framkvæmda árið 2000, skapaði foreldrum og öðrum uppalendum nýjar og betri forsendur en áður var til að vernda börn sín og grípa til ráðstafana ef út af bar. Samhliða urðu þær breytingar með nýjum meðferðarheimilum í kjölfar stofnunar Barnaverndarstofu að unnt reyndist að halda börnum í meðferð gegn eigin vilja fram til 18 ára aldurs. Í þessu fólst að mögulegt varð að vista í meðferð stóran hóp ungmenna í fyrstu bekkjum framhaldsskólans sem voru í mestri neyslu og eðli máls samkvæmt afkastamest í að miðla vímuefnum til efstu bekkja grunnskólans. Ástæða er því að ætla að verulegur árangur hafi náðst í því að stöðva flæði vímuefna frá eldri til yngri aldurshópa á unglingsaldri. Ekki er þó ástæða til að ofmetnast því ýmsar athuganir og upplýsingar frá meðferðarheimilum stofunnar, þ.m.t. vímuefnakönnun Stuðla sem fjallað er um í skýrslunni, benda til að neysla þeirra sem ánetjast hafa vímuefnum og koma til meðferðar sé meiri og alvarlegri en áður var.

Runnið hefur upp nýtt skeið í starfsemi Barnaverndarstofu þar sem áhersla er lögð á að þróa áfram hin nýju úrræði, sem komið hefur verið á fót á síðustu árum, styrkja innviði þeirra og efla fagmennsku. Á árunum 2004 og 2005 var áhersla lögð á bæta þjónustu, skerpa starfsaðferðir og auka gæði. Á árinu 2005 lagði stofan fram stefnumarkandi áætlun til þriggja ára og jafnframt var gengið frá starfsmannahandbók, sem m.a. hefur að geyma starfsmannastefnu og stefnu í jafnréttismálum. Lokið var smíði nokkurra reglugerða með nýju barnaverndarlögunum sem félagsmálaráðuneytið gaf út á árunum 2004 og 2005. Samstarfi við Neyðarlínuna 112 til að auðvelda almenningi að rækja tilkynningaskyldu í barnaverndarmálum var ýtt úr vör í byrjun árs 2004 og hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Á árinu 2004 var hrint í framkvæmd svonefndu „Pride“ þjálfunarkerfi fyrir verðandi fósturforeldra sem markar þáttaskil í fósturmálum hérlendis. Á þessu tímabili voru haldnar tugir málstofa, fræðslufunda og ráðstefna á vegum stofunnar fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda, meðferðarheimila og samstarfsaðila. Í meðferðarmálum ber hæst opnun nýrrar lokaðrar deildar á Stuðlum í lok árs 2004 sem mun gjörbreyta möguleikum til að vista unglinga í neyðartilvikum. Loks má nefna að unnið hefur verið að undirbúningi nýrra leiða í meðferðarstarfi og tillögur þar að lútandi lagðar fyrir félagsmálaráðuneytið.

Ekkert lát er á tilvísun mála í Barnahús en árið 2005 voru tekin 186 rannsóknarviðtöl við börn sem grunur lék á að sætt hefðu kynferðisofbeldi og er það nálægt árlegu meðaltali frá upphafi starfseminnar. Skýrslutökur fyrir dómi voru aðeins um 22% af rannsóknarviðtölum árin 2004 og 2005. Bæði árin þurftu fleiri börn að mæta í dómhús en í Barnahús vegna skýrslutöku. Enda þótt flestir dómstólar í landinu færi sér Barnahúsið í nyt hafa dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur ekkert notað Barnahúsið á tímabilinu en í því umdæmi eru fleiri kynferðisbrotamál tekin til meðferðar en samanlagt í umdæmum annarra dómstóla landsins. Börn úr Reykjavík geta því þurft að fara í skýrslutöku, læknisskoðun, greiningu og meðferð á marga staði. Að mati Barnaverndarstofu er hér um fullkomlega óviðunandi ástand að ræða. Ekki síður verður það að teljast dapurlegt að læknisskoðanir í Barnahúsi lágu niðri í rúmt ár, frá miðju ári 2004 fram til hausts 2005, vegna þess að Landspítali-háskólasjúkrahús taldi sig ekki hafa fjármuni til að sinna þessari þjónustu.

Enda þótt starfsemi Barnahúss hafi um margt orðið fyrir áföllum árin 2004 og 2005, hefur hún orðið öðrum þjóðum hvatning. Í kjölfar heimsóknar hennar hátignar Sylviu drottningu Svíþjóðar í Barnahús haustið 2004 beitti hún sér

fyrir stofnun Barnahúsa í heimalandi sínu með afgerandi hætti. Barnaverndarstarfi á Íslandi var sýndur mikill heiður þegar undirritaður var beðinn um að flytja ávarp við opnunarvígslu fyrsta Barnahússins í Linköping haustið 2005. Þegar þetta er ritað hefur verið ákveðið að Barnahús taki til starfa í a.m.k. sex borgum í Svíþjóð fyrir árslok 2006. Þá samþykkti norska Stórþingið á árinu 2005 að setja á stofn Barnahús að íslenskri fyrirmynd og heimsótti undirbúningsnefndin Ísland í lok síðasta árs. Þá má geta að Unicef og Evrópuráðið fólu undirrituðum að flytja erindi um Barnahús á fundi ríkja Evrópu og Mið-Asíu í Slóveníu 2005 um kynferðisbrotamál gegn börnum sem verður að teljast mikil alþjóðleg viðurkenning. Lok skal þess getið að Barnahúsið var tilnefnt til verðlauna sem alþjóðabarnaverndarsamtökin ISPCAN veita haustið 2006 fyrir framúrskarandi úrræði í barnavernd. Allt þetta ætti að vera okkur Íslendingum hvatning til að vinna á þeim hindrunum sem eru á veginum hér á landi.

*Bragi Guðbrandsson*

# 1 Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins (sjá *mynd 1.1*). Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs.

Starf Barnaverndarstofu felst í marghátttuðum, sérhæfðum viðfangsefnum sem lúta að starfsemi barnaverndarnefnda er starfa á vegum sveitarfélaga og yfirumsjón og eftirliti með rekstri sérhæfðra meðferðarheimila fyrir börn og ungmenni. Hér er um að ræða alls sjö einkarekin meðferðarheimili auk Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, afgreiðslu kæra og kvartana vegna starfa þeirra ásamt innheimtu ársskýrslna. Þá veitir stofan barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn mála og fræðslu um barna- og fjölskylduvernd.

Barnaverndarstofu er ætlað að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings jafnt sem fagfólks. Fræðsluhlutverk sitt rækir stofan með því að halda ráðstefnur, með fyrirlestrahaldi, með sérstökum námskeiðum og útgáfu handbókar fyrir barnaverndarnefndir og með námskeiðum fyrir verðandi fósturforeldra og starfsfólk meðferðarheimila. Þá liðsinnir stofan barnaverndarnefndum við öflun hæfra fósturforeldra og veitir ráðgjöf á því sviði.

Ennfremur hefur stofan rannsóknar- og þróunarhlutverki að gegna á sviði barnaverndar, auk þess að sinna erlendum samstarfsverkefnum og afla þekkingar að utan á þessu sviði.

**Mynd 1.1 Skipulag barnaverndarmála árið 2005.**




# 1.1. Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu

Í *töflu 1.1.1* kemur fram ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og meðferðarheimila á vegum stofunnar á tímabilinu 2001 til 2005. Fjárveiting til stofunnar hefur aukist jafnt og þétt á tímabilinu, en lækkaði þó milli áranna 2004 og 2005.

Á árinu 2004 nam kostnaður vegna reksturs einkarekinna meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu alls rúmum 336 m.kr. sem var rúmlega 50% af heildar rekstrarkostnaði Barnaverndarstofu það ár, en tæplega 351 m.kr. eða tæplega 54% af rekstrarkostnaði árið 2005. Rekstrarkostnaður Stuðla, meðferðarstöðvar fyrir unglinga, var rúmlega 140 m.kr. eða tæplega 21% af rekstrarfé á árinu 2004, en rúmlega 152 m.kr. eða rúmlega 23% á árinu 2005. Á árinu 2004 var ráðist í að byggja nýja neyðarvistun við Stuðla og var byggingakostnaður rúmar 62 m.kr. Ekki fékkst viðbótarfjármagn á fjárlögum til byggingarinnar og var því uppsafnaður hagnaður síðustu ára millifærður frá rekstri yfir á stofnkostnað. Endanlegur byggingakostnaður lá fyrir fyrri hluta árs 2005 og fór hann verulega fram úr áætlun eða um rúmlega 20 m.kr. Ekki fékkst viðbótarfjármagn til að brúa það bil og glímir stofan því við

**Tafla 1.1.1 Ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og stofnana á hennar vegum (í þús.kr.).**

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | þús. kr. | % | þús. kr. | % | þús. kr. | % | þús. kr. | % | þús. kr. | % |
| Barnaverndarstofa | 70.337 | 13,1 | 69.819 | 12,3 | 86.049 | 14,7 | 76.473 | 11,4 | 81.100 | 12,4 |
| Barnahús | 13.903 | 2,6 | 19.291 | 3,4 | 19.291 | 3,3 | 23.177 | 3,5 | 24.700 | 3,8 |
| *Samtals* | 84.240 | 15,7 | 89.110 | 15,7 | 105.340 | 18,0 | 99.650 | 14,9 | 105.800 | 16,2 |
| | | | | | | | | | | |
| Meðferðarheimilið Torfastöðum[1] | 22.601 | 4,2 | 25.382 | 4,5 | 23.979 | 4,1 | 18.299 | 2,7 | 13.500 | 2,1 |
| Meðferðarheimilið Geldingalæk | 23.818 | 4,5 | 24.923 | 4,4 | 27.183 | 4,6 | 29.281 | 4,4 | 30.700 | 4,7 |
| Meðferðarheimilið Árbót / Berg | 51.253 | 9,6 | 65.663 | 11,6 | 71.787 | 12,3 | 73.400 | 10,9 | 81.400 | 12,5 |
| Meðferðarheimilið í Skagafirði | 50.423 | 9,4 | 52.790 | 9,3 | 56.109 | 9,6 | 65.222 | 9,7 | 67.400 | 10,3 |
| Meðferðarheimilið Laugalandi | 33.849 | 6,3 | 38.783 | 6,8 | 40.820 | 7,0 | 42.977 | 6,4 | 44.900 | 6,9 |
| Meðferðarheimilið Hvítárbakka | 32.502 | 6,1 | 34.201 | 6,0 | 38.703 | 6,6 | 40.274 | 6,0 | 42.300 | 6,5 |
| Meðferðarheimilið Jökuldal[2] | 29.371 | 5,5 | 17.113 | 3,0 | 11 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Meðferðarheimilið Árvöllum/Akurhól | 50.000 | 9,3 | 62.408 | 11,0 | 75.962 | 13,0 | 67.029 | 10,0 | 70.400 | 10,8 |
| *Meðferðarheimili samtals* | 293.817 | 54,9 | 321.263 | 56,6 | 334.554 | 57,1 | 336.482 | 50,1 | 350.600 | 53,7 |
| | | | | | | | | | | |
| Stuðlar, meðferðastöð ríkisins | 116.865 | 21,8 | 136.830 | 24,1 | 137.883 | 23,5 | 140.555 | 20,9 | 152.300 | 23,3 |
| Styrkt fóstur | - | - | - | - | 7.937 | 1,4 | 14.296 | 2,1 | 13.100 | 2,1 |
| Landspítali háskólasjúkrahús | 40.248 | 7,5 | 20.124 | 3,5 | 0 | 0,0 | 80.000 | 11,9 | 30.900 | 4,7 |
| Samtals rekstrarkostnaður | 535.170 | 100,0 | 567.327 | 100,0 | 585.714 | 100,0 | 670.983 | 100,0 | 652.700 | 100,0 |
| Stofnkostnaður | 5.867 | - | 768 | - | 100 | - | 62.267 | - | 22.200 | - |
| Samtals | 541.037 | - | 568.095 | - | 585.814 | - | 733.250 | - | 674.900 | - |

[1]Meðferðarheimilið hætti starfsemi 30. september 2004. [2] Meðferðarheimilinu var lokað 1. júní 2002.

verulegan rekstrarvanda af þessum sökum. Áætlað er að vinna bug á honum á næstu tveim árum. Kostnaður vegna styrkts fósturs var rúmar 14 m.kr. eða rúmlega 2% af rekstrarfé á árinu 2004, og rúmar 13 m.kr. eða rúm 2% á árinu 2005. Framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss á grundvelli samnings um þjónustu barna- og unglingageðdeildar og bakvaktaþjónustu sérfræðings var 80 m.kr. á árinu 2004 eða tæplega 12% af rekstrarfé. Þar af voru 50 m.kr. vegna tímabilsins 1.6.2002 – 31.12.2003. Eldri samningur rann út 31. maí 2002 en ekki tókst samkomulag um nýjan samning fyrr en á miðju ári 2004. Á árinu 2005 nam framlag til LSH tæpri 31 m.kr. eða tæplega 5% af rekstrarfé. Rekstrarkostnaður Barnaverndarstofu á árinu 2004 nam tæplega 100 m.kr. (tæplega 15% heildarkostnaðar), þar af var rekstur Barnahúss rúmlega 23 m.kr., en tæplega 106 m.kr. eða rúmlega 16% heildarkostnaðar á árinu 2005, þar af rekstur Barnahúss tæplega 25 m.kr.

Í lok árs 2005 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls níu starfsmenn í 8,9 stöðugildum. Þeir voru eftirfarandi á árunum 2004 og 2005:

| | |
|---|---|
| Bragi Guðbrandsson | Forstjóri |
| Anni G. Haugen | Umsjón og ráðgjöf í barnaverndarmálum |
| Áslaug Bragadóttir | Rekstrar- og starfsmannastjóri |
| Bryndís S. Guðmundsdóttir | Umsjón með meðferðarstarfi |
| Guðjón Bjarnason | Umsjón með meðferðarstarfi |
| Helga Rúna Péturs | Ritstjórn ársskýrslu, gagnavinnsla og upplýsingamál |
| Herdís Birgisdóttir | Afgreiðslufulltrúi, hætti störfum 31.8.2005 |
| Hildur Sveinsdóttir | Umsjón og ráðgjöf í fósturmálum, umsjón með Foster Pride |
| Hrefna Friðriksdóttir | Umsjón og ráðgjöf í barnaverndarmálum, lögfræðilegar álitsgerðir |
| Ingibjörg A. Snævarr | Afgreiðslufulltrúi, hóf störf 1.9.2005 |

Í Barnahúsi urðu ekki breytingar á mannahaldi á tímabilinu. Vigdís Erlendsdóttir, sálfræðingur, gegndi starfi forstöðumanns, Ólöf Ásta Farestveit, afbrotafræðingur og Ragna Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi, gegndu störfum sérhæfðs rannsakenda og Þorbjörg Sveinsdóttir, BA, gegndi starfi ritara og sinnti rannsóknarstörfum. Eva Björk Valdimarsdóttir BA-sálfræði leysti Þorbjörgu af í fæðingarorlofi frá júní 2004 til júlí 2005.

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum, gegndi Sólveig Ásgrímsdóttir, sálfræðingur, starfi forstöðumanns sem fyrr, og Halldór Hauksson stöðu yfirsálfræðings.

Árið 2005 markaði ellefta starfsár Barnaverndarstofu. Þegar litið er á tímabilið í heild hafa verulegar breytingar orðið í málaflokkunum. Í aðdraganda að stofnun Barnaverndarstofu, árið 1993, var Hagsýslu ríkisins falið að gera úttekt á rekstri ríkisins á meðferðarstofnunum fyrir unglinga, sem á þeim tíma heyrðu undir Unglingaheimili ríkisins. Í niðurstöðu Hagsýslunnar kom m.a. fram að rekstur stofnana hafi verið ósveigjanlegur og óhagkvæmur, rekstrarkostnaður hár og nýting meðferðarstofnana léleg. Þá var á það bent að framúrkeyrsla á fjárheimildum hafi verið viðvarandi vandamál. Þegar við upphaf starfsemi Barnaverndarstofu árið 1995 var ákveðið að bregðast við ofangreindum niðurstöðum, m.a. með því að breyta rekstrarformi meðferðarheimila eins og frekast var unnt. Þessar áherslur, sem voru í anda svonefndrar „nýskipunar í ríkisrekstrinum“, voru ekki einungis lagðar í þeim tilgangi að ná fram aukinni rekstrarhagkvæmni heldur jafnframt að treysta á fagleg markmið. Þannig var nú lögð áhersla á svonefnd fjölskyldurekin meðferðarheimili sem staðsett eru á landsbyggðinni, þar sem meðferðaraðili býr undir sama þaki og börnin og/eða deilir lífi sínu með þeim. Eina undantekningin á þessu eru Stuðlar, greiningar- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Á árinu 2005 var fjöldi fjölskyldurekinna meðferðarheimila alls sjö, en einn rekstraraðili sagði upp samningi sínum og hætti starfsemi í september 2004.

Þær breytingar sem gerðar voru á rekstrarformi meðferðarheimila á starfstíma Barnaverndarstofu má sjá á eftirfarandi mynd sem sýnir hlutfall fjárveitinga til ríkisrekinna meðferðarheimila annars vegar og einkarekinna meðferðarheimila sem rekin eru samkvæmt þjónustusamningi við Barnaverndarstofu hins vegar.

**Mynd 1.1.1 Breytingar á rekstrarformi meðferðarheimila 1995-2005**



Þær breytingar sem gerðar voru á rekstrarformi meðferðarheimila hafa stuðlað að sveigjanlegum rekstri og lækkuðum rekstrarkostnaði. Þetta hefur auðveldað Barnaverndarstofu að sjá til þess að rekstrarútgjöld fari ekki fram úr fjárheimildum. Í þessu fólst veruleg breyting frá því sem áður var, svo sem sjá má á meðfylgjandi mynd sem sýnir raunveruleg rekstrargjöld í samanburði við fjárlagaheimildir fyrir tímabilið 1990 til 2005. Í lok tímabilsins fara útgjöld nokkuð framúr fjárheimildum. Ástæðan er sú að bygging nýrrar neyðarvistunar á Stuðlum fór fram úr kostnaðaráætlun og mun þessi halli verða jafnaður út á næstu tveim árum og reksturinn kominn í jafnvægi í lok árs 2007. Segja má að kostir rammafjárlaga komi hér fram með skýrum hætti þar sem unnt er að flytja rekstrarafgang/halla á milli ára í því skyni að ná fram hagræðingu í rekstri til lengri tíma.

**Mynd 1.1.2 Raungjöld og fjárlög 1990-2005.**




*Starfsmannahandbók*

Á árinu 2005 gaf Barnaverndarstofa út starfsmannahandbók stofunnar þar sem meðal annars er mörkuð starfsmannastefna. Markmið starfsmannastefnu Barnaverndarstofu er að stuðla að því að stofan hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki er vinni af einurð að verkefnum stofunnar og búi við starfsumhverfi sem skapar möguleika á því að dafna og vaxa í starfi og samhæfa starf og fjölskyldulíf. Í starfsmannahandbókinni er jafnframt að finna

jafnréttisstefnu Barnaverndarstofu og undirstofnana þar sem staðfest er að jafnrétti kynjanna verði haft í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð. Stefna Barnaverndarstofu er að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum og að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli karla og kvenna svo að mannauður stofunnar nýtist sem best. Í handbókinni er einnig fjallað um aðra helstu þætti er lúta að starfsmannamálum, svo sem skipulag og starfslýsingar, ráðningar, starfsþróun og launamál, vinnubrögð og starfsaðstæður.

*Stefnumarkandi áætlun*

Á árinu 2005 gaf Barnaverndarstofa út stefnumarkandi áætlun fyrir tímabilið 2005-2008 í samræmi við reglur um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana. Áætlunin byggir á lögmætu hlutverki Barnaverndarstofu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og endurspeglar stefnumörkun og megináherslur í starfsemi stofunnar á komandi árum. Áætlunin endurspeglar nýtt skeið í starfsemi Barnaverndarstofu. Fyrstu starfsár einkenndust af mikilli uppbyggingu og breytingum, m.a. á sviði meðferðar fyrir börn og með stofnun Barnahúss. Nú og um næstu framtíð munu áherslur Barnaverndarstofu beinast að því að meta árangur af uppbyggingarstarfinu, þar á meðal núverandi meðferðarkerfi, þróa ný úrræði í stað langtímameðferðar og efla innviði stofunnar til að hún megi bjóða í auknum mæli upp á vandaða og hagkvæma þjónustu fyrir barnaverndarnefndir landsins og aðra þá aðila sem vinna að barnavernd. Barnaverndarstofa hefur sett sér eftirfarandi meginmarkmið sem hún mun vinna að á næstu þremur árum:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum ríkisins með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félagsmálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.

2. Að efla þjónustu stofunnar þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma. Þetta á bæði við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofunnar. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofan hefur samskipti við.

3. Að bæta hæfni, getu og nýtingu starfsfólks Barnaverndarstofu.

4. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofunnar.

Hverju meginmarkmiði er skipt niður í nokkur starfsmarkmið sem fela í sér mælanlegt takmark stofunnar og mælikvarða á árangur. Í tengslum við starfsmarkmið er getið um einstök verkefni sem eru í gangi eða ætlað er að hrinda í framkvæmd til að stuðla að framgangi áætlunarinnar. Hér má geta um ýmis rannsóknarverkefni, svo sem rannsókn sem nú stendur yfir á framburði barna sem koma í Barnahús og fyrirhugaða athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Þá hyggst Barnaverndarstofa beita sér fyrir þróun nýrra meðferðarúrræða, fyrst og fremst fjölþáttameðferðar fyrir börn (Multisystemic Therapy MST). Meðal annarra verkefna má nefna mat á árangri meðferðarheimila sem rekin eru á ábyrgð ríkisins, mat á árangri af styrktu fóstri og mat á árangri Barnahúss.

Starfsmannahandbókina og Stefnumarkandi áætlun stofunnar má finna í viðauka III og IV.

## 1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum almennar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna úrlausna barnaverndarmála. Auk þess veitir Barnaverndarstofa öðrum opinberum aðilum og almenningi ráðgjöf og upplýsingar á sviði barnaverndar. Tveir starfsmenn Barnaverndarstofu sinna öðrum fremur þessu verkefni. Aðrir starfsmenn koma einnig að ráðgjöfinni, svo sem hvað varðar túlkun lagaatriða og starf meðferðarheimila sem fjallað verður um í kafla 1.6, og fósturráðstafanir. Þá sinnir Barnahús sérstaklega ráðgjöf er varðar meint kynferðisbrot gegn börnum. Leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir er í meirihluta tilvika komið á framfæri símleiðis. Ráðgjöf getur jafnframt verið veitt skriflega með tölvupósti eða á fundum með starfsfólki.

Ráðgjöf Barnaverndarstofu vegna starfa barnaverndarnefnda varðar m.a. eftirfarandi þætti:

*Upphaf barnaverndarmáls.* Ráðgjöf felst í að veita aðstoð við að skilja og skilgreina hvenær mál telst barnaverndarmál og hvenær ekki. Vandkvæði geta verið á því að greina á milli þess hvort um sé að ræða félagslega þjónustu við barn eða fjölskyldu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða afskipti á grundvelli barnaverndarlaga. Annað dæmi um verkefni í þessum flokki eru atriði tengd tilkynningarskyldu við barnaverndarnefndir en í barnaverndarlögum er að finna þrjár lagagreinar um þetta efni. Til álitaefnis

um upphaf máls getur einnig talist réttur tilkynnanda til nafnleyndar, svo sem við að skilja hvað í nafnleynd felst, hver á rétt á henni o.s.frv. Við upphaf máls er algengt að leitað sé skilnings á ýmsum verkþáttum sem snerta könnun barnaverndarnefndar, bæði um heimildir, hvar leita megi upplýsinga og hvernig hún skuli framkvæmd.

*Stuðningur og úrræði.* Undir þennan lið falla fjölbreytileg verkefni er varða úrræði barnaverndarnefndar, áætlunargerð þá sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, hvernig árangursríkast sé að leita samstarfs við forsjármenn o.fl.

*Málsmeðferð og þvingunarúrræði.* Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræða ráðgjöf vegna túlkunar á VIII. kafla barnaverndarlaga svo sem um hæfi, rannsóknarheimildir barnaverndarnefndar, réttindi barna við málsmeðferð, meðferð úrskurðarmála, neyðarráðstafanir og valdbeitingu.

*Hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt öðrum lögum.* Hér er um að ræða verkefni sem koma í hlut barnaverndarnefndar og kveðið er á um í öðrum lögum en barnaverndarlögum svo sem barnalögum og ættleiðingarlögum. Í þeim er kveðið á um að leita megi til barnaverndarnefnda um að meta aðstæður barna, hæfni væntanlegra forsjármanna o.fl. Ráðgjöf felur oftar en ekki í sér upplýsingar um það hvernig best sé að standa að slíku mati og hvað í því felst.

*Börn í fóstri.* Hér er um að ræða ráðgjöf um þær reglur sem í gildi eru um ráðstöfun barns í fóstur svo sem um val á fósturforeldrum, staðsetningu fósturheimilis, gerð fóstursamninga, umgengni barns við sína nánustu o.fl. Þá leita verðandi fósturforeldrar gjarnan ráðgjafar um það hverjir geti gerst fósturforeldrar, þar á meðal hvernig þeir geti látið meta hæfni sína.

*Annað.* Til þessa flokks telst ráðgjöf sem er veitt vegna atriða eins og útivistar barna, ársskýrslugerðar nefndanna, samstarfs barnaverndarnefnda, leyfisveitinga vegna heimila fyrir börn af ýmsum toga, þ.á. m. vegna sumardvalarheimila og sumarbúða.

Yfirlit ráðgjafarmála annars vegar veitt barnaverndarnefndum og hins vegar öðrum opinberum aðilum og almenningi kemur fram í *töflum 1.2.1* og *1.2.2.* Þar sést að ráðgjafarmálum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað frá árinu 2004. Ráðgjafarmálum til annarra en barnaverndarnefnda hefur hins vegar fækkað. Í *töflu 1.2.1* kemur fram sundurliðun eftir eðli mála og stærð sveitarfélaga. Flest ráðgjafarmál varða málsmeðferð og upphaf máls. Á árinu 2005 voru þessir tveir flokkar 61% allra ráðgjafarmála en voru tæp 54% árið 2004. Árið 2005 voru rúmlega 80% ráðgjafarmálanna frá nefndum utan höf-

uðborgarsvæðisins. Nánast í öllum tilvikum hafa barnaverndarnefndir ráðið að minnsta kosti einn fagmenntaðan starfsmann.

Tölulegar upplýsingar um ráðgjöf sem veitt er öðrum en barnaverndarnefndum koma fram í *töflu 1.2.2* en samkvæmt reglugerð um Barnaverndarstofu skal hún veita almenningi og opinberum aðilum ráðgjöf og fræðslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Felst það einkum í leiðbeiningum varðandi þær skyldur sem hvíla á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum, svo sem tilkynningarskyldu og úrræði til verndar einstökum börnum þegar við á. Algengast er að leitað sé ráðgjafar Barnaverndarstofu um vinnslu eða meðferð einstakra barnaverndarmála, t.d. af hálfu foreldra. Árið 2005 var það tilefni 42% allra erinda en var 51% árið 2004. Auk þessa eru bornar upp almennar spurningar um barnaverndarmál, hlutverk og verklag barnaverndaryfirvalda. Þá er nokkuð um að aðrir en opinberir aðilar og foreldrar leiti eftir upplýsingum og ráðgjöf varðandi málsmeðferð og úrræði. Þetta eru oftast ættingjar, forsjárlausir foreldrar og nágrannar barna. Árið 2005 voru 22% erinda vegna forsjár- og umgengnisdeilna þrátt fyrir að Barnaverndarstofa fjalli ekki sérstaklega um þá málaflokka.

Árið 2005 komu um 38% erinda frá foreldrum eða öðrum forsjármönnum barna. Ráðgjöf til ofangreindra aðila hefur fækkað aðeins á milli áranna 2004 og 2005. Árið 2005 var ráðgjöf veitt í 221 tilviki en 251 tilviki árið 2004.

**Tafla 1.2.1 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum árin 2001 til 2005 (fjöldi mála).**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Allt landið | | | | | |
| Upphaf máls | 62 | 63 | 60 | 46 | 78 |
| Stuðningsúrræði | 36 | 67 | 31 | 36 | 28 |
| Þvingun | 12 | 18 | 10 | 7 | 15 |
| Málsmeðferð | 100 | 102 | 91 | 99 | 90 |
| Börn í fóstri | 24 | 25 | 21 | 21 | 19 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 13 | 27 | 12 | 19 | 11 |
| Annað | 43 | 63 | 31 | 42 | 35 |
| Samtals | 290 | 365 | 256 | 270 | 276 |
| Reykjavík | | | | | |
| Upphaf máls | 6 | 5 | 14 | 3 | 1 |
| Stuðningsúrræði | 1 | 6 | 1 | 2 | 1 |
| Þvingun | 0 | 3 | 3 | 0 | 1 |
| Málsmeðferð | 1 | 11 | 13 | 6 | 5 |
| Börn í fóstri | 5 | 5 | 1 | 4 | 2 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum. | 1 | 3 | 1 | 0 | 1 |
| Annað | 4 | 1 | 1 | 0 | 3 |
| Samtals | 18 | 34 | 34 | 15 | 14 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | | | | | |
| Upphaf máls | 2 | 8 | 8 | 3 | 9 |
| Stuðningsúrræði | 3 | 8 | 12 | 3 | 7 |
| Þvingun | 2 | 7 | 3 | 3 | 1 |
| Málsmeðferð | 6 | 10 | 11 | 16 | 13 |
| Börn í fóstri | 0 | 3 | 4 | 4 | 5 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 1 | 4 | 0 | 2 | 0 |
| Annað | 4 | 8 | 7 | 2 | 2 |
| Samtals | 18 | 48 | 45 | 33 | 37 |
| Önnur sveitarfélög | | | | | |
| Upphaf máls | 56 | 50 | 38 | 40 | 68 |
| Stuðningsúrræði | 30 | 53 | 18 | 31 | 20 |
| Þvingun | 10 | 8 | 4 | 4 | 13 |
| Málsmeðferð | 93 | 81 | 67 | 77 | 72 |
| Börn í fóstri | 19 | 17 | 16 | 13 | 12 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 11 | 20 | 11 | 17 | 10 |
| Annað | 35 | 54 | 23 | 40 | 30 |
| Samtals | 254 | 283 | 177 | 222 | 225 |

[1] Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi" vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

**Tafla 1.2.2 Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum eftir tilefni 2001-2005 (fjöldi mála).**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Öll mál | | | | | |
| Einstök barnaverndarmál | 83 | 132 | 110 | 127 | 92 |
| Almennt um barnaverndarmál | 33 | 47 | 17 | 24 | 23 |
| Almennt um þjónustu við börn | 15 | 16 | 8 | 22 | 41 |
| Forsjár- og umgengnismál | 41 | 63 | 53 | 64 | 48 |
| Annað | 39 | 20 | 5 | 14 | 17 |
| Samtals | 211 | 278 | 193 | 251 | 221 |
| Opinberir aðilar | | | | | |
| Einstök barnaverndarmál | 12 | 22 | 18 | 22 | 12 |
| Almennt um barnaverndarmál | 11 | 20 | 9 | 9 | 9 |
| Almennt um þjónustu við börn | 1 | 7 | 1 | 9 | 18 |
| Forsjár- og umgengnismál | 3 | 7 | 7 | 2 | 2 |
| Annað | 7 | 5 | 3 | 6 | 3 |
| Samtals | 34 | 61 | 38 | 48 | 44 |
| Foreldrar | | | | | |
| Einstök barnaverndarmál | 41 | 57 | 58 | 52 | 34 |
| Almennt um barnaverndarmál | 10 | 10 | 5 | 0 | 3 |
| Almennt um þjónustu við börn | 6 | 5 | 1 | 8 | 10 |
| Forsjár- og umgengnismál | 24 | 43 | 31 | 39 | 31 |
| Annað | 15 | 7 | 2 | 2 | 7 |
| Samtals | 96 | 122 | 97 | 101 | 85 |
| Aðrir | | | | | |
| Einstök barnaverndarmál | 30 | 53 | 34 | 53 | 46 |
| Almennt um barnaverndarmál | 12 | 17 | 3 | 15 | 11 |
| Almennt um þjónustu við börn | 8 | 4 | 6 | 5 | 13 |
| Forsjár- og umgengnismál | 13 | 13 | 15 | 23 | 15 |
| Annað | 18 | 8 | 0 | 6 | 7 |
| Samtals | 81 | 95 | 58 | 102 | 92 |

Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi" vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

## 1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu

Í eftirliti Barnaverndarstofu felst annars vegar meðferð kvartana vegna aðgerða eða aðgerðarleysis nefnda og hins vegar í eftirliti að eigin frumkvæði. Hver sem er getur komið kvörtun á framfæri við Barnaverndarstofu vegna vinnubragða barnaverndarnefnda og er lögð áhersla á að kvartanir berist skriflega. Þegar Barnaverndarstofu berst kvörtun þá er leitað eftir afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til kvörtunarefnis, upplýsingum um vinnslu og meðferð máls. Barnaverndarstofa metur síðan hvort barnaverndarnefnd hafi fylgt settum lögum við meðferð málsins og sendir aðilum máls og viðkomandi barnaverndarnefnd niðurstöður sínar eftir því sem við á.

Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit með störfum barnaverndarnefnda að eigin frumkvæði án þess að erindum þar að lútandi hafi verið beint til stofunnar. Sem dæmi má nefna að Barnaverndarstofa safnar saman ársskýrslum frá öllum barnaverndarnefndum og þær upplýsingar geta kallað á athugun á tilteknum atriðum. Barnaverndarstofa aflar einnig upplýsinga um almenna eða afmarkaða þætti í störfum barnaverndarnefnda eftir því sem tilefni er til. Þá sinnir stofan reglubundnu eftirliti með meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum hennar.

Tölulegar upplýsingar yfir kærur og kvartanir sem borist hafa Barnaverndarstofu koma fram í *töflu 1.3.1.* Á árinu 2005 var fjöldi mála alls 17 en var 25 árið 2004. Stærsti fjöldi mála er vegna Reykjavíkur eða alls 8 mál, 5 mál eru vegna sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur og 4 mál eru vegna mála í öðrum sveitarfélögum. Flest tilfelli varða kvartanir vegna barna í fóstri (sjá skilgreiningu á eðli mála í ráðgjafarhluta). Árið 2004 voru flestar kvartanir vegna upphafs máls en það var einungis eitt slíkt tilfelli árið 2005.

Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu getur verið margvíslegt. Atriði sem fram koma í ársskýrslum nefnda, umsóknum um meðferðardvöl fyrir börn, fóstursamningum o.fl. geta vakið spurningar sem nauðsynlegt reynist að fá svör við. Opinber umræða um málefni er varða börn eða ábendingar úr ýmsum áttum geta gefið stofunni tilefni til að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir rækja hlutverk sitt á einstökum sviðum. Þannig getur eftirlit Barnaverndarstofu að eigin frumkvæði beinst að öllum þáttum barnaverndarmála og vinnuaðferðum við framkvæmd þeirra. Það getur ýmist beinst að tiltekinni barnaverndarnefnd eða að þeim öllum.

Tilefni geta einnig gefist til að Barnaverndarstofa sendi fyrirspurnir til opinberra stofnana er lúta að margvíslegum málefnum barna. Venjulega er um að ræða ábendingar um viðfangsefni sem vert er að gefa gaum, hvatningu til aðgerða eða beiðni um upplýsingar.

**Tafla 1.3.1 Kærur* og kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu 2000 til 2005.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Landið allt | | | | | | |
| Upphaf máls | 3 | 3 | 11 | 8 | 7 | 1 |
| Stuðningsúrræði | 11 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 |
| Þvingun | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 0 |
| Málsmeðferð | 3 | 13 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| Börn í fóstri | 2 | 4 | 6 | 6 | 4 | 9 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 1 | 0 | 4 | 7 | 2 | 0 |
| Annað | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Samtals | 22 | 27 | 36 | 37 | 25 | 17 |
| Reykjavík | | | | | | |
| Upphaf máls | 2 | 1 | 8 | 1 | 1 | 0 |
| Stuðningsúrræði | 0 | 1 | 4 | 4 | 4 | 1 |
| Þvingun | 1 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 |
| Málsmeðferð | 3 | 8 | 5 | 3 | 3 | 2 |
| Börn í fóstri | 0 | 2 | 0 | 1 | 1 | 5 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 0 | 0 | 4 | 1 | 0 | 0 |
| Samtals | 6 | 12 | 22 | 12 | 10 | 8 |
| Nágrenni Reykjavíkur | | | | | | |
| Upphaf máls | 0 | 1 | 2 | 2 | 4 | 1 |
| Stuðningsúrræði | 6 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 |
| Þvingun | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Málsmeðferð | 0 | 2 | 1 | 1 | 2 | 0 |
| Börn í fóstri | 1 | 0 | 3 | 1 | 1 | 2 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum. | 1 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 |
| Samtals | 8 | 4 | 8 | 7 | 7 | 5 |
| Önnur sveitarfélög | | | | | | |
| Upphaf máls | 1 | 1 | 1 | 5 | 2 | 0 |
| Stuðningsúrræði | 5 | 3 | 1 | 4 | 1 | 0 |
| Þvingun | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Málsmeðferð | 0 | 3 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| Börn í fóstri | 1 | 2 | 3 | 4 | 2 | 2 |
| Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum | 0 | 0 | 0 | 3 | 2 | 0 |
| Annað | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Samtals | 8 | 11 | 6 | 18 | 8 | 4 |

* Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru kærur vegna ákvarðana barnaverndarnefnda nú beint til kærunefndar barnaverndarmála en Barnaverndarstofa fjallar um kvartanir vegna vinnubragða nefnda.

# 1.4 Fósturmál

Yfirumsjón með fósturmálum er í höndum Barnaverndarstofu. Í því felst m.a. að sjá um að útvega barnaverndarnefndum fósturforeldra og meta hæfni þeirra. Enginn má taka barn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi þess, sbr. 66. gr. laga nr. 80/2002. Um hlutverk Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda vegna fósturmála er nánar fjallað í tveimur reglugerðum nr. 264/1995 og 532/1995.

Yfirlit fósturmála á tímabilinu 2001–2005 kemur fram í *töflu 1.4.1.* Alls hafa á þriðja hundrað börn dvalið hjá fósturforeldrum árlega. Hér er um að ræða þrjú til fjögur börn af hverjum þúsund á landinu. 173 börn voru í varanlegu fóstri og 122 í tímabundnu fóstri á árinu 2005. Börnum í fóstri hefur því lítillega fjölgað frá árinu 2004 en þá voru 170 börn í varanlegu fóstri og 115 í tímabundnu fóstri. Um varanlegt fóstur er að ræða þegar barni er komið í fóstur þar til forsjárskyldur falla niður skv. lögum. Barni skal komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi sem er tilefni fósturráðstöfunar innan skamms tíma þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum sínum. Átta börn voru í styrktu fóstri árið 2005 en sex voru í styrktu fóstri árið 2004. Skilyrði fyrir styrktu fóstri er að uppfyllt sé viðmið um „sérhæfða meðferð“ skv. c. lið 79. gr. bvl. Hér er um að ræða að barn eigi við verulega hegðunarerfiðleika að stríða, uppfyllt séu skilyrði um að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79 gr. bvl. og nauðsynlegt þyki að koma barni í fóstur í stað þess að vista það á meðferðarstofnun. Mat á þörf er byggt á gögnum frá barnaverndarnefndum, þ.á.m. um tilraunir þeirra til að beita vægari úrræðum (sjá m.a. 24. gr. laganna) og niðurstöðum rannsóknaraðila svo sem meðferðarstöðvar ríkisins, Stuðla. Af *töflu 1.4.1* má ráða að þróun fósturráðstafana síðustu ára einkennist af hlutfallslegri fjölgun ráðstafana í tímabundið fóstur ásamt nokkurri fjölgun fósturráðstafana í heild.

Umsóknir barnaverndarnefnda til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru 98 árið 2005 en á árinu 2004 voru umsóknir 99. Tæplega 40% umsókna kemur frá Reykjavík. Umsóknir um styrkt fóstur voru 13 á árinu 2005, en voru 15 árið á undan.

Á árinu 2005 var 79 börnum ráðstafað í fóstur, 17 í varanlegt fóstur, 54 í tímabundið fóstur og 8 í styrkt fóstur. Það ár fóru 14 börn úr varanlegu

fóstri vegna þess að sjálfræðisaldri hafði verið náð. Á árinu breyttust sex tímabundnar fósturráðstafanir í varanlegt fóstur.

Árið 2003 gerði Barnaverndarstofa samning við þýsku fyrirtækin Martinswerk eV Dorlar og Mut Zur Zukunft. Bæði þessi fyrirtæki hafa heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum til umönnunar. Starfsemi þeirra fer fram í mörgum löndum. Samningur Barnaverndarstofu og fyrirtækjanna hefur það að markmiði að fella starfsemi þeirra að íslensku lagaumhverfi eins og kostur er. Sérstakur trúnaðarmaður fer með þau verkefni sem barnaverndarnefndum eru ætluð, svo sem eftirlit. Auk þess er ríkulegt eftirlit af hálfu hinna þýsku aðila og fastráðnir starfsmenn hér á landi til að annast starfsemina, skipulagningu o.s.frv. Litið er á ráðstafanir þeirra sem fullt ígildi fósturráðstöfunar og sömu kröfur gerðar í þeim efnum og á við um ráðstöfun fósturbarna af hálfu barnaverndarnefnda. Dvalartími er í flestum tilvikum um eitt ár. Í sumum tilvikum er þó um skemmri eða lengri tíma að ræða.

Það er einkum fyrirtækið Martinswerk sem haldið hefur uppi starfsemi hér á landi. Á vegum þess fyrirtækis dróst starfsemi mikið saman árið 2005 vegna tilfallandi atvika og einungis þrisvar sinnum óskað eftir að mega ráðstafa barni hingað til lands á grundvelli samningsins. Í einu tilviki varð uppvíst að ekki hefði verið staðið með eðlilegum hætti að ráðstöfun að því leyti að ekki var aflað samþykkis Barnaverndarstofu fyrir henni, enda þótt ráðstöfunin næði fram að ganga.

Árið á undan var í fimmtán tilvikum óskað eftir ráðstöfun á börnum frá Þýskalandi á grundvelli samnings við Barnaverndarstofu, öll á vegum Martinswerk. Flest þeirra barna voru því í fóstri hér á landi árið 2005.

**Tafla 1.4.1 Fósturmál – yfirlit.**

| | | 2001 | | | 2002 | | | 2003 | | | | 2004 | | | | 2005 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | VF | TF | ST | VF | TF | ST | VF | TF | SF | ST | VF | TF | SF | ST | VF | TF | SF | ST |
| Fjöldi barna í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri | | 183 | 84 | 267 | 172 | 104 | 276 | 168 | 116 | 9 | 293 | 170 | 115 | 6 | 292 | 173 | 122 | 8 | 303 |
| Umsóknir frá barnaverndarnefndum um fósturheimili | Reykjavík | 8 | 18 | 26 | 3 | 35 | 38 | 9 | 28 | 7 | 44 | 13 | 40 | 6 | 59 | 7 | 28 | 2 | 37 |
| | Nágrenni Reykjavíkur | 1 | 8 | 9 | 0 | 14 | 14 | 0 | 7 | 3 | 10 | 3 | 10 | 4 | 17 | 0 | 13 | 3 | 16 |
| | Landsbyggð | 1 | 15 | 16 | 1 | 25 | 26 | 2 | 21 | 6 | 29 | 2 | 16 | 5 | 23 | 4 | 33 | 8 | 45 |
| | Alls | 10 | 41 | 51 | 4 | 74 | 78 | 11 | 56 | 16 | 83 | 18 | 66 | 15 | 99 | 11 | 74 | 13 | 98 |
| Ráðstöfun barna í fóstur á árinu eftir sveitarfélögum | Reykjavík | 8 | 12 | 20 | 3 | 23 | 26 | 9 | 17 | 4 | 30 | 15 | 28 | 3 | 46 | 11 | 19 | 1 | 31 |
| | Nágrenni Reykjavíkur | 1 | 4 | 5 | 0 | 10 | 10 | 0 | 6 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 11 | 0 | 10 | 2 | 12 |
| | Landsbyggð | 0 | 20 | 20 | 2 | 20 | 22 | 2 | 21 | 3 | 26 | 2 | 12 | 2 | 16 | 6 | 25 | 5 | 36 |
| | Alls | 9 | 36 | 45 | 5 | 53 | 58 | 11 | 44 | 9 | 64 | 20 | 47 | 6 | 73 | 17 | 54 | 8 | 79 |
| Börn sem fóru úr varanlegu fóstri | Barn náði sjálfræðisaldri | 13 | - | - | 12 | - | - | 15 | - | - | - | 17 | - | - | - | 14 | - | - | - |
| | Vegna ákvörðunar bvn. | 0 | - | - | 0 | - | - | 0 | - | - | - | 0 | - | - | - | - | - | - | - |
| | Fósturrof, önnur ástæða | 2 | - | - | 3 | - | - | 0 | - | - | - | 0 | - | - | - | - | - | - | - |
| | Ættleiðing | 0 | - | - | 1 | - | - | 0 | - | - | - | 1 | - | - | - | - | - | - | - |
| | Alls | 15 | - | - | 16 | - | - | 15 | - | - | - | 18 | - | - | - | 14 | - | - | - |

VF: Varanlegt fóstur. TF: Tímabundið fóstur. SF: Styrkt fóstur. ST: Samtals. Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

* Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu og skráningu nefnda (sjá kafla 4). Reynt var að stemma af þessar tölur en ekki hefur tekist að fá svör frá öllum nefndum landsins. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

Eins og áður hefur komið fram er Barnaverndarstofu ætlað að sjá barnaverndarnefndum fyrir hæfum fósturforeldrum. Þeir sem óska eftir því að gerast fósturforeldrar þurfa að sækja formlega um það til Barnaverndarstofu og afhenda tilskilin vottorð. Að því loknu óskar Barnaverndarstofa umsagnar barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda. Einnig fer fram vettvangsathugun á heimili þeirra og ítarlegt viðtal við þá. Á grundvelli þessa ferils metur Barnaverndarstofa hvort umsækjendur teljist hæfir fósturforeldrar.

Umsóknir þeirra sem óskuðu eftir að gerast fósturforeldrar voru 39 talsins árið 2005 og hefur þeim fækkað miðað við árið á undan en þá voru umsóknir 54 (*tafla 1.4.2)*. Bæði árin 2004 og 2005 bárust flestar umsóknir frá Reykjavík og nágrenni eða 24.

**Tafla 1.4.2 Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu og niðurstaða mats.**

| | | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Hvaðan koma umsóknir? | Reykjavík og nágrenni | 24 | 24 |
| | Vesturland | 7 | 1 |
| | Vestfirðir | 3 | 0 |
| | Norðurland | 10 | 6 |
| | Austurland | 0 | 1 |
| | Suðurland | 10 | 4 |
| | Reykjanes | 0 | 2 |
| | Fólk búsett erlendis | 0 | 1 |
| Fjöldi umsókna alls | | 54 | 39 |
| Niðurstaða mats | Umsækjendur hæfir | 46 | 31 |
| | Umsókn hafnað | 2 | 0 |
| | Umsókn dregin til baka | 8 | 7 |
| | Umsókn óafgreidd | 20 | 21 |
| Alls | | 76 | 59 |

Árið 2005 voru 15 umsóknir afgreiddar frá árinu 2004 eða fyrr en sjö voru dregnar til baka. Heildarfjöldi þeirra sem fengu leyfi sem fósturforeldrar árið 2005 var þannig 31. Þetta er fækkun frá árinu 2004 en þá fengu 46 leyfi sem fósturforeldrar.

Þegar nefnd í heimilisumdæmi umsækjenda hefur veitt samþykki sitt fer starfsmaður Barnaverndarstofu á heimilið til frekari vettvangskönnunar. Alls

21 slík ferð var farin árið 2005 vegna heimila úti á landi en ferðirnar voru 26 árið 2004.

Til viðbótar ofangreindum verkefnum veitir Barnaverndarstofa margvíslega ráðgjöf til barnaverndarnefnda um fósturmál og fer ráðgjöfin oftast fram símleiðis eða með tölvupóstsamskiptum. Þessi ráðgjöf er af ýmsum toga svo sem vegna umsagna í fósturmálum, gerð umsókna, frágangs fóstursamninga og framkvæmd stuðnings við fósturheimili. Stofan veitir einnig einstaklingum upplýsingar um það hvort þeir uppfylli skilyrði til að gerast fósturforeldrar og hvernig þeir geti látið meta hæfni sína til þess. Nokkuð var um það á árinu að fósturforeldrar leituðu ráðgjafar vegna fósturbarna sinna.

Barnaverndarstofa ákvað á árinu 2002 að kaupa afnotarétt á kennsluefni fyrir fósturforeldra sem nefnist Foster Pride og er upprunnið frá Bandaríkjunum. Foster Pride er kennsluefni sem varðar vinnubrögð barnaverndarnefnda í fósturmálum, svo og undirbúningsnámskeið fyrir fósturforeldra áður en þeir taka börn í fóstur. Starfsmaður Barnaverndarstofu tók að sér að þýða og staðfæra námsefnið.

Árið 2004 voru tvö Foster Pride námskeið haldin. Fyrsta námskeiðið var haldið frá 17.2-27.4 á Suðurlandi og byrjuðu alls 24 þátttakendur. Þrír þátttakendur hættu þó á tímabilinu. Einn starfsmaður frá Árborg sat námskeiðið. Seinna námskeiðið var svo haldið dagana 18.9-12.11 í Reykjavík. Þátttakendur á því námskeiði voru 19, þar af einn starfsmaður frá Reykjanesbæ.

Árið 2005 voru einnig tvö Foster Pride námskeið haldin. Fyrsta námskeiðið var haldið frá 4.2.-8.4. í Reykjavík og voru alls 19 þátttakendur. Seinna námskeiðið var svo haldið dagana 3.9.-4.11 einnig í Reykjavík. Þátttakendur á því námskeiði voru 16. Fjórir starfsmenn sóttu námskeiðin, tveir frá Kópavogi, einn frá Akranesi og einn frá Barnavernd Reykjavíkur. Af þeim 31 fósturforeldrum sem sóttu námskeiðið voru 10 sem ekki höfðu fengið leyfi áður sem fósturforeldrar.

Barnaverndarstofa var í samstarfi við Norðurlöndin um gerð kennslumyndbands sem notað verður á Foster Pride námskeiðum. Myndin kallast „Hæfniskröfurnar 5“. Starfsmaður Barnaverndarstofu fór á fund til Holbæk vegna myndbandsins og einnig var haldinn fundur hér á Íslandi. Frumsýning myndarinnar verður væntanlega í lok maí árið 2006 á ráðstefnu í Osló. Barnaverndarstofa er aðili að myndinni fjárhagslega og einnig kom hún að handritsgerð ásamt fulltrúum frá hinum Norðurlöndunum.

## 1.5 Ársskýrslur og sískráning barnaverndarnefnda

*Ársskýrslur barnaverndarnefnda*

Umfangsmikið verkefni Barnaverndarstofu samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð um Barnaverndarstofu er innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins. Söfnun slíkra gagna og úrvinnsla tölfræðilega upplýsinga á grundvelli þeirra gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma og getur gefið tilefni til nánari skoðunar og viðbragða af hálfu Barnaverndarstofu.

Notast er við eyðublað sem hannað var af sérstakri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að skilgreina og samræma þau tölfræðilegu gögn sem þörf væri á að safna af þessu tilefni. Eyðublaðið var notað í fyrsta sinn árið 1995 en það hefur síðan verið endurskoðað reglulega í samræmi við ábendingar barnaverndarnefnda. Á eyðublaðinu er m.a. spurt um:

- Fjölda og ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda.
- Fjölda barnaverndarmála til umfjöllunar.
- Fjölda barna og fjölskyldna sem var veitt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga.
- Fjölda og tegund stuðningsúrræða.
- Fjölda úrskurða barnaverndarnefnda.
- Fjölda og tegund fósturráðstafana.

Síðastliðin ár hafa nánast allar barnaverndarnefndir landsins skilað inn ársskýrslum um störf sín. Gætt hefur meiri nákvæmni í svörum nefndanna en nokkrir byrjunarörðugleikar voru við notkun hins nýja skráningarforms í upphafi.

*Sískráning*

Barnaverndarstofa hefur lengi haft áhuga á því að fá yfirlit yfir umfang starfsins hjá nefndunum með því að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra tilkynninga sem berast. Fram til ársins 2004 safnaði Barnaverndarstofa aðeins saman heildartölum yfir störf nefndanna árlega. Treglega gekk að fá talnagögn frá nefndum og gátu þau því verið eins til tveggja ára gömul þegar þau voru gefin út. Því var ákveðið að hefja sískráningu og safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega. Tilgangurinn var m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín og

þörf á úrræðum þegar ávallt er hægt að skoða nýjar tölur um umfang starfsins. Sískráning tilkynninga hófst í byrjun janúar 2005 og hefur gengið mjög vel.

Barnaverndarstofa hefur í kjölfar sískráningarinnar birt skýrslur um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is. Auk þess hefur Barnaverndarstofa birt ársfjórðungsskýrslur sem unnar hafa verið úr sískráningunni. Með þessu móti hefur tekist að birta upplýsingar um stöðu málaflokksins á hverjum tíma.

## 1.6 Samskipti Barnaverndarstofu við meðferðarheimili

Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með heimilum og stofnunum sem ríkið rekur og styrkir fyrir börn og eru rekin á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst m.a. að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfseminni og að hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilunum og fylgjast með nýtingu. Barnaverndarstofa skal jafnframt veita heimilunum faglega ráðgjöf um þeirra störf.

Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, er ríkisstofnun og lítur rekstur stofnunarinnar lögum og reglum um rekstur ríkisstofnana þ. á. m. hvað varðar fjárhagslegt eftirlit. Önnur meðferðarheimili eru rekin á grundvelli þjónustusamninga við einstaklinga. Í þjónustusamningum er getið um hlutverk meðferðarheimila, skyldur þeirra og rekstrargrundvöll þ. á. m. fjárhagslegt eftirlit af hálfu Barnaverndarstofu.

Árið 2001 tóku gildi reglur Barnaverndarstofu um samstarf meðferðarheimila og barnaverndarnefnda. Þessar reglur ásamt þjónustusamningum og öðrum gögnum sem Barnaverndarstofu berast, liggja til grundvallar ráðgjöf og eftirliti Barnaverndarstofu. Reglurnar fjalla m.a. um umsóknarferil og skilyrði umsókna, umgengni barna við nákomna, gerð vistunarsamnings, kostnaðarþætti, útskriftarferil, vistun barna á lokaðri deild í neyðar- og bráðatilvikum o.fl.

Í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerðar um Barnaverndarstofu skal stofan hafa bæði faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þeim meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum ríkisins á grundvelli barnaverndarlaga. Einn liður eftirlitsins felst í vettvangsheimsóknum með reglulegu millibili á öll heimilin tvisvar á ári. Árið 2004 og 2005 var framangreint eftirlit framkvæmt samkvæmt verksamningi við einkaaðila, Jón Björnsson sálfræðing. Samningurinn gerir ráð fyrir mati á gögnum og upplýsingum um heimilin hvert

um sig sem Barnaverndarstofu berast, þróun eyðublaða, gátlista og annarra verkfæra. Eftirlitsmaður skilar Barnaverndarstofu skýrslu í lok hverrar vettvangsskoðunar. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að Barnaverndarstofa annist eftirfylgd vegna atriða sem þykja betur mega fara í starfi meðferðarheimila og hafa m.a komið fram í eftirlitsheimsóknum. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir þeim möguleika að Barnaverndarstofa geti óskað eftir því að verktaki framkvæmi sérstaka úttekt eða mat á meðferðarheimilum.

Í meginatriðum lýtur eftirlit með meðferðarheimilum að eftirfarandi þáttum:

- Að afla gagna til að gera Barnaverndarstofu fært að meta hvort starfsemi heimilanna uppfylli kröfur um viðurkennt faglegt starf
- Að stuðla að almennum umbótum í meðferðarstarfi og benda á það sem betur má fara í starfi meðferðarheimila
- Að ganga úr skugga um að þjónustu- og vistunarsamningar séu uppfylltir

Auk vettvangsheimsókna felst eftirlit Barnaverndarstofu í skoðun ýmissa gagna og upplýsinga sem berast frá meðferðarheimilum, svo sem skýrslur um stöðu barna, vistunarsamningar, rannsóknarskýrslur frá Stuðlum, yfirlit frá lokaðri deild Stuðla o.fl.

Meginmarkmið ráðgjafar Barnaverndarstofu er að:

- Stuðla að faglegum umbótum í meðferðarstarfi
- Efla gæði meðferðarstarfsins
- Að tryggja velferð einstakra barna

Ráðgjöfin er framkvæmd á þann hátt að starfsmaður fer í þrjár heimsóknir á ári á hvert heimili auk þess að vera í reglubundnu símasambandi við heimilin. Á árinu 2004 voru farnar 23 heimsóknir vegna ráðgjafar, en á árinu 2005 voru þær 21. Í heimsóknunum er starfsemi heimilanna skoðuð og gengi einstakra barna metið. Þá er rætt við meðferðaraðila um innra starf heimilanna, skóla- og starfsmannamál og inn- og útskriftir. Einnig er rætt við börnin og gerð viðhorfakönnun þar sem þeim gefst kostur á að tjá sig um hvernig þeim finnst ganga í meðferðinni og hvað þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Eftir hverja ferð er gerð skýrsla um heimsóknina.

Starfsmenn Barnaverndarstofu taka þátt í starfsdögum meðferðarheimilanna sem eru haldnir að jafnaði tvisvar ár hvert. Tilgangur þeirra er að efla starfsemi heimilanna, stuðla að faglegri umræðu og skapa vettvang þar sem deila má þekkingu og reynslu. Samstarfsfundina sækja forstöðumenn heimilanna, starfsmenn og sálfræðingar auk starfsmanna Barnaverndarstofu. Árið

2004 voru haldnir tveir starfsdagar, í maí og í október. Meginumfjöllunarefnið á starfsdeginum í maí varðaði ásakanir um kynferðislegt ofbeldi á stofnunum og viðbrögð við því. Yfir 30 starfsmenn allra meðferðarheimilanna voru mættir til starfsdaganna í október og hefur aldrei áður verið svona góð þátttaka. Jákvæður andi ríkti allan tímann og umræður miðuðu að því að finna lausnir til framtíðar eða spá um framtíðina enda yfirskrift daganna framtíðarsýn. Meðferðaraðilar hvers heimilis gerðu grein fyrir sinni sýn á stöðu meðferðarheimilanna og Stuðla eftir fimm ár. Kristján Kristjánsson heimspekingur við Háskólann á Akureyri hélt fyrirlestur um þjóðfélagslegar breytingar síðustu áratuga frá sjónarhóli barna. Yfirsálfræðingur Stuðla kynnti innihald og hugmyndafræði ART - meðferðarinnar. Um er að ræða aðferðir til að ná tökum á reiði. Ráðgjafi Barnaverndarstofu hélt erindi um niðurstöður rannsókna og framtíðarsýn í stofnanameðferð fyrir börn. Að lokum fjallaði forstjóri Barnaverndarstofu um helstu verkefni sem bíða stofunnar á næstu árum.

Á árinu 2005 hélt Tore Andreassen sálfræðingur frá Noregi fyrirlestur fyrir starfsmenn Stuðla og meðferðarheimilin um uppbyggingu á nýjum meðferðarheimilum í Noregi. Á starfsdegi meðferðarheimilanna hélt Salbjörg Bjarnadóttir frá Landlæknisembættinu fyrirlestur um þunglyndi og sjálfsvígshættu. Sóley Gréta Sveinsdóttir meistaranemi í mannfræði hélt fyrirlestur um aðstæður fjölskyldna af asískum uppruna. Ingvar G. Guðnason sálfræðingur veitti fræðslu á meðferðarheimilinu Árbót/Berg um kulnun í starfi. Auk þess var starfsmaður Barnaverndarstofu með fræðslu í Árbót/Bergi um meðferð á meðferðarheimilunum.

Á árunum 2004 og 2005 var í gildi samningur milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu sem miðar að því að gefa föngum undir 18 ára aldri kost á því að sækja meðferð á meðferðarheimili Barnaverndarstofu í stað afplánunar í fangelsi. Þessi ráðstöfun byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga. Samningurinn felur m.a. það í sér að föngum stendur til boða vistun á stofnunum Barnaverndarstofu í stað hefðbundinnar refsivistar. Nái þeir 18 ára aldri meðan á meðferð stendur getur þó meðferðartími eftir það ekki varað lengur en 6 mánuði eftir að því aldursmarki er náð. Á árunum 2004 og 2005 bar svo við að engir einstaklingar á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu voru vistaðir á þessum grundvelli. Stofunni bárust að vísu tilkynningar árið 2004 vegna þriggja einstaklinga sem þegar höfðu hafið afplánum til aðeins eins mánaðar hver. Frelsissviptingin varaði því ekki þann lágmarkstíma sem talinn er nauðsynlegur til að meðferð skili árangri, en samkvæmt starfsreglum stofunnar telst hann vera þrír mánuðir.

# 1.7 Rannsóknir og þróunarstarf

Barnaverndarstofa skal eiga frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Einnig skal stofan eiga samstarf við þá rannsóknaraðila sem sinna slíkum verkefnum innanlands. Hún skal hafa yfirlit yfir þær rannsóknir á sviði barnaverndarmála sem unnið er að hér á landi og verkefni sem unnin eru erlendis og Íslendingar taka þátt í. Barnaverndarstofa skal eftir því sem unnt er safna upplýsingum um erlendar rannsóknir á sviði barnaverndar. Í samræmi við ofangreint vann Barnaverndarstofa að eftirfarandi rannsóknum á árinu:

Á árinu 2005 lauk framkvæmd norrænnar samanburðarrannsóknar á barnaverndarstarfi. Rannsókn þessi hófst árið 2001 að frumkvæði norsku rannsóknarstofnunarinnar NOVA. Umsjónarmaður hennar var Turid Grinde, sem hefur áður komið að rannsóknum á barnaverndarstarfi á Norðurlöndum og m.a. unnið að könnun á beitingu þvingunarúrræða í barnavernd. Anni G. Haugen starfsmaður Barnaverndarstofu sá um íslenska rannsóknarhlutann sem gefin var út árið 2005. Hægt er að nálgast skýrsluna á Barnaverndarstofu eða í Bóksölu stúdenta. Rannsóknin byggðist á fimm tilbúnum málum (dæmisögum) sem starfsmenn á fimm stöðum á landinu fjölluðu um. Fjögur málanna voru í þremur þáttum, þannig að vandinn var minnstur í fyrsta hlutanum en fór svo stigvaxandi. Málin voru öll dæmigerð barnaverndarmál þar sem reyndi á greiningu og mat starfsmanna. Þá var rætt við formenn þessara fimm nefnda og þeir spurðir út í skipulag starfsins og hvernig ákvörðunarferlið væri. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru eftirfarandi:

1. *Áhersla er lögð á að börnin fari af heimilinu þegar vandinn vex eða er orðinn langvarandi.*
   Tillögur um að börn fái stuðning utan heimilis koma þegar börnin eru orðin eldri og vandinn meiri og langvarandi. Helstu rökin fyrir því að börnin eigi að fara af heimili sínu eru: stuðningur sem veittur hefur verið hefur ekki skilað árangri, foreldrar ráða ekki við vandann og börnin þurfa að komast í annað umhverfi og kynnast öðrum aðstæðum. Þegar verið er að fjalla um yngri börnin er hugmyndin að þau fari í fóstur en hins vegar er oftar lagt til að eldri börn fari á stofnun.
2. *Mismunandi mat starfsmanna á þörf fyrir vistun.*
   Mat starfsmanna á því hvort rétt sé að leggja til vistun utan heimilis er mismunandi, einnig innan sömu skrifstofu. Dæmi um það er að einn

starfsmaður leggur höfuðáherslu á að styðja barnið heima á meðan annar telur rétt að barnið fari í fóstur eða á meðferðarheimili.

3. *Starfið miðar að foreldrunum.*
   Í umræðum um málin er meginákhersla lögð á foreldrana og þeirra vandamál. Stuðningsúrræðin sem lögð er áhersla á virðast að nokkru ráðast af því hvort foreldrar njóti samúðar starfsmanna án þess að ákveðið mat á getu og hæfni foreldris til að sinna uppeldishlutverkinu liggi fyrir.
4. *Trú á úrræðum barnaverndar.*
   Starfsmenn hafa almennt trú á þau úrræði sem barnaverndarnefnd hefur yfir að ráða og telja að aðkoma barnaverndar geti stuðlað að jákvæðum breytingum fyrir barnið. Ekki kemur fram hvort starfsmenn byggi þessa trú sína á niðurstöðum rannsókna eða hvort þeir gangi fyrst og fremst út frá reynslu og þeirri von að stuðningurinn muni skila árangri.
5. *Áhersla á samvinnu.*
   Mikil og almenn trú er á því að samvinna muni nást við foreldra um þau úrræði sem nauðsynleg eru talin og starfsmenn telja mikilvægt að eyða miklum tíma og vinnu í að ná þessari samvinnu. Þannig virðist öll hugsun um þvingun vera fjarlæg.
6. *Ólíkt skipulag barnaverndarmála.*
   Það ólíka skipulag sem ríkir í sveitarfélögum á skipulagi barnaverndarmála þýðir að verklag barnaverndarmála verður mismunandi. Aðkoma barnaverndarnefnda að fjárlagagerð og uppbyggingu úrræða í málaflokknum er oftast mjög lítil.

Á árinu 2004 var gefin út rannsókn um reynslu ungs fólks af varanlegu fóstri sem samið var um á árinu 2001. Guðrún Kristinsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, tók að sér framkvæmd rannsóknarinnar sem ber heitið „Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en... Um reynslu ungs fólks af fóstri“. Rannsóknin náði til 16 einstaklinga á aldrinum 17-29 ára. Lífssögur voru notaðar til að skoða reynslu einstaklinga og koma röddum þeirra á framfæri. Beitt var kenningum um að innri og ytri skilyrði samtvinnist í eina heild í lífi mannsins. Athygli var beint að styrk og bjargráðum ekki síður en vanda og er þá vísað til hæfni til að ráða framúr erfiðum aðstæðum, þrátt fyrir mótlæti. Skipta mátti einstaklingunum í þrjá hópa hvað núverandi líf og líðan snerti. Hugtökin seig, óörugg og rótlaus lýstu einkennum hvers hóps. Þeir seigu höfðu bestu útkomu, bjuggu við bestu aðstæðurnar, stunduðu öll nám eða vinnu, voru heilsuhraust og tengdust sínum nákomnu vel. Hin óöruggu lifðu að flestu leyti reglubundnu og góðu lífi, bjuggu við góðar aðstæður, en töluverður brestur var í öryggis-

tilfinningu og neysla áfengis hafði valdið þeim og nærstöddum áhyggjum. Meðal hinna rótlausu höfðu ýmis innbyrðis ólík atriði hindrað jákvæða aðlögun og traust tengsl við fósturforeldra og lífshættir þeirra báru vott um skort á staðfestu. Hægt er að nálgast skýrslu um rannsóknina á Barnaverndarstofu og í Bóksölu stúdenta.

Á árunum 2004 og 2005 var áfram unnið að rannsókn á framburði barna í rannsóknarviðtali í tengslum við Barnahús, sem samið var um árið 2002. Rannsóknin er framhaldsrannsókn á BA-verkefni Jóhönnu Kristínar Jónsdóttur og Þorbjargar Sveinsdóttur sem ber heitið „Börn og kynferðisbrot: Framburður barns í rannsóknarviðtali, orðalag ákæru og lyktir máls“. Sú rannsókn var einnig unnin í samvinnu við Barnaverndarstofu og Barnahús vorið 2001. Framhaldsrannsóknin er unnin af þeim Jóhönnu og Þorbjörgu ásamt dr. Jóni Friðriki Sigurðssyni sálfræðingi og prófessor Gísla Guðjónssyni réttarsálfræðingi. Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði og eru áætluð lok haust 2006.

Á árinu 2004 var í samvinnu við „Rannsóknir og greiningu“ lagður fyrir alla framhaldsskólanema á Íslandi spurningarlisti sem var hluti Íslands í rannsókn á vegum Eystrasaltssamstarfsins „Children at Risk“ undir heitinu: „Adolescents’ attitudes toward sexuality and sexual abuse – a comparative European regional study“ en nánar er fjallað um samstarf Eystrasaltsríkjanna síðar í skýrslu þessari. Flest aðildarríkin taka þátt í þessari samanburðarrannsókn en tilgangur hennar er að varpa ljósi á viðhorf ungmenna til kynlífs, þ.m.t. kynferðisofbeldis, kláms og sölu kynlífs. Gert er ráð fyrir að skýrsla um heildarniðurstöður liggi fyrir árið 2006.

Í október 2004 lauk Kristín Berta Guðnadóttir BA-ritgerð í félagsráðgjöf sem unnin var í samvinnu við Barnaverndarstofu. Í ritgerðinni var leitast við að varpa ljósi á upplifun unglinga og forsjáraðila þeirra á eftirfylgni eftir meðferð á langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Bornar voru saman tillögur sem meðferðaraðilar gera fyrir þá unglinga sem útskrifast og áætlanir sem barnaverndarstarfsmenn gera af sama tilefni. Þá var skoðað í hverju þessar tillögur fólust. Helstu niðurstöður sýndu að bæði unglingar og forsjáraðilar þeirra vilja fá meira og betra aðhald en þeir fengu í raun. Fram kemur einnig nauðsyn þess að vinna með allri fjölskyldunni svo árangur meðferðar nýtist sem best. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að koma upp markvissri eftirmeðferð hér á landi og tryggja að allir sem hverfa úr umsjá barnaverndar sitji við sama borð. Niðurstöður erlendra rannsókna styðja þetta og sýna að börn sem hafa verið í umsjá barnaverndaryfirvalda eiga fremur á hættu að lenda undir fátæktarmörkum síðar, en einnig að þessi hópur er í meiri hættu hvað varðar tilraunir til sjálfsvíga.

Árið 1999 hófst vinna við umfangsmikla rannsókn á vegum Barnaverndarstofu á kynferðisbrotum gegn börnum. Rannsóknin varðar málsmeðferð barnaverndarnefnda, lögreglu og ríkissaksóknara á meintum kynferðisafbrotum og niðurstöðu dómstóla þar að lútandi síðustu þrjú árin fyrir tíð Barnahúss. Fyrirhugað er að rannsaka sömu þætti m.t.t. reynslunnar af starfsemi Barnahúss frá upphafi starfseminnar 1998 m.a. í því skyni að leiða í ljós hvaða áhrif starfsemi hússins hefur haft á vinnslu þessara mála. Samhliða verði gert árangursmat af þjónustu Barnahúss. Stefnt er að því að niðurstöður rannsóknarinnar verði birtar á árinu 2007. Vert er að taka það fram að Barnaverndarstofa tók saman upplýsingar um umfang og afdrif mála er varða meint kynferðisbrot gegn börnum í barnavernd og réttarvörslukerfinu síðastliðinn áratug. Samantektin leiðir í ljós að þrátt fyrir því sem næst tvöföldun á málafjölda hefur sakfellingum ekki fjölgað. Upplýsingarnar byggjast annars vegar á fyrrgreindri rannsókn á vegum stofunnar fyrir árin 1995 til 1997 og hins vegar á gögnum frá Barnahúsi, dómstóларáði og ríkissaksóknara fyrir árin 2002 til 2004 (sjá *töflu 1.7.1*).

**Tafla 1.7.1. Kynferðisbrot gegn börnum.**
**Umfang mála í barnaverndar- og réttarvörslukerfinu 1995-2004.**

| | Rannsókn Barnaverndarstofu 1995-1997 | | | Samantekt 2002-2004 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heildarfjöldi mála | Meðalfjöldi pr.ár | Prósenta | Heildarfjöldi mála | Meðalfjöldi pr.ár | Prósenta |
| Heildarfjöldi mála (könnun bvn) | 369 | 123 (94)[1] | 100,0 | 668 | 222 | 100,0 |
| Skýrslutökur/lögreglurannsókn | 170 | 57 | 46,3 | 291 | 97 | 43,7 |
| Mál sem berast ríkissaksóknara | 146 | 49 | 39,8 | 155 | 52 | 23,4 |
| Felld niður | 95 | 32 | 26,0 | 86 | 29 | 13,1 |
| Ákærur | 51 | 17 | 13,8 | 69 | 23 | 10,4 |
| Sakfellingar í héraðsdómi | 49 | 16 | 13,0 | 52 | 17 | 7,7 |

[1] Í könnun Barnaverndarstofu vegna áranna 1995-1997 kom í ljós að heildarfjöldi mála var að meðaltali 123 á ári. Barnaverndarnefndir höfðu hins vegar einungis 94 mál til meðferðar að meðaltali á ári en þá voru nokkur brögð á því að mál voru til rannsóknar í réttarvörslukerfinu án vitneskju barnaverndarnefnda.

Gera verður þann fyrirvara að sú tölfræði sem hér er borin saman er ekki fullkomlega sambærileg. Annars vegar er um að ræða rannsóknarniðurstöður fyrir tímabilið 1995-1997 en hins vegar tölulegar upplýsingar frá hlutaðeigandi stofnunum 2002-2004. Engu að síður ætti þessi fyrirvari ekki að skipta máli í þeirri heildarmynd sem við blasir. Enda þótt meðfylgjandi tölur kunni ekki að vera fullkomlega samanburðarhæfar í einstökum atriðum vegna mismunandi aðferða við gagnaöflun, gefa þær engu að síður góða mynd af þeirri þróun sem

verið hefur. Athyglisvert er að á þessum áratug hafa mál sem hljóta meðferð hjá barnaverndaryfirvöldum vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni u.þ.b. tvöfaldast. Þrátt fyrir þetta hefur ekki átt sér stað nein fjölgun sakfellinga en fjöldi þeirra er nánast sá sami að meðaltali á tímabilinu. Það er mat Barnaverndarstofu að þessar upplýsingar kalli á endurmat á gildandi lagasetningum um meðferð þessara mála, einkum m.t.t. þeirra breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem gildi tóku vorið 1999. Barnaverndarstofa hefur nú þegar leitað eftir því við fulltrúa réttarvörslukerfisins og barnaverndarnefnda að þeir sameiginlega yfirfari framkvæmd þessara mála.

## 1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf

Eitt af verkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar er að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna og fjölskyldna þeirra auk menntastofnana þar sem nám á sviði barnaverndar fer fram. Á árinu 2004 var gefin út ársskýrsla með tölulegum upplýsingum um barnavernd. Var þetta fjórða ársskýrsla Barnaverndarstofu. Auk þess voru gefnar út tvær skýrslur í ritröð stofunnar. Annars vegar var um að ræða rannsóknina „Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn“ eftir Anni G. Haugen, eins og greint var frá í kaflanum á undan. Hins vegar var gefin út rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur „Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en…um reynslu ungs fólks af fóstri“. Barnaverndarstofa gerði samning við Guðrúnu um að taka að sér rannsókn á högum fósturbarna. Lögð var áhersla á að skoða hagi barna sem voru í varanlegu fóstri. Hægt er að nálgast þessar tvær rannsóknir á Barnaverndarstofu og í Bóksölu stúdenta.

*Heimasíða*

Til að sinna upplýsinga- og fræðsluhlutverki gagnvart almenningi, námsmönnum og starfsmönnum barnaverndarnefnda var heimasíða Barnaverndarstofu sett upp og opnuð á fimm ára afmælisdegi stofunnar, hinn 1. júní 2000. Slóð heimasíðunnar er www.bvs.is. Heimasíðan fékk nýtt útlit og var verulega endurbætt á árinu 2002. Á heimasíðunni má finna upplýsingar um hlutverk Barnaverndarstofu, starfsmenn stofunnar, lög og reglugerðir sem

starfað er eftir, yfirlit yfir fræðslu- og ráðgjafarverkefni og fósturmál. Þar er einnig að finna lista yfir allar barnaverndarnefndir landsins með nöfnum nefndarmanna og félagsmálastjóra þar sem það á við. Upplýsingar eru um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla og sjö langtímameðferðarheimili sem rekin eru af einkaaðilum á vegum Barnaverndarstofu. Upplýsingar um starfsemi Barnahúss koma fram og fréttasíða þar sem greint er frá málstofum sem haldnar eru á Barnaverndarstofu, námskeiðum, ráðstefnum og öðru sem telst fréttnæmt. Loks má nefna að almenningur getur beint fyrirspurnum til starfsmanna Barnaverndarstofu.

*Myndfundabúnaður*

Barnaverndarstofa keypti á árinu 2003 myndfundabúnað sem komið var fyrir í fundarsal stofunnar í Borgartúni 21. Með því voru samskipti við barnaverndarnefndir og aðra samstarfsaðila stofunnar úti á landi auðvelduð verulega. Stefnt var að því í upphafi að taka upp allar málstofur og vonast er til að fræðslustarf muni í framtíðinni að verulegu leyti færast í þennan farveg. Á árinu 2005 var byrjað á því að setja upptökur af málstofum á heimasíðu Barnaverndarstofu. Þannig gafst fólki sem ekki komst á málstofurnar kostur á að fylgjast með því sem þar fór fram. Einnig mun þessi myndfundabúnaður gagnast stofunni vel í erlendu samstarfi sem er sífellt að aukast.

*Starfsmannahandbók og stefnumarkandi áætlun*

Á árinu 2005 gaf Barnaverndarstofa út starfsmannahandbók og stefnumarkandi áætlun stofunnar (sjá nánar í *kafla 1.1* og í *viðauka III* og *IV*). Í starfsmannahandbókinni er m.a. að finna starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu Barnaverndarstofu. Auk þess er fjallað um helstu þætti er lúta að starfsmannamálum svo sem skipulag, starfslýsingar og ráðningar. Stefnumarkandi áætlunin var gerð fyrir árin 2005-2008 í samræmi við reglur um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana. Áætlunin endurspeglar megináherslur í starfsemi stofunnar á komandi árum.

*Handbók barnaverndarnefnda*

Barnaverndarstofa gefur út handbók fyrir barnaverndarnefndir sem ætluð er fagfólki og nefndarmönnum. Í handbókinni eru kynntar reglur og starfsaðferðir sem gilda um barnaverndarstarf, stofnanir barnaverndaryfirvalda, málsmeðferð, fósturráðstafanir og fleiri atriði. Handbókinni er ennfremur ætlað að leiðbeina um vinnslu barnaverndarmála. Hún er uppfærð reglulega svo sem þegar breytingar verða á löggjöf eða skipulagi. Allar starfandi barna-

verndarnefndir hafa handbókina undir höndum en hún er einnig aðgengileg á heimasíðu Barnaverndarstofu. Á árinu 2005 var unnið að endurnýjun á bókinni og gert er ráð fyrir því að hún verði tilbúin í byrjun árs 2006.

*Bókasafn*

Bækur, tímarit, myndbönd, hljóðsnældur og annað útgefið efni í eigu Barnaverndarstofu er tölvuskráð í sérstakt bókasafnsforrit og er bókasafnið einkum ætlað starfsmönnum og samstarfsmönnum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að kaupa vandað og fjölbreytt efni á sem flestum sviðum barnaverndarmála. Á árinu 2004 og 2005 voru ný aðföng í safnið aðallega á sviði ofbeldis gegn börnum, einkum og sér í lagi kynferðisofbeldis, svo og andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Í bókasafninu eru nú um 2.100 rit.

Auk bóka hefur verið byggður upp safnkostur innlendra og erlendra tímarita á sviði barnaverndarmála. Stofunni berst fjöldi ársrita og ársskýrslna stofnana sem vinna að velferðarmálum. Barnaverndarstofa kaupir einnig reglulega sérunnið fjölmiðlaefni um barnavernd.

*Skjalastjórnun*

Á árinu 2002 samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands skjalaáætlun fyrir Barnaverndarstofu og Barnahús. Vinnan hófst með skjalaúttekt en markmið hennar var að skýra þörfina fyrir innleiðingu skjalastjórnunar og málakerfis sem og að gera verkáætlun um skjalastjórnun á Barnaverndarstofu og í Barnahúsi. Gerðar voru verklagsreglur sem var ætlað að tryggja að meðferð, skráning og afgreiðsla erinda sé í samræmi við stjórnsýslu- og upplýsingalög og lög um persónuvernd. Þessum reglum hefur verið fylgt eftir og hefur skjalavistun verið samræmd innan stofunnar.

*Málstofur*

Samstarf Barnaverndarstofu við Barnavernd Reykjavíkur og félagsráðgjöf í Háskóla Íslands um málstofur hélt áfram árið 2004 og 2005. Málstofur Barnaverndarstofu voru 11 á árinu 2004 og 7 á árinu 2005. Málstofurnar eru haldnar í hádeginu síðasta mánudag í hverjum mánuði yfir vetrarmánuðina. Þátttakendur voru fyrst og fremst frá höfuðborgarsvæðinu og var fjöldi þátttakenda í kringum 20 á hverri málstofu. Fyrirlesarar komu víða að, m.a. frá Háskóla Íslands, Stuðlum, Barnavernd Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands og Félagsþjónustunni í Reykjavík. Komið var upp myndfundabúnaði svo hægt væri að taka upp málstofurnar og gefa starfsmönnum utan að landi kleift að taka þátt í þeim.

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Barnaverndarstofu á árinu 2004:

- „ *Uppbyggingarstefnan*“
  Páll Ólafsson félagsráðgjafi í Hafnarfirði, haldin þann 23.02.2004

- „Lyfjagjafir og börn“
  Ólafur Guðmundsson yfirlæknir á Barna- og unglingageðdeild, haldin þann 29.03.2004

- „Um sálgreiningu fyrir börn“
  Guðrún Önfjörð sálfræðingur, haldin þann 14.04.2004

- „*Fjölmiðlar og barnavernd*“
  Róbert Marshall formaður blaðamannafélagsins, haldin þann 26.04.2004

- „*Norræn rannsókn í barnavernd* “
  Anni G. Haugen félagsráðgjafi Barnaverndarstofu, haldin þann 24.05.2004

- „*Áhættuþættir endurtekins misbrests í uppeldi barna*“
  Freydís J. Freysteinsdóttir, lektor Háskóla Íslands, haldin þann 6.06.2004

- „*Kynferðisbrot – gerendur og fórnarlömb* “
  Olaf Risbjerg sálfræðingur í Svíþjóð, haldin þann 11.06.2004

- „*Hvað virkar í meðferð og hvað ekki?*“
  Tore Andreassen sálfræðingur í Noregi, haldin þann 12.08.2004

- „*Reglugerðir nr. 56/2004 um málsmeðferð og nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga*“
  Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur Barnaverndarstofu, haldin þann 27.09.2004

- „*Reglugerð nr. 804/2004 um fóstur*“
  Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur Barnaverndarstofu, haldin þann 25.10.2004

- *„Foster Pride á Íslandi“*
  Hildur Sveinsdóttir félagsráðgjafi Barnaverndarstofu og Soffía Ellertsdóttir leiðbeinandi, haldin þann 29.11.2004

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á Barnaverndarstofu árið 2005:

- *„Fjölskyldusamráð – vinnuaðferð í barnaverndarmálum“*
  Dr. Freydís J. Freysteinsdóttir lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, haldin þann 31.01.2005

- *„Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 1-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi“*
  Halldór S. Guðmundsson félagsráðgjafi, haldin þann 28.02.2005

- *„Skilgreining á hugtakinu barnaverndarmál“*
  Dr. Guðrún Kristinsdóttir prófessor við Kennaraháskóla Íslands, haldin þann 25.04.2005

- *„Tilkynningafundir, ný nálgun við könnun barnaverndarmála“*
  Guðrún Frímannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldóra Gunnarsdóttir félagsráðgjafi hjá Barnavernd Reykjavíkur, haldin þann 26.09.2005

- *„Hvað er barni fyrir bestu – úttekt á samstarfi Leikskóla Reykjavíkur og barnaverndar í Reykjavík“*
  Anna María Jónsdóttir félagsráðgjafi, haldin þann 31.10.2005

- *„Hvers konar mál flokkast undir barnaverndarmál“*
  Dr. Freydís J. Freysteinsdóttir lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, haldin þann 28.11.2005

- *„Framburður barna fyrir dómi vegna meints kynferðisofbeldis“*
  Dr. Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, Þorbjörg Sveinsdóttir og Jóhanna K. Jónsdóttir, haldin þann 12.12.2005

*Ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar*

***2004***

Barnaverndarstofa hélt ráðstefnu um fósturmál þann 23. janúar 2004 á Grand Hótel. Meðal fyrirlesara voru Guðrún Kristinsdóttir sem kynnti nýja rannsókn sína um börn í varanlegu fóstri og Þóra Ásgeirsdóttir sem kynnti rannsókn sem Gallup gerði fyrir Barnaverndarstofu um viðhorf fósturbarna. Auk þess sagði Steinhildur Sigurðardóttir félagsráðgjafi frá könnun um umgengni barna í varanlegu fóstri við kynforeldra. Hildur Sveinsdóttir félagsráðgjafi Barnaverndarstofu kynnti auk þess Foster Pride kennsluefni fyrir fósturforeldra. Að lokum sögðu fósturforeldrar frá reynslu sinni. Ráðstefnan var vel sótt.

Þann 12. ágúst 2004 hélt norski sálfræðingurinn Tore Andreassen fyrirlestur á Barnaverndarstofu um „Meðferð fyrir unglinga á stofnunum – hvað segja rannsóknir“. Tore Andreassen hefur unnið í barnaverndarmálum og á meðferðarstofnunum fyrir börn í áraraðir. Að undanförnu hefur hann aðallega unnið að greiningum á börnum í vanda auk þess sem hann hefur átt sæti sem sérfræðingur í „fylkisnefndum“, en þær nefndir hafa m.a. það hlutverk að taka þvingunarákvarðanir í barnaverndarmálum, t.d. um að barn eigi að vistast á stofnun gegn vilja sínum og/eða foreldra. Tore fjallaði um skýrslu sem hann ritstýrði (Behandling av ungdom i institusjonar Hva sier forskningen?) sem gerð var af Norðmönnum og Svíum þar sem skoðaðar voru niðurstöður mikils fjölda rannsókna, bæði alþjóðlegar og frá Norðurlöndum, um árangur af meðferð fyrir unglinga á stofnunum. Skýrslan var fjármögnuð af barna- og fjölskylduráðinu í Noregi, stjórn þeirra sem fóru með málefni meðferðarstofnana í Noregi (Statens institusjonsstyrelse) og sænskri rannsóknarstofnun (Centrum för utvärdering av socialt arbete). Fjallaði Tore um það hvað það er sem virkar í meðferð, hvað það er sem ekki virkar, hvað beri að varast og hvert beri að stefna í meðferðarmálum fyrir unglinga. Auk þess er Tore í forsvari fyrir tilraunaverkefni um „fyrirmyndarstofnun“ þar sem tekið er tillit til niðurstöðunnar í fyrrnefndri skýrslu. Sagði hann frá þeim undirbúningi sem hefur staðið yfir við undirbúning á þessari „fyrirmyndarstofnun“.

Þann 16. og 17. september 2004 stóð Barnaverndarstofa ásamt Þroskaþjálfafélagi Íslands og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrir námskeiði um aðferðir Agression Replacement Training. Námskeiðið var haldið á Grand Hótel. Aðalleiðbeinandi námskeiðsins var Luke Moynahan sálfæðingur á Glenne Senter í Vestfold fylki í Noregi sem er þekkingarsetur fyrir einhverfu og skylda þroskaröskun. Agression Replacement Training er vel ígrunduð og árangursrík aðferð til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki,

t.d. þeim sem greinst hafa með þroska- og atferlisröskun, þ.á.m. af völdum ofvirkni. Frá því að ART var kynnt fyrir u.þ.b. 15 árum hefur prófessor Arnold P. Goldstein og samstarfsmenn hans við Háskólann í Syracuse í Bandaríkjunum staðið fyrir þróun aðferðarinnar. ART hefur náð útbreiðslu víða í Bandaríkjunum sem og í fleiri löndum svo sem Svíþjóð, Noregi og á Bretlandi. ART þjálfun byggir á þremur grunnatriðum; félagsfærniþjálfun (Skillstreaming), sjálfsstjórnarþjálfun (Anger Control Training), þjálfun í félagslegri aðlögun og siðgæði (Moral Reasoning Training). Á ráðstefnuna komu um 120 manns.

Barnaverndarstofa styrkti auk þess námskeið og kennslu í „fjölskyldusamráði", nýrri aðferð í barnaverndarmálum. Námskeiðið var haldið dagana 20.-23. september 2004 í Gerðubergi. Fjölskyldusamráð (family group conferences) er ákveðin vinnuaðferð í barnaverndarmálum og á uppruna sinn á Nýja- Sjálandi og hefur verið notuð í Bandaríkjunum, á Norðurlöndunum og víðar um nokkurt skeið. Aðferðin byggist á því að leita lausna fyrir barnið innan fjölskyldunnar með aðstoð fagaðila í stað þess að vista barn utan heimilis. Fjölskyldan er gerð ábyrg fyrir lausn vandans og leitað er að styrk innan stórfjölskyldunnar/nærumhverfisins. Reynsla þeirra sem lært hafa þessa aðferð og nota hana er, að með því að sameina krafta stórfjölskyldunnar styrkist staða barnsins og lausnir sem finnast henta þörfum þess fyrir umönnun og öryggi. Í starfsáætlun Félagsþjónustunnar í Reykjavík árið 2004 var það sett að markmiði að þróa fjölskyldusamráð sem vinnuaðferð hér á landi. Sótt hefur verið um fjármagn til norrænu ráðherranefndarinnar til áframhaldandi þróunar og rannsókna þessa úrræðis á Norðurlöndunum og á Ísland aðild að umsókninni. Skipaður var stýrihópur verkefnisins hérlendis með fulltrúum Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Barnaverndarstofu og Háskóla Íslands. Freydís Freysteinsdóttir lektor í félagsráðgjöf stýrir rannsóknarverkefninu fyrir Íslands hönd. Til þess að kenna þessa vinnuaðferð komu Mats Erkers og Eva Näslund frá Svíþjóð en þau hafa bæði mikla reynslu af kennslu á þessu sviði.

Barnaverndarstofu ber að veita starfsfólki meðferðarheimila fræðslu og eru ákvæði þar að lútandi að finna m.a. í þjónustusamningum vegna einkarekinna meðferðarheimila. Á starfsdögum meðferðarheimilanna í október hélt Kristján Kristjánsson heimspekingur við Háskólann á Akureyri fyrirlestur um þjóðfélagslegar breytingar síðustu áratugi frá sjónarhóli barna. Yfirsálfræðingur Stuðla kynnti innihald og hugmyndafræði ART – meðferðarinnar. Um er að ræða aðferðir til að ná tökum á reiði. Ráðgjafi Barnaverndarstofu hélt erindi um niðurstöður rannsókna og framtíðarsýn í stofnanameðferð fyrir börn. Erindi þetta var einnig haldið sérstaklega fyrir starfsmenn Stuðla. Auk þess efndi Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana (FÍUM) til ráðstefnu í Borg-

arnesi undir yfirskriftinni „Hvað gerir meðferð að meðferð – getur meðferð verið verri en engin meðferð?“. Ráðstefnan var vel sótt bæði af starfsmönnum meðferðarheimila og af öðrum fagmönnum og áhugamönnum.

***2005***

Haldin var ráðstefna um geðraskanir og hegðunarvanda barna þann 3.- 4. febrúar 2005. Ráðstefnan var á vegum Barnaverndarstofu, barna- og unglingageðdeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss, Miðstöðvar heilsuverndar barna og Landlæknisembættisins. Meðal fyrirlesara fyrri daginn voru Kristján M. Magnússon sálfræðingur sem kynnti skýrslu sína um samþættingu þjónustu í málefnum barna og unglinga með hegðunarvanda og geðraskanir og Lars Hammer barna- og unglingageðlæknir í Noregi sem sagði frá þjónustu við börn og unglinga með hegðunarvanda og geðraskanir í Noregi. Auk þess kynnti Ólafur Ó. Guðmundsson barna- og unglingageðlæknir forrannsókn sína á geðheilsu og þroska 5 ára barna og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir hjúkrunarfræðingur sagði frá hlutverki skólaheilsugæslu í þjónustu við börn með hegðunarvanda og geðraskanir. Erna Björg Hjaltadóttir sérkennari sagði frá sérþörfum þessara nemenda í skóla án aðgreiningar og Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur fjallaði um sérfræðiþjónustu skóla. Síðari ráðstefnudaginn fjallaði Tore Andreassen sálfræðingur í Noregi frá því hvað virkar í meðferð hegðunarvanda og hvað ekki, auk þess sem Poul Nissen sálfræðingur í Danmörku fór einnig yfir hvað virkar í meðferð og hvort kenningar séu nýttar til að móta meðferð barna með hegðunarvanda og geðraskanir. Á ráðstefnunni flutti forstjóri Barnaverndarstofu erindi um framtíðarsýn Barnaverndarstofu í málefnum þessa hóps. Ráðstefnuna sóttu rúmlega 250 manns.

Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið leitað leiða til að efla og auka á fjölbreytni meðferðarúrræða fyrir börn og unglinga sem eiga við hegðunarraskanir að stríða, sýna andfélagslega hegðun, afbrotahegðun og ástunda neyslu vímuefna. Á síðari árum hefur svonefnd MST meðferð rutt sér mjög braut í Bandaríkjunum og víðar með mjög góðum árangri. T.d. hafa Norðmenn innleitt þessa meðferðaraðferð á landsvísu undanfarin sjö ár en Svíar og Danir hafa nú fylgt í kjölfarið. Barnaverndarstofa kannar nú möguleika á að hrinda þessari meðferðarstefnu í framkvæmd hérlendis. MST-Multisystemic Treatment eða fjölþáttameðferð er hnitmiðuð meðferð, sem beinist að gervöllu félagslegu umhverfi barns/unglings, fjölskyldu, vinahóp, skóla, tómstundum o.s.frv. Aðferðin byggir á þekktum félagsmótunarkenningum og viðfangsefnið er að vinna gegn þeim áhættuþáttum sem valda og viðhalda óæskilegri hegðun. Meðferðin er valkostur við stofnanameðferð, ekki er um það að ræða

að barn sé tekið af heimili heldur er þvert á móti talið mikilvægt að barn dvelji á eigin heimili á meðan íhlutun fer fram. Fjölskyldan hefur aðgang að meðferðaraðila allan sólarhringinn og alla daga vikunnar, ef því er til að skipta. Framkvæmdin byggir að verulegu leyti á samstarfi við skóla barnsins, en jafnframt er mikilvægt að aðrir aðilar svo sem heilsugæsla og lögregla styðji við framkvæmdina. Undanfarin ár hefur þessari fjölþáttameðferð verið beitt við margvíslegum vanda öðrum en meðferðinni var upphaflega ætlað að mæta, t.d. hegðunarerfiðleikum sem rekja má til geðraskana, uppeldisvenjum foreldra sem hafa vanrækt börn sín eða beitt þau harðræði osfrv.

Barnaverndarstofa efndi til ráðstefnu um MST meðferðina hinn 12. maí 2005. Aðalfyrirlesari var dr. Scott Henggeler, sem er forvígismaður MST kerfisins, en með honum komu nokkrir samverkamenn við Læknaháskólann í Suður Karólínufylki sem þróað hafa þessa meðferð, ásamt Terje Ogden prófessor við Oslóarháskóla sem hefur haft með höndum árangursmat á innleiðingu MST í Noregi undanfarin ár. Á ráðstefnunni var m.a. gerð grein fyrir fræðilegum grunni meðferðarinnar, framkvæmd hennar í Bandaríkjunum og Noregi og þeim árangri sem náðst hefur. Þátttaka á ráðstefnunni var mjög góð eða vel á annað hundrað manns. Í tengslum við heimsókn þessara erlendu sérfræðinga var efnt til samráðsfundar með fulltrúum stærstu barnaverndarnefndanna þar sem kannaður var áhugi þeirra á að innleiða MST meðferðina hérlendis. Í ljós kom mikill áhugi á því að auka fjölbreytni meðferðarúrræða með þessum hætti. Í kjölfarið sendi Barnaverndarstofa formlegt erindi til félagsmálaráðherra þar sem óskað var eftir heimild til að hrinda verkefninu af stað. Í lok árs 2005 hafði félagsmálaráðuneytið ekki tekið afstöðu til málsins.

Þann 10. nóvember 2005 hélt Barnaverndarstofa fræðsludag fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda um meðferðarheimili. Rætt var um helstu hlutverk Barnaverndarstofu, hugmyndafræði meðferðarheimilanna, réttindi barna á stofnunum og hver reynslan sé af stofnanadvölum barna. Fjallað um hlutverk Stuðla og farið var yfir eftirfarandi atriði: aðdraganda þess að barn fer á meðferðarheimili; umsóknir og undirbúning; meðferð upplýsinga; niðurstöðu greiningar og notkun upplýsinga; undirbúning að útskrift og hvað gerist eftir að barn fer heim. Að lokum var fjallað um meðferðarheimilin og farið yfir eftirfarandi atriði: kynningu á hverju heimili, sérstöðu þess, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi skólamála; umsóknir á meðferðarheimilin; samstarf meðferðarheimila og barnaverndar á meðan barnið er á meðferðarheimili; hvers vegna samráðsfundir; hlutverk foreldra á meðan barn dvelur á meðferðarheimili; samstarf foreldra og barnaverndar; undirbúning útskriftar og hvað tekur við þegar barn útskrifast.

Þann 22. nóvember 2005 hélt Barnaverndarstofa fræðsludag fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda um kynferðisofbeldi. Farið var yfir helstu hlutverk Barnaverndarstofu, hugmyndafræði Barnahúss og undirbúning að stofnun þess. Farið var yfir hverjir koma að vinnslu mála í Barnahúsi og hver reynslan sé af starfi Barnahúss. Auk þess var farið yfir eftirfarandi atriði: hvernig bregðast eigi við þegar grunur vaknar um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi; hvernig er umsókn undirbúin og hvað þarf að fylgja umsókn; hvernig vinnur Barnahús; skýrslutöku fyrir dómi; könnunarviðtal; sérhæfða greiningu; læknisskoðun; meðferð og ráðgjöf og fræðsla.

Þann 3. desember 2005 stóð Barnaverndarstofa fyrir starfsdegi með félagsmálastjórum og framkvæmdastjórum barnaverndarnefnda. Markmið með þessum fundi var að fjalla um málaflokkinn og þau verkefni sem staðið er frammi fyrir. Á starfsdeginu flutti forstjóri stofunnar erindi um stefnumarkandi áætlun Barnaverndarstofu 2005 – 2008. Niðurstaða dagsins var sú að huga þyrfti betur að eftirfarandi atriðum:

1. Starfsálag þeirra sem vinna í barnavernd er mikið. Til að auka skilning á málaflokknum og fá fleira fólk til starfa þarf að huga að því hvernig unnt verði að lyfta barnaverndarmálunum upp í samfélaginu og gera barnaverndarvinnuna sýnilegri. Í því sambandi er nauðsynlegt að fleiri barnaverndarstarfsmenn tjái sig í fjölmiðlum um starfið, verkefnin og úrræðin.
2. Úrræðaleysi var fundarmönnum ofarlega í huga. Meðferðarheimilin sem rekin eru anna eftirspurn í dag, en skortur er á stuðningi og úrræðum í því umhverfi sem börnin búa. Barnaverndarstofa stefnir að því að koma á fót MST hér á landi, en eins og er hefur ekki fengist fjármagn til verkefnisins. Fósturmálin eru að hluta samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Fyrir tæpum tveimur árum byrjaði Barnaverndarstofa að þjálfa og mennta fósturforeldra samkvæmt PRIDE-kerfinu og stefnir að því að geta tekið í notkun framhaldsnám í sama kerfi.
3. Líkamlegt ofbeldi barna hefur fengið of litla athygli hjá barnaverndarstarfsmönnum og líklega er samfélagið allt í ákveðinni afneitun varðandi það. Því þarf að auka meðvitund um líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Fyrir nokkrum árum síðan bauð Barnaverndarstofa bandarískum barnalækni, John Stirling, til landsins og var hann aðalfyrirlesari á ráðstefnu um þetta efni. Spurning er hvort ekki sé tímabært að bjóða honum aftur til landsins.

Alls tóku um 40 manns þátt í starfsdeginum, sem heppnaðist mjög vel. Var ákveðið að gera svona starfsdag að árlegum viðburði.

Þann 6. desember 2005 hélt Barnaverndarstofa fræðsludag fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda um fósturmál. Rætt var um helstu hlutverk Barnaverndarstofu auk þess sem fjallað var um Foster Pride sem er þjálfun og mat á hæfni fólks til að taka barn í fóstur. Fjallað var um hugmyndafræðina og skilgreind voru helstu hugtök. Farið var yfir eftirfarandi atriði varðandi fóstur: undirbúning barns fyrir fóstur; undirbúning kynforeldra fyrir að barn fari í fóstur; undirbúning vegna skólagöngu barns; undirbúning vegna mögulegs stuðnings sem barnið þarf á að halda í fóstri; samstarf fósturforeldra, barnaverndar og kynforeldra á meðan barn er í fóstri; umgengni barns við kynforeldra og mögulega aðra; undirbúning barns í tímabundnu og styrktu fóstri undir að snúa aftur heim; hvað gerist eftir að barn kemur úr tímabundnu og styrktu fóstri.

Á árunum 2004 og 2005 fór fram sérstök fræðsla á vegum Barnaverndarstofu um kynningu á barnaverndarstarfi á Íslandi. Fór slík fræðsla meðal annars fram í ýmsum menntastofnunum, m.a. fyrir nema við þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands, námsráðgjöf Háskóla Íslands, félagsráðgjöf Háskóla Íslands, sálfræðiskor Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands. Þá var sérstök fræðsla veitt mörgum starfsstéttum og faghópum. Til dæmis má nefna eftirfarandi: kynningu á úrræðum barnaverndarnefnda og ofbeldi gegn börnum og unglingum sem haldin var á Læknadögum, fræðslu fyrir starfsmenn barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu um stofnanadvalir barna, rannsóknir og framtíðina; kynningu á tilkynningaskyldu fyrir starfsmenn Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur og kynningu á barnavernd fyrir dagforeldra sem haldin var í Námsflokkum Reykjavíkur. Ítarleg kynning á starfi og hlutverki barnaverndaryfirvalda var haldin fyrir starfsmenn Brúarskóla og fyrir starfsmenn barna- og unglingageðdeildar Landspítala. Auk þess var skólahjúkrunarfræðingum kynnt hvenær og hvernig barnavernd kemur að málefnum barna í vanda og starfsfólki leikskóla og grunnskóla var kynnt skipulag og vinnulag barnaverndarmála. Þá var haldinn fyrirlestur á málþingi Félags íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana um skilgreiningar á árangursgefandi stofnanameðferð fyrir börn og nýjustu rannsóknir á sviðinu og framtíðarsýn. Í kjölfar útgáfu bókar Thelmu Ásdísardóttur, „Myndin af pabba", varð mikil umræða um viðbrögð samfélagsins við kynferðisbrotum gegn börnum og tóku starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss þátt í ýmsum fræðslufundum af því tilefni, t.d. í Hafnarfirði þar sem efnt var til stórfundar með starfsfólki skóla, heilbrigðis- og félagsþjónustu í nóvember 2005. Starfsmenn Barnahúss veittu einnig fræðslu á árunum 2004 og 2005. Forstöðumaður Barnahúss flutti m.a. fyrirlestur á námskeiði fyrir lögmenn til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmenn og hélt námskeið um starfsemi Barnahúss í réttarsálfræði Háskóla Ís-

lands. Auk þess hélt forstöðumaður fyrirlestur um Barnahús á Nordiska samarbetsorganet for handikappfrågor í Reykjavík. Uppeldis- og afbrotafræðingur hússins flutti auk þess kynningu á starfseminni fyrir starfsmenn Salaskóla og fyrir alla kennara í skólum Mosfellsbæjar.

Starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss tóku margsinnis þátt í fjölmiðlaumfjöllun á tímabilinu í ljósvakamiðlum sem og dagblöðum, í tengslum við fréttaflutning af ýmsum þáttum er varðar barnavernd svo og umræðuþáttum um málefni barna. Enda þótt Barnaverndarstofa geti ekki tjáð sig um einstaklingsmál er það stefna stofunnar að koma á framfæri almennum upplýsingum og fræðslu þegar tækifæri bjóðast í fjölmiðlaumræðu.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu eftirfarandi erindi á árinu 2004:

- Forstjóri Barnaverndarstofu hélt námskeið um undirbúning að stofnun barnahúss og grundvallarhugmyndir að baki starfseminnar að beiðni Lögregluumdæmisins á Skáni og Háskólans í Lundi, Svíþjóð, dagana 15. og 16. janúar.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt fyrirlestur um starfsemi hússins á ráðstefnu á Westmanska Palatset í Stokkhólmi „Sexualla övergrepp. Behandlings- och stödinsatser – Samtal och bemotande - Effektivare samarbete och samverkan“ dagana 29.-30. janúar 2004.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt fyrirlestur um starfsemi hússins í Stokkhólmi á ráðstefnunni „Spår av utsatthet“ Internationella Brottsofferdagen 2004, Norra Latin þann 20. febrúar 2004.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt fyrirlestur og stóð fyrir málstofu í Comwell í Danmörku á ráðstefnunni „Barn mellem mange systemer. En Konference om overgreb mod börn“ þann 24. febrúar 2004.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt fyrirlestur um starfsemi Barnahúss við Háskólann í Árhúsum þann 25. febrúar 2004.
- Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu hélt erindi um fósturmál á Íslandi á „Pride-ledar“ fundi í Gävle í Svíþjóð dagana 25.-27. febrúar 2004.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindi um réttindi barna á stofnunum á ráðstefnu WHO og Daphne verkefnaáætlunnar í Kaupmannahöfn dagana 18.-19. mars „Mapping the number and characteristics of children in institutions under three“.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt kynningu á starfsemi hússins fyrir NOVA (Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring) dagana 3. og 4. júní 2004.

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið: „Youth substance abuse and treatment in Iceland“ á norrænum fundi ráðherra félags- og heilbrigðismála, haldið á Ísafirði 10.-11. ágúst.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið: „Children in institution, prevention and alternative care“ í Herman Gmeiner Akademie,Insbruck, Austurríki, í tengslum við upphaf Evrópuverkefnisins Quality for Children dagana 8.-10. október.

- Á árinu 2005 fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu eftirfarandi erindi í tengslum við alþjóðlegt samstarf:

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið „Child protection in Iceland“ á stjórnarfundi NOFCA, norrænu fóstursamtakanna, sem haldið var í Reykjavík 12. mars.
- Forstjóri stofunnar hélt erindi um samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins um rétt barna á stofnunum, CoE REC (2005)5 á ráðstefnu WHO og Daphne verkefnisins í Aþenu 8. -9. apríl.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið „Under one roof, the Children´s House in Iceland“, á ráðstefnu Associated Country Women of the World, ACWW, haldið í Reykjavík, 18. maí.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið „New Visions on Parenting“ á fundi Evrópuráðsins CS-EF, haldinn 24. og 25. maí í Strasbourg.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið „Rights of children living in residential institutions, prevention and alternative care“ á alþjóðaráðstefnu Evrópuverkefnisins Quality for Children, haldið í Gemunden, Austurríki, 1.-4. júní.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið: „Towards the best interest of the child – the Children´s House“ að beiðni Unicef og Evrópuráðsins á ráðstefnunni „Yokohama Review for Europe and Central Asia“ sem haldin var í Ljubljana, 8.-9. júlí. Þá var forstjórinn skipaður einn af ráðstefnustjórum ráðstefnunnar „Regional Consultation for the UN Study on Violence“, sem haldin var af sömu aðilum 5.-7. júlí.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið: „Council of Europe Rec (2005)5 on the Rights of Children living in residential institutions“, á ráðstefnu Eystrasaltsráðsins í Yaroslavl, Rússlandi 5. september.
- Forstöðumaður Barnahúss hélt fyrirlestur um starfsemi Barnahúss í Stokkhólmi þann 13. september 2005.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti ávarp að beiðni Evrópuráðsins til kynningar á samþykkt ráðherranefndar ráðsins um rétt barna á stofnununum

á „General Discussion Day“ Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, haldinn í Genf 16. september.

- Forstjóri stofunnar flutti ávarp við formlega opnun Barnahúss í Linköping, Svíþjóð, 29. september.
- Forstjóri stofunnar flutti erindi um tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum að beiðni félagsmálaráðuneytis Eistland, á ráðstefnu sem haldin var í Tallin 27. október.
- Forstjóri Barnaverndarstofu hélt erindið: „Family Policy and Parenting Skills“ að beiðni tékkneska félagsmálaráðuneytisins á ráðstefnu um opinberrar fjölskyldustefnu, haldin í Prag dagana 10.-11. nóvember 2005.

## 1.9 Starfsleyfi til heimila

Samkvæmt reglum nr. 401/1998 er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa, auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu. Í reglunum segir að fyrir hverju heimili skuli vera rekstraraðili sem beri ábyrgð á öllu því starfi sem þar fer fram og að leyfisveiting sé m.a. háð ýmsum skilyrðum. Umsóknir eru metnar á grundvelli upplýsinga um hagi umsækjanda, svo sem menntun og starfsreynslu, fjölda starfsfólks og menntun þess, starfstíma heimilis, aldur dvalarbarna, fjölda þeirra og dvalartíma í senn. Einnig skal liggja fyrir sakavottorð umsækjanda og þess sem veitir heimilinu forstöðu sé hann annar, meðmæli til handa hinum sömu, mat slökkviliðsstjóra á húsnæði, leyfi byggingarnefndar og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk þess er leitað eftir umsögnum barnaverndarnefndar á þeim stað sem heimilinu er ætlað að starfa. Þeir aðilar sem ekki hafa haft leyfi áður fá leyfi til eins árs, en geta síðan sótt um leyfi til 5 ára.

Í *töflu 1.9.1* er að finna yfirlit yfir sumarbúðir barna sem höfðu leyfi árin 2004 og 2005. Eitt nýtt leyfi var veitt á árinu 2005, en þrjú eldri leyfi voru endurnýjuð á árinu. Rekstraraðilar eru annað hvort félagasamtök eða einkaaðilar. Eitt heimilanna er alþjóðlegar sumarbúðir fyrir ungt fólk á meðan flest heimilanna taka börn til dvalar án milligöngu annarra. Starfsemi sumarbúða miðast við aldurshópinn 7 til 18 ára.

Í 84. grein barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum til að tryggja öryggi

þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,

b. og veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa.

Þegar úrræði á grundvelli þessarar greinar er komið á fót skal sækja um það til Barnaverndarstofu. Um getur verið að ræða leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd eða leyfi til að vista barn hjá ákveðinni fjölskyldu í ákveðinn tíma. Í þeim tilvikum er oft um að ræða ættingja, eins og foreldri sem ekki fer með forsjá barns eða afa og ömmu.

Árið 2005 veitti Barnaverndarstofa 32 aðilum leyfi til að vista börn á grundvelli 84. gr en sex aðilum árið 2004.

**Tafla 1.9.1 Sumarbúðir sem hlutu starfsleyfi Barnaverndarstofu á árunum 1999-2005.**

| Nafn heimilis | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnbjarnarlækur | - | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| Ástjörn í Kelduhverfi | 70 | 70 | 70 | 70 | 70 | 70 | 70 |
| CIVS Klébergsskóli | 40 | - | - | - | - | 44 | - |
| CISV Stokkseyri | - | 28 | - | - | - | - | - |
| CIVS Smáraskóli | - | - | 48 | - | - | - | - |
| CIVS Varmárskóli | - | - | 30 | - | - | - | - |
| Dvöl í Dalvíkurbyggð | - | - | - | - | - | - | 15 |
| Fitjar í Skagafirði | - | 3 | 4 | 4 | - | - | - |
| Glæsibær í Skagafirði | 12 | 4 | 5 | - | - | - | - |
| Hallkelsstaðahlíð | - | - | - | 9 | - | - | - |
| Hlégarður, Hvanneyri | 8 | - | - | - | - | - | - |
| Hraun í Grímsnesi | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | - |
| Ingólfshvoll í Ölfusi | - | - | - | 8 | - | - | - |
| Kaldársel við Hafnarfjörð | 38 | - | 38 | 38 | 38 | 38 | 40 |
| KFUM við Hólavatn Eyjafirði | 24 | - | 24 | 24 | 24 | 24 | 24 |
| Kirkjumst. við Eiðavatn | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| Kollafoss í Húnavatnss. | - | - | - | 4 | 4 | - | - |
| Landsbjörg, Gufuskálar | - | - | - | - | - | 24 | - |
| Litla Gröf í Skagafirði | - | 4 | 4 | - | - | - | - |
| Minni Mástunga | - | - | - | 5 | 5 | - | - |
| Núpur í Dýrafirði | 25 | - | - | - | - | - | - |
| Skagfjörðsskáli, Þórsmörk | 16 | - | - | - | - | - | - |
| Syðra-Laugaland | 10 | - | - | - | - | - | - |
| Úlfljótsvatn | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 |
| Vatnaskógur | 95 | 95 | 95 | 95 | 95 | 95 | 95 |
| Vestmannsvatn | - | - | - | - | 44 | 44 | 44 |
| Vindáshlíð í Kjós | 67 | 64 | 64 | 64 | 64 | 80 | 80 |
| Ævintýraland, Reykjum Hrútaf. | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 130 | 130 |
| Ölver í Leirársveit | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 |

# 1.10 Reglugerðir

Nýju barnaverndarlögin nr. 80/2002 gera ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið setji nokkrar reglugerðir að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Stofan ákvað að setja saman starfshóp til að vinna að þessu verkefni svo fá mætti inn þau fjölmörgu sjónarmið sem nauðsynlegt er að taka tillit til við nánari útfærslu laganna. Leitað var eftir tilnefningum frá Samtökum félagsmálastjóra á Íslandi og Barnavernd Reykjavíkur og unnu Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri og starfsmaður Barnaverndarnefndar Borgarfjarðar og Guðrún Frímannsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur að því að semja reglugerðardrög ásamt starfsmönnum Barnaverndarstofu. Á árunum 2004 og 2005 voru settar fjórar nýjar reglugerðir:

*Reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd*
Í reglugerðinni er fjallað um fjölmörg atriði sem tengjast málsmeðferð, svo sem skráningu tilkynninga til barnaverndarnefnda, könnun barnaverndarmáls, gerð áætlana, hlutverk talsmanns og skráningu og meðferð persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd.

*Reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga*
Þessi reglugerð leysir af hólmi reglugerð um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldur nr. 452/1993 og einnig að verulegu leyti ákvæði reglugerðar um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði nr. 562/2000. Þá eru einnig útfærð ýmis atriði sem ekki hefur áður verið kveðið á um í reglum með skýrum hætti. Í nýjum barnaverndarlögum nr. 80/2002 var leitast við að gera ákvæði um úrræði í barnavernd skýrari en áður hafði verið. Í nýju reglugerðinni er fjallað um almenn stuðningsúrræði, sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda, tilsjónarmann og persónulegan ráðgjafa, stuðningsfjölskyldur og heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndarnefnda. Í reglugerðinni kemur m.a. fram hvaða kröfur skal gera til þeirra sem taka að sér að veita þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, svo sem um skyldu til að sækja um leyfi barnaverndarnefndar eða Barnaverndarstofu eftir því sem við á, skilyrði fyrir því að veita leyfi og endurnýjun leyfa.

*Reglugerð nr. 804/2004 um fóstur*
Þessi reglugerð leysir af hólmi reglugerð um ráðstöfun barna í fóstur nr. 532/1996. Í reglugerðinni er að finna skilgreiningar á mismunandi tegundum fósturs, þ.e. tímabundnu fóstri, styrktu fóstri, reynslufóstri og varanlegu fóstri. Þá er gerð grein fyrir því hvernig sótt er um og veitt leyfi til að gerast fósturforeldri. Samkvæmt reglugerðinni ber umsækjanda að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Markmiðið með námskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjanda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt. Barnaverndarstofa styðst við svokallað Foster Pride kerfi í þessum námskeiðum. Í reglugerðinni er einnig fjallað um ráðstöfun barns í fóstur, fóstursamninga, lok fósturs, eftirlit og ábyrgð.

*Reglugerð nr. 366/2005 um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.)*
Þessi reglugerð leysir af hólmi reglugerð nr. 562/2000 um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði og reglur nr. 401/1998 um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.-3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995. Í nýju reglugerðinni er að finna ákvæði um skilyrði og framkvæmd leyfisveitinga til þeirra sem óska eftir að vista börn á eigin vegum, þ.e. fyrst og fremst með beinum samningum við foreldra. Hér getur verið um að ræða einstaklinga sem taka börn til dvalar á sumrin svo og þá sem óska eftir að reka t.d. reiðskóla, sumarbúðir, athvarf og svipaða starfsemi þar sem börn dvelja í skamman tíma. Í reglugerðinni er að finna skilgreiningar og ýmsar almennar kröfur til rekstraraðila. Þá er gerð grein fyrir því hvernig sótt er um leyfi og afgreiðslu leyfa. Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að þau heimili sem hafa leyfi skv. eldri reglum megi starfa út gildistíma leyfisins. Hyggist heimili halda áfram starfsemi eftir að gildandi leyfi rennur út skal leggja fram umsókn í samræmi við ákvæði hinnar nýju reglugerðar.

Verið er að vinna í að gera drög að reglugerðum um vistun barns á heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins og um réttindi barns sem vistað er á meðferðarheimili.

# 1.11 Samstarfsverkefni

Starfsmenn Barnaverndarstofu tóku þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á árinu.

Innlent samstarf fólst m.a. í þátttöku í eftirfarandi verkefnum:

- Samstarf er við Fangelsismálastofnun ríkisins vegna framkvæmdar á samningi um afplánun fanga yngri en 18 ára en stefnt er að því að þeir verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum. Samstarfssamningur var gerður í október 1998 og endurnýjaður í nóvember 1999. Samstarfið byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga (sjá nánar í kafla 2).
- Samstarf við barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og SÁÁ hófst árið 2001. Um er að ræða reglubundna fundi „fagteymis" þessara stofnana (sjá nánar í kafla 2).
- Lögfræðingur stofunnar sat í starfshóp sem félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar skipaði í september 2003 um skilgreiningu á hugtakinu barnaverndarmál. Hópurinn lauk störfum árið 2004 og í kjölfarið gaf Félagsþjónustan í Reykjavík út skýrsluna „Barnavernd: Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd".
- Í ársbyrjun 2004 hófst samstarf Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og Neyðarlínunnar 112 um móttöku tilkynninga fyrir barnaverndarnefndir. Reynslan af þessu verkefni hefur verið jákvæð og margir samstarfsaðilar látið í ljósi ánægju með að hægt er að hafa samband við eitt símanúmer vegna tilkynninga. Verkefnið er fyrsta sinnar tegundar í Evrópu og vonir standa til að með þessu móti verði almenningi gert mun auðveldara um vik að rækja lagaskyldur sínar í þessum efnum, en eins og kunnugt er hefur hver barnaverndarnefnd haft sitt eigið símanúmer fram að þessu, jafnframt því að flestar nefndirnar hafa ekki bakvaktir til að taka á móti tilkynningum að kvöldlagi og um helgar. Með tilkomu þessa fyrirkomulags hefur orðið unnt að fá betra yfirlit yfir þær tilkynningar sem berast nefndum, þ.e. þær tilkynningar sem berast gegnum Neyðarlínuna - 112. Barnaverndarstofa hefur lengi haft áhuga á því að fá yfirlit yfir umfang starfsins hjá nefndunum með því að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra tilkynninga sem berast. Fram til ársins 2004 safnaði Barnaverndarstofa aðeins saman heildartölum yfir störf nefndanna árlega. Treglega gekk að fá

talnagögn frá nefndum og gátu þau því verið eins til tveggja ára gömul þegar þau voru gefin út. Því var ákveðið að safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega. Tilgangurinn var m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín og þörf á úrræðum þegar ávallt er hægt að skoða nýjar tölur um umfang starfsins. Sískráning tilkynninga hófst í byrjun janúar 2005 og hefur gengið mjög vel.

- Í apríl 2004 skipaði borgarstjóri starfshóp til að endurskoða stjórnkerfi barnaverndar í Reykjavík og átti forstjóri Barnaverndarstofu sæti í honum. Hlutverk starfshópsins var að undirbúa tillögu um fyrirkomulag stjórnkerfis barnaverndarmála í Reykjavík og huga að tengslum barnaverndarnefndar og félagsmálaráðs. Skilaði starfshópurinn umfangsmiklum tillögum að breytingum á stjórnkerfi barnaverndarmála hjá Reykjavíkurborg vorið 2005. Þær fólust m.a í því að þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar yrði falin ábyrgð með vinnslu einstakra barnaverndarmála enda starfi þar sérhæft starfslið í umboði barnaverndarnefndar. Samhliða yrði starfrækt sérstök skrifstofa barnaverndar á Velferðarsviði sem m.a. annist samræmingu vinnuaðferða, ráðgjöf, fræðslu og þróunarstarfi.
- Á árinu 2004 skipaði Barnaverndarstofa starfshóp til að gera drög að reglugerðum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaganna. Lögfræðingur stofunnar veitti starfshópnum forstöðu. Félagsmálaráðuneytið setti fjórar nýjar reglugerðir á árunum 2004 og 2005 í framhaldi af þessari vinnu (sjá *kafla 1.10.*).
- Samstarfshópurinn „Náum áttum“ vinnur að fræðslu um forvarnir gegn vímuefnaneyslu með þátttöku áætlunar um Ísland án eiturlyfja, Vímulausrar æsku, Götusmiðjunnar, Barnaverndarstofu, Landlæknis, fulltrúa framhaldsskólanna, Áfengis- og vímuvarnaráðs, Lögreglunnar í Reykjavík, Samstarfsnefndar Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, Rauða Kross Íslands og Heimilis og skóla. Á árinu 2004 voru haldnir fimm opnir fræðslufundir á vegum „Náum áttum“ hópsins, en fundina hafa sótt að meðaltali 70 – 80 manns. Á árinu 2005 hélt „Náum áttum“ hópurinn samstarfi sínu áfram. Á því ári voru einnig haldnir fimm fræðslufundir. Á fundunum var fjallað um andleg og líkamleg áhrif áfengis á börn og ungt fólk, aðlögun barna og fjölskyldna af erlendum uppruna að íslensku samfélagi, tengsl tölvuleikja og ofbeldis, ólíkar leiðir í forvörnum og hve

mikilvægu hlutverki foreldrar, fyrirmyndir, félagslíf, heilsugæslan og fleiri í samfélaginu gegna og áhrif markaðssetningar á neyslu áfengis.

- 112 dagurinn var haldinn í fyrsta sinn þann 11.2.2005. Barnaverndarstofa var aðili að þessum degi. Markmið með deginum var að vekja athygli á starfi þeirra fjölmörgu aðila sem tengjast Neyðarlínunni 112. Ísland tók þátt í þessum degi í fyrsta sinni, en víða í Evrópu hefur 11.2. verið notaður til að vekja athygli á neyðarnúmerinu og er haldinn árlega. Barnaverndarnefndir landsins og Barnaverndarstofa hafa verið í samstarfi við 112 síðan árið 2004. Árið 2005 barst 221 tilkynning til barnaverndarnefnda í gegnum 112. Almennt má segja að markmið dagsins hafið náðst. Aðallega var fjallað um ýmis konar neyðar- og björgunarstarf, svo sem eldvarnir og löggæslu. Einnig var nokkuð fjallað um starf barnaverndarnefnda víða um land. Á Ísafirði, Egilsstöðum, í Árborg og á Akureyri mættu barnaverndarstarfsmenn í viðtöl í svæðisútvarpi og greinar birtust í staðarblöðum um starf nefndanna auk þess sem almennt var fjallað um starf neyðarlínunnar í útvarpsþáttum. Jafnframt var vakin athygli á plakötum um tilkynningarskyldu og símanúmerinu 112 auk þess sem grein birtist í Morgunblaðinu.
- Á árinu 2005 hóf starfsmaður Barnaverndarstofu þátttöku í samstarfshópi um kynheilbrigði ungmenna. Frumkvæðið að stofnun samstarfshópsins kom frá Landlæknisembættinu, en í hópnum sitja aðilar frá hinum ýmsu stofnunum samfélagsins, s.s. kirkjunni, Lýðheilsustöð, félagi grunnskólakennara, Umboðsmanni barna, Ljósberunum, Heimili og skóla, Ástráði og fleirum.
- Á árinu 2005 undirritaði Barnaverndarstofa samstarfssamning við félagsráðgjafaskor Háskóla Íslands um rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd. Setrið verður staðsett við Félagsvísindastofnun HÍ, en aðrir sem koma að samstarfinu og skrifuðu undir samstarfssamninginn eru; heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, þjóðkirkjan, Reykjanesbær og Efling-stéttarfélag. Markmið rannsóknarsetursins er að efla fjölskyldu- og barnavernd á grundvelli vísindalegra rannsókna og vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði fjölskyldu- og barnaverndar. Með því að efla og auka rannsóknir á félags- og tilfinningalegum aðstæðum barna og fjölskyldna skapast grundvöllur fyrir því að öll stefnumörkun stjórnvalda og annarra í málefnum barna verði markvissari og þjóni hagsmunum þeirra betur. Barnaverndarstofa fagnar stofnun rannsóknarsetursins og hlakkar til að taka þátt í samstarfinu.

Stofnunin á jafnan samstarf við erlenda aðila sem vinna að barnavernd. Á árinu fólst erlent samstarf í eftirfarandi verkefnum:

- Á árunum 2004 og 2005 var áfram tekið þátt í samstarfi Eystrasaltsríkjanna með virkum hætti. Forsaga samstarfsins er sú að í framhaldi af heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mansal og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, sem haldin var í Stokkhólmi árið 1996, var hafið óformlegt samstarf á þessu sviði á vettvangi Eystrasaltsráðsins sem Ísland er aðili að. Komið var á fót vefsíðu, eins konar gagnabanka á veraldarvefnum á sviði barnaverndar með sérstakri áherslu á kynferðisofbeldi gegn börnum (childcentre.info). Jafnframt er gert ráð fyrir möguleikum til fjarfunda, fræðslu og annarra rafrænna samskipta sérfræðinga á lokuðum rásum. Á vefsíðunni er m.a. að finna upplýsingar um löggjöf, stefnumótun, rannsóknir, ráðstefnur, fréttir um málefni barna o.fl. Frá byrjun árs 2002 hefur samstarfið, sem nefnt er „Children at Risk“, verið formlegur þáttur í samstarfi aðildarríkja ráðsins. Þá var sett á stofn sérstök deild í málefnum barna á skrifstofu Eystrasaltsráðsins sem lýtur stjórn fastanefndar sem hefur umsjón með þessu samstarfi ríkjanna. Forstjóri Barnaverndarstofu var kjörinn fyrsti formaður nefndarinnar og gengdi hann formennskunni fram í febrúar 2003. Á árunum 2004 og 2005 voru haldnir tveir stjórnarfundir hvort ár í þessu samstarfi en þeir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptins. Á miðju ári 2005 tók Ísland við forsæti í samstarfi Eystrasaltríkjanna og af því tilefni beindi utanríkisráðuneytið því til Barnaverndarstofu að leggja fram tillögur um sérstök áherslumál í samstarfinu. Í því sambandi var lagt til að sjónum yrði einkum beint að tveimur þáttum, að kynna íslenska barnahúsið sérstaklega og jafnframt tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum, Rec/2005)5. Á fundi barnamálaráðherra Eystrasaltsráðsins sem haldinn var í Osló í júní 2005 og forstjóri Barnaverndarstofu sat ásamt fulltrúa félagsmálaráðherra, bauð Ísland til fundar sérfræðinga á sviði kynferðisbrota gegn börnum sem haldinn yrði í Reykjavík vorið 2006. Þá samþykkti ráðherrafundurinn tilmæli til aðildarríkjanna um að hrinda tilmælum ráðherranefndarinnar um réttindi barna á stofnunum í framkvæmd eins og frekast væri kostur jafnframt því sem áhersla var lögð á að komið yrði upp sameiginlegu eftirlitskerfi um hvernig til tækist við framkvæmdina.
- Í lok árs 2001 var forstjóri Barnaverndarstofu skipaður í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um „Children at risk and in care“. Sérfræðingahópurinn lauk störfum í október 2003 og samdi nefndin tilmæli til ráðherranefndar Evr-

ópuráðsins um reglur um réttindi barna á stofnunum. Þann 16. mars 2005 samþykkti ráherranefnd Evrópuráðsins tilmælin. Um er að ræða útfærslu á réttindum barna samkvæmt Barnasamningi Sameinuðu þjóðanna með tilliti til þeirrar sérstöku aðstæðna sem börn á stofnunum búa við. Inntak tilmæla Evrópuráðsins felur í sér: a) meginreglur um ráðstöfun barna utan heimilis, b) sérstök réttindi barna á stofnunum og c) gæðastaðla, eftirlits- og upplýsingakerfi. Tilmæli ráðherranefndarinnar þykja marka tímamót þar sem á alþjóðavettvangi hefur ekki fyrr verið skilgreint hvaða réttinda börn sem dvelja á stofnunum eiga að njóta. Í tengslum við samningu tilmælanna fól Evrópuráðið forstjóra Barnaverndarstofu að semja skýrslu sem hefði að markmiði að varpa ljósi á áhrif stofnanadvalar á börn, aðgerðir til að varna stofnanavist o.fl. Skýrslan ber heitið „Children in Institutions, Prevention and Alternative Care“ og lauk samningu hennar árið 2004. Skýrslan hefur að geyma umfjöllun um áhrif stofnanavistunar á börn og samfélag. Skýrslan hefur jafnframt að geyma greiningu á eðli stofnunarvistunar barna í aðildarríkjunum. Færð eru rök fyrir því að greina megi Evrópu í þrjú svæði m.t.t. algengi stofnanauppeldis, ástæðna þess og gæði umönnunar. Þá er sýnt fram á samhengi á milli algengis stofnanauppeldis annars vegar og velferðarþjónustu og fjölskyldustuðnings hins vegar. Fjallað er sérstaklega um vænleg úrræði („best practices“) sem reynsla hefur sýnt að séu til þess fallin að draga úr aðskilnaði barna og foreldra og varna stofnanadvöl. Gerð er grein fyrir öðrum valkostum en stofnanadvöl þegar aðskilnaður barna og foreldra reynist óhjákvæmilegur. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi eftirfylgdar þegar kemur að útskrift barna af stofnunum. Skýrslunni líkur með umfjöllun um ábyrgð og mikilvægi þess hlutverks sem fagfólk hefur við vistun barna á stofnunum. Þegar þetta er ritað er unnið að útgáfu skýrslunnar á vegum Evrópuráðsins ásamt tilmælum ráðherranefndarinnar um réttindi barna á stofnunum og skýringum með þeim. Loks má geta þess að forstjóra Barnaverndarstofu hefur verið falið að kynna tilmæli ráðherranefndarinnar og efni skýrslunnar víðs vegar og er gerð grein fyrir því annars staðar í þessari skýrslu (sjá kafla 1.8.: ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar).

- Í byrjun ársins 2004 var settur á laggirnar sérfræðingahópur á vegum Evrópuráðsins sem hefur það hlutverk að fjalla um hvernig auka megi foreldrahæfni og koma í veg fyrir að börn sæti ofbeldi í uppeldi sínu (Working party on parental skills, especially for preventing and combating violence affecting children). Í nefndina voru skipaðir sérfræðingar í barnavernd frá sjö aðildarríkum og er forstjóri Barnaverndarstofu einn þeirra. Segja má

að verkefni nefndarinnar sé að mörgu leyti hliðstætt þeirri vinnu sem fram fór við gerð Tilmæla ráðherranefndarinnar um réttindi barna á stofnunum. Markmiðið er að gera meginreglur Barnasamnings SÞ aðgengilegar fyrir foreldra og fagfólk í því skyni að auka á vernd barna og stuðla að aukinni hæfni foreldra í uppeldishlutverki sínu. Nefndin vinnur nú að gerð leiðbeinandi reglna fyrir ríkisstjórnir, fagfólk og foreldra sem miða að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu jafnframt því að semja skýrslu um nýjustu þekkingu á þessu sviði. Í tengslum við þetta starf flutti forstjóri Barnaverndarstofu erindi á vettvangi Evrópuráðsins í maí 2005 og þar að auki erindi á ráðstefnu stjórnvalda í Tékklandi um efnið (sjá kafla um ráðstefnur, námskeið og erindi).

- Á árinu 2004 var hleypt af stokkunum Evrópuverkefninu „Quality for Children", en markmið þess er að þróa mælikvarða til bættra gæða umönnunar barna utan heimilis, á stofnunum, í meðferð og í fóstri. Verkefnið er skipulagt af IFCO (International Foster Care Organization), FICE (Fédération Internationale Communatés Educatives) og SOS barnaþorpunum (SOS Kinderdorf international). Barnaverndarstofa hefur haft umsjón með verkefninu af Íslands hálfu og var af því tilefni framkvæmd viðhorfakönnun á meðal hóps barna sem dvalið hafa í meðferð og í fóstri og foreldra þeirra í því skyni að læra af reynslu þeirra. Sambærileg upplýsingaöflun hefur nú átt sér stað í hinum 32 Evrópuríkjunum sem taka þátt, en hún á að skapa grundvöllinn að þróun fyrrnefndra gæðastaðla. Það var að beiðni SOS barnaþorpanna á Íslandi sem Barnaverndarstofa féllst á að taka þátt í hinum faglega þætti samstarfsins „Quality4Children". Á árinu 2005 var efnt til viðamikillar ráðstefnu um verkefnið sem haldin var í Gmunden í Auskurríki þar sem m.a. forstjóri stofunnar flutti erindi, en auk hans sótti Jón Björnsson sem hefur eftirlit með starfsemi meðferðarheimila á vegum stofunnar ráðstefnuna. Samkvæmt verkáætlun er gert ráð fyrir því að verkefninu ljúki undir lok ársins 2006 með útgáfu eins konar gæðastaðla vegna umönnunar barna í fóstri og í annarri vistun utan fjölskyldu sinnar en og er þess vænst að hver þjóð fyrir sig útfæri þær í heimalandinu.
- Á vegum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna er nú unnið að því að semja leiðbeinandi reglur (Guidelines) um réttarstöðu barna sem ekki njóta forsjá foreldra sinna. Þetta kom fram á árlegum umræðudegi Barnaréttarnefndarinnar sem haldinn var í Genf 16. september 2005 um efnið „Children without parental care". Evrópuráðið fól Braga Guðbrandssyni forstjóra Barnaverndarstofu að kynna hin nýju tilmæli Ráðherranefndarinnar sem fjallað var um hér að framan. Í erindi sínu lagði Bragi til að hugað yrði sér-

staklega að því hvort ekki væri rétt að slíkar reglur um réttarstöðu barna án forsjá foreldra yrðu gerðar að valfrjálsum viðauka við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aðstæðum barna á stofnun og réttindum barna sem ekki njóta traustra forsjáraðila hefur verið gefinn mikill gaumur á alþjóðlegum vettvangi síðustu misserin. Þessu veldur annars vegar aukin þekking um skaðleg áhrif stofnanauppeldis á börn og hins vegar sú staðreynd að víða í heiminum fer þeim börnum fjölgandi sem ekki njóta fjölskylduverndar og alast upp á stofnunum, jafnvel alla bernsku sína. Þátttaka á umræðudegi Barnaréttarnefndarinnar endurspeglar mikilvægi þessara mála en á þriðja hundrað fulltrúar flestra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sóttu fundinn ásamt öllum alþjóðastofnunum og samtökum sem vinna að bættum réttindum barna svo sem Unicef og Save the Children. Í ályktun Barnaréttarnefndarinnar sem gerð var í kjölfar umræðudagsins er áhersla lögð á að drög að leiðbeinandi reglum sem miði að aukinni vernd barna án trausta forsjáraðila verði lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fyrir lok ársins 2006.

*Heimsóknir erlendra og innlendra aðila*

Ýmsir góðir gestir heimsóttu Barnaverndarstofu og Barnahús á árunum 2004 og 2005. Hæst ber heimsókn hennar hátignar Sylvíu drottningar Svíþjóðar í Barnahús árið 2004. Við undirbúning opinberrar heimsóknar sænsku konungshjónanna til Íslands kom fram að hennar hátign Sylvía drottning óskaði sérstaklega eftir að heimsækja Barnahúsið og kynnast starfsemi þess. Í þessu er fólginn mikill heiður því Sylvía hefur um árabil unnið mikið starf á alþjóðlegum vettvangi í þágu barna, ekki síst á sviði kynferðisofbeldis. Drottningin stofnaði m.a. World Childhood Foundation sem hefur aflað fjár til ýmissa stórra verkefna í þágu barna í heiminum á liðnum árum. Í för með Sylvíu drottningu var forsetafrúin Dorit Moussaieff ásamt föruneyti. Forstjóri Barnaverndarstofu, forstöðumaður hússins og starfsfólk þess ásamt fulltrúum frá Landspítala, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og dómsstjóra Héraðsdóms Reykjaness voru viðstaddir og veittu drottningunni upplýsingar um stofnun og starfsemi Barnahúss. Í heimsókninni kom glögglega í ljós yfirgripsmikil þekking og áhugi drottningarinnar á málefnum barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Lauk hún miklu lofsorði á þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar Barnahúss. Eins og vikið er að annars staðar í skýrslunni lét hennar hátign ekki sitja við orðin tóm. Í kjölfar heimsóknarinnar gegndi hún lykilhlutverki í því að koma Barnahúsi á laggirnar í Linköping, sem tók til starfa haustið 2005.

Árin 2004 og 2005 komu margir aðrir merkir erlendir gestir í vettvangsskoðun í Barnahúsið og má þar til dæmis nefna dómsmálaráðherra Svíþjóðar og Noregs. Í Barnahús komu einnig bandarískir nemendur í félagsráðgjöf og hjúkrunarfræði, nemendur í uppeldisfræði í Danmörku, vinnuhópur Norðurlandaráðs, sænskur blaðamaður, starfsmenn norsku lögreglunnar ásamt saksóknara í Noregi, færeyskur lögfræðingur, starfshópur frá danska þjóðþinginu, starfsmenn frönsku lögreglunnar og ríkislögreglustjóri Frakklands auk annarra gesta frá Norðurlöndunum. Þá hafa forstjóri Barnaverndarstofu og forstöðumaður Barnahúss flutt fyrirlestra á námskeiðum og ráðstefnum í Svíþjóð og Danmörk um stofnun og starfsemi hússins að beiðni opinberra aðila og félagasamtaka, svo vikið er að annars staðar í skýrslunni.

Á Barnaverndarstofu komu jafnframt ýmsir góðir gestir erlendis frá. Má þar t.d. nefna. starfsmenn Social- og helseombudet í Osló og starfsmenn Folketingts Socialudvalg, starfsmenn frá Rödstokken barne og ungdomsheim í Noregi og starfsfók í umönnun barna frá St. Pétursborg í Rússlandi. Þá er sérstök ástæða til að geta heimsóknar forstöðumanns nýstofnaðrar Barnaverndarstovu Færeyja, Önnu Dam og samstarfsmanns hennar Hallbjargar Lamhauge, en stovan var stofnuð að fyrirmynd Barnaverndarstofu á árinu 2005.

Eins og undanfarin ár komu fjölmargir innlendir aðilar á Barnaverndarstofu og í Barnahús. Má þar t.d. nefna heimsókn félagsráðgjafanema, sálfræðinema, nema úr Kennaraháskóla Íslands, nemenda frá Menntaskólanum við Sund, starfsmanna Stuðla, kvenfélags Garðabæjar og starfsmanna Sjónarhóls.

# 2 Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Í byrjun árs 2004 voru rekin átta meðferðarheimili á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu. Öll þeirra voru staðsett á landsbyggðinni þ.e. Árbót og Berg í Aðaldal í Þingeyjarsýslu sem eru rekin af einum og sama rekstraraðilanum, Laugaland í Eyjafjarðarsveit, Háholt í Skagafirði, Hvítárbakki í Borgarfirði, Torfastaðir í Biskupstungum, Geldingalækur á Rangárvöllum og Götusmiðjan Akurhóll á Rangárvöllum. Meðferðarheimilið Akurhóll hefur á að skipa 13 rýmum fyrir vímuefnaneytendur undir 18 ára aldri auk nokkurra rýma til viðbótar sem ætluð eru einstaklingum á aldrinum 18 til 21 árs. Hin heimilin hafa rými fyrir sex börn í senn nema Laugaland sem hefur rými fyrir átta börn í einu.

Nokkrar breytingar urðu á meðferðarheimilunum á árinu 2004. Rekstraraðilar Torfastaða sögðu upp þjónustusamningnum við Barnaverndarstofu og hættu störfum í lok september. Starfsemi Götusmiðjunnar flutti austur á Rangárvelli eða nánar tiltekið í Akurhól nálægt Gunnarsholti en hafði áður verið á Árvöllum á Kjalarnesi. Öll aðstaða sem og húsakostur á Akurhóli þótti bjóða upp á mun betri tækifæri til mennta og til að auka reynslu skjólstæðinga á hinum ýmsu sviðum sem tengjast listum og verkmennt heldur en á Árvöllum. Þá þótti eftirsóknarvert að komast lengra frá borgarlífinu og freistingum þess. Í lok árs 2005 voru því meðferðarrými á einkareknum heimilum alls 49.

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum, að Fossaleyni 17 í Grafarvogi, fer fram greiningar- og meðferðarvistun fyrir átta unglinga í senn en að auki eru þar fimm rými í neyðarvistun. Á árinu 2004 var neyðarvistun Stuðla endurbyggð og stækkuð til muna og um leið var skipulag og aðstæður m.t.t. öryggis og velferðar starfsmanna og skjólstæðinga bætt verulega (sjá nánar kafla 2.2 um Stuðla). Heildarfjöldi meðferðarrýma sem Barnaverndarstofa hafði yfir að ráða í lok ársins 2005 var því alls 57 auk fimm rýma í neyðarvistun Stuðla.

Á árinu 2004 tók gildi nýr þjónustusamningur við Landspítala – háskólasjúkrahús um geðlæknisþjónustu fyrir börn vistuð á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu. Samningurinn, sem upphaflega var gerður árið 2000, felur einnig í sér viðlíka þjónustu við börn sem leggjast inn til meðferðar á vegum SÁÁ. Markmiðið með samningnum er að tryggja börnum með geðröskun, vímuefnavanda og hegðunartruflun eins góða, skjóta og örugga þjónustu og frekast er kostur. Með þessum samningi skuldbundu stofnanirnar sig til þess að eiga náið samstarf á öllum sviðum meðferðar. Samningi þessum hafði verið sagt upp frá og með 1. júní 2002 þar sem Barnaverndarstofa taldi að ekki hefði verið staðið við mikilvæga þætti við framkvæmd samningsins. Ágreiningur um framkvæmd samningsins varð tilefni þess að Ríkisendurskoðun var falið að gera skýrslu um málið. Í kjölfarið var ágreiningurinn var leiddur til lykta með ákvörðun ráðherra félags og heilbrigðismála um nýjan samning sem fól í sér minni útgjöld fyrir Barnaverndarstofu án þess að þjónusta samkvæmt samningnum skertist. Þetta gerði kleift að hraða framkvæmdum við byggingu nýrrar neyðarvistunar Stuðla.

Á árinu 2004 var gerður samningur við nýja meðferðaraðila á Geldingalæk sem gilti frá 1.8.2004. Rekstrarframlag breyttist í meginatriðum ekki neitt. Auk þess var gerður viðauki við þjónustusamning á Háholti til eins árs um viðbótargreiðslu vegna fjölgunar starfsmanna sem var tilkomin vegna aukins álags.

*ASEBA matslistar*

Barnaverndarstofa hefur tekið ákvörðun að hrinda í framkvæmd nýju tilraunaverkefni. Það felst í notkun ASEBA spurningalista (*The Achenbach System of Empirically Based Assessment*). Listarnir verða notaðir þegar leggja skal mat á þörf barna fyrir sérhæfð úrræði sbr. það sem um er mælt í XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með notkun listanna er einnig stefnt að því að skapa grundvöll til að meta á hlutlægan hátt árangur barna sem njóta sérhæfðar meðferðar. Er það gert með endurfyrirlagningu listanna þegar á meðferð eða styrkt fóstur líður og samanburði við fyrri úrlausn.

Matslistar ASEBA samanstanda af þremur hliðstæðum listum, einn ætluðum skjólstæðingi sjálfum (Youth Self-Report), annar foreldrum eða þeim sem gegna hlutverki forsjármanna (Child Behavior Checklist). Þriðji listinn er ætlaður kennurum (Teacher´s Report Form). Segja má að matslistar ASEBA samanstandi af tveimur víddum, innri þáttum annars vegar (t.d. til að meta kvíða/þunglyndi, hlédrægni, líkamsumkvartanir o.s.frv.) og hins vegar ytri þáttum (hvort farið er eftir reglum eða ekki, ýgi, árásarhneigð o.fl.). Þá koma

hugrænir þættir við sögu (t.d. endurteknar hugsanir án tilefnis, svefnvandi o.fl.) og einbeitingarvandi og skyld atriði. Við úrlausn spurningalistanna koma fram 8 kvarðar og meta þeir hvort skjólstæðingur telst innan normalsvæðis, neðan þess eða ofan og í hve miklu mæli frávik eru á hverjum þætti fyrir sig. Unnt er að bera úrlausn ASEBA listanna saman við matskerfi DSM-IV (Diagnostic and Statistical Manual) sem er greiningarkerfi bandarísku geðlæknasamtakanna, kerfi sem víða er notað, einkum í heilbrigðiskerfinu.

Gert er ráð fyrir að ASEBA matslistarnir verði teknir í notkun þann 1. janúar 2006. Þá verður gerð krafa af hálfu Barnaverndarstofu um að matslistar ASEBA fylgi umsóknum um sérhæfða meðferð á stofnun.

## 2.1 Umsóknir á meðferðarheimili

Lögum samkvæmt tekur Barnaverndarstofa ákvörðun um hvort sérhæfð meðferð á meðferðarheimili sem rekið er á grundvelli barnaverndarlaga skuli veitt. Á það jafnt við um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla, sem og langtímameðferðarheimili. Einungis barnaverndarnefndir geta sótt um meðferð að fengnu samþykki forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Forsenda þess að langtímameðferð sé veitt er sú að mál barns hafi áður hlotið greiningu á Stuðlum eða á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Fjallað er um umsóknir á meðferðarstöð ríkisins á fundum fagteymis sem í eiga sæti forstöðumaður Stuðla eða staðgengill hans og sérfræðingar á Barnaverndarstofu. Álit teymisins er lagt til grundvallar ákvörðun Barnaverndarstofu.

Við mat á umsóknum koma til álita fjölmörg atriði, þ.á.m. niðurstaða af könnun barnaverndarnefndar á aðstæðum barns, gerð skriflegra áætlana og framkvæmd þeirra samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, hvort vægari úrræðum hafi verið beitt, rannsóknarniðurstöður sérfræðinga, álitsgerðir og önnur þau atriði sem varpa ljósi á þörf barns fyrir sólshringsmeðferð á stofnun.

Á milli áranna 1999 og 2000 varð gerbreyting á fjölda umsókna um sérhæfða meðferð á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu með meira en helmingsfjölgun milli ára. Fjöldi umsókna stóð á hinn bóginn í stað á árunum 2000 til 2002, en þeim fækkaði á milli áranna 2003 og 2005. Tilkoma fleiri meðferðarrýma frá því sem áður var og stytting á meðferðartíma á Stuðlum hefur haft í för með sér að biðtími eftir meðferð hefur ekki lengst að sama

skapi og umsóknum hefur fjölgað, enda þótt bið eftir viðeigandi úrræði geti verið nokkur í sumum tilvikum. Bið eftir langtímameðferð er mismunandi eftir árstíma þar sem starfi langtímameðferðarheimila er þannig háttað að móttaka skjólstæðinga og útskrift þeirra fer öðru fremur fram að hausti og vori.

Umsóknir um meðferð á Stuðlum og á langtímameðferðarheimili á árinu 2005 voru alls 164 eða 13 umsóknum færri en árið á undan. Umsóknarfjöldi er því aftur að lækka miðað við þann fjölda umsókna sem barst árið 2002. Í upphafi ársins 2005 voru 9 börn á biðlista eftir langtímameðferð. Ekki var um neinn biðlista að ræða eftir vímuefnameðferð á Meðferðarheimilinu Akurhóli árið 2005, heldur fengu allir sem um sóttu skjóta þjónustu. Eftir skipulagsbreytingar á starfsemi Stuðla, m.a. með styttingu meðferðartíma, hefur eiginlegum biðlista verið eytt enda þótt fyrir geti komið að fjöldi umsókna berist á stuttum tíma þannig að bið geti varað 2-4 vikur.

Á árinu 2005 var 14 umsóknum hafnað vegna ófullnægjandi gagna, röksemda eða upplýsinga eða tæplega 9% allra umsókna. Sumar þessara umsókna þeirra bárust að nýju og hlutu þá aðra niðurstöðu. Þá voru 17 umsóknir eða rúmlega 10% dregnar til baka, flestar eftir að hafa hlotið samþykki Barnaverndarstofu áður en til meðferðar kom. Reyndin er því sú að á árinu 2005 hlaut tæpur fimmtungur umsókna ýmist ekki brautargengi eða þær voru dregnar til baka.

Svo sem sjá má í *töflu 2.1.1* eru piltar í meirihluta þeirra sem sótt er um meðferð fyrir á því tímabili sem taflan sýnir, eða tæpur 2/3 hluti. Þetta hlutfall hefur verið svipað síðustu árin, en þó var hlutfall stúlkna hærra en pilta árið 2004. Fram til ársins 1999 var algengast að sótt væri um fyrir 15 ára unglinga (meðalaldur 14,5 ár). Á árinu 2000 var 16 ára aldurshópurinn hins vegar orðinn stærstur (meðalaldur 15,1 ár). Árið 2005 var 65% barnanna á aldrinum 16, 17 eða 18 ára og var algengast að sótt væri um meðferð fyrir 16 ára unglinga.

**Tafla 2.1.1 Umsóknir eftir kyni og aldri.**

| | | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Kyn | Piltar .............. | 113 | 59,2 | 122 | 55,2 | 116 | 59,5 | 86 | 48,6 | 100 | 61,0 |
| | Stúlkur ............ | 78 | 40,8 | 99 | 44,8 | 79 | 40,5 | 91 | 51,4 | 64 | 39,0 |
| | | | | | | | | | | | |
| Aldur | 18 ára á árinu.... | 20 | 10,5 | 23 | 10,4 | 25 | 12,8 | 42 | 23,7 | 25 | 15,2 |
| | 17 ára ............ | 40 | 20,9 | 39 | 17,6 | 35 | 17,9 | 49 | 27,7 | 32 | 19,5 |
| | 16 ára ............ | 45 | 23,6 | 62 | 28,1 | 57 | 29,2 | 26 | 14,7 | 49 | 29,9 |
| | 15 ára ............ | 44 | 23,0 | 54 | 24,4 | 40 | 20,5 | 39 | 22,0 | 40 | 24,4 |
| | 14 ára ............ | 24 | 12,6 | 22 | 10,0 | 21 | 10,8 | 13 | 7,3 | 12 | 7,3 |
| | 13 ára ............ | 10 | 5,2 | 9 | 4,1 | 7 | 3,6 | 5 | 2,8 | - | - |
| | 12 ára ............ | 5 | 2,6 | 8 | 3,6 | 4 | 2,1 | 1 | 0,6 | 2 | 1,2 |
| | 11 ára ............ | 2 | 1,0 | 4 | 1,8 | 1 | 0,5 | 2 | 1,1 | 2 | 1,2 |
| | 10 ára ............ | 1 | 0,5 | - | - | 5 | 2,6 | - | - | 1 | 0,6 |
| | 9 ára ............. | - | - | | - | - | - | - | - | 1 | 0,6 |
| | 8 ára ............. | - | - | - | - | - | - | - | - | | - |
| | 7 ára ............. | - | - | - | - | - | - | - | - | | - |
| | 6 ára ............. | - | - | - | - | - | - | - | - | | - |
| Samtals .................. | | 191 | 100,0 | 221 | 100,0 | 195 | 100,0 | 177 | 100,0 | 164 | 100,0 |

Árið 2005 var hlutfall umsókna frá Reykjavík 42%, frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu tæp 33% og 25% frá landsbyggðinni (*tafla 2.1.2*). Stórvægilegar breytingar hafa ekki orðið í þessu efni á milli þessara ára.

**Tafla 2.1.2 Umsóknir eftir búsetu.**

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Reykjavík ..................... | 87 | 45,5 | 92 | 41,6 | 91 | 46,7 | 69 | 39,0 | 69 | 42,1 |
| Nágrenni Reykjavíkur .... | 55 | 28,8 | 63 | 28,5 | 51 | 26,1 | 59 | 33,3 | 54 | 32,9 |
| Landsbyggðin .............. | 49 | 25,7 | 66 | 29,9 | 53 | 27,2 | 49 | 27,7 | 41 | 25,0 |

Tilefni þess að sótt er um greiningu eða meðferð á vegum Barnaverndarstofu er oftast fjölþætt, þar á meðal hegðunarerfiðleikar barns, afbrot, ofbeldi, útigangur og fjarvistir úr skóla og vímuefnaneysla svo sem lesa má af *töflu 2.1.3*. Taflan sýnir fjöltalningu vandamála í hverju tilviki fyrir sig, allt eftir mati starfsmanns barnaverndarnefndar. Flokkunin sýnir tiltölulega litlar breytingar á milli ára. Ekki ber að líta á flokkunina sem vísindalega skilgreiningu á vanda barna eða orsakaskýringu, heldur hvaða augum starfsmenn barnaverndarnefnda og hugsanlega aðstandendur barns líta aðstæður. Enda þótt hegðunarvandi barns sé oftast talinn höfuðástæða umsóknar leikur enginn vafi á því að í mörgum tilvikanna er um djúpstæða bresti að ræða í uppeldisaðstæðum barns sem með réttu má telja höfuðorsök þess hvernig komið er.

**Tafla 2.1.3 Tilefni umsókna (%).**

| Flokkun á vanda barnanna | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegðunarvandi | 82 | 73 | 76 | 85 | 72 |
| Áfengisneysla | 59 | 55 | 53 | 56 | 52 |
| Útigangur | 51 | 44 | 42 | 32 | 38 |
| Félagsleg einangrun | 10 | 17 | 10 | 4 | 1 |
| Önnur vímuefnaneysla | 60 | 55 | 58 | 46 | 53 |
| Námsörðugleikar | 53 | 53 | 55 | 58 | 62 |
| Fjarvist úr skóla | 56 | 39 | 22 | 18 | 3 |
| Afbrot | 43 | 36 | 33 | 19 | 30 |
| Ofbeldishegðun | 23 | 26 | 31 | 20 | 32 |
| Heimilisvandi | 43 | 38 | 26 | 15 | 23 |
| Ofvirkni/misþroski | 27 | 22 | 18 | 20 | 30 |
| Þunglyndi/geðröskun | 19 | 22 | 15 | 23 | 28 |
| Þolandi kynferðisofbeldis | 7 | 9 | 5 | 7 | 5 |
| Beitti aðra kynferðisofbeldi | 1 | 2 | 2 | 2 | 1 |
| Annað, fötlun, einelti | 20 | 30 | 18 | 11 | 34 |
| Fjöldi barna sem sótt er um fyrir | 191 | 221 | 195 | 177 | 164 |

Hundraðshlutfall miðast við hve oft tiltekin „greining" er nefnd samanborið við fjölda umsókna en vandi hvers einstaklings getur verið fjölþættur eins og fram kemur víða í skýrslunni.

Yfirlit fjölskylduaðstæðna barna sem sótt er um meðferð fyrir kemur fram í *töflu 2.1.4.* Annars staðar í skýrslunni er fjallað um heimilisaðstæður barna sem afskipti voru höfð af. Af samanburði við þær upplýsingar má sjá að hlutfall rofinna fjölskyldna (þar sem barn lýtur ekki forsjá beggja kynforeldra) þar sem barn er talið í þörf fyrir sérhæfða meðferð, reynist mjög hátt eða tæp 77%.

**Tafla 2.1.4 Fjölskylduaðstæður samkvæmt umsóknum.**

| Fjölskyldugerð | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Kynforeldar | 69 | 31,2 | 42 | 21,5 | 44 | 24,9 | 38 | 23,2 |
| Móðir/stjúpi | 42 | 19,0 | 33 | 16,9 | 53 | 29,9 | 36 | 22,0 |
| Einstæð móðir | 84 | 38,0 | 91 | 46,7 | 49 | 27,7 | 64 | 39,0 |
| Einstæður faðir | 10 | 4,5 | 15 | 7,7 | 9 | 5,1 | 7 | 4,3 |
| Forsjá hjá barnaverndarnefnd | 1 | 0,5 | - | - | 2 | 1,1 | - | - |
| Faðir/stjúpa | 6 | 2,7 | 6 | 3,1 | 2 | 1,1 | 8 | 4,9 |
| Móður-/föðurforeldrar | 2 | 0,9 | 2 | 1,0 | - | - | - | - |
| Fósturforeldrar | 3 | 1,4 | 2 | 1,0 | 13 | 7,3 | 8 | 4,9 |
| Annað | 4 | 1,8 | 4 | 2,1 | 5 | 2,8 | 3 | 1,8 |
| Alls | 221 | 100,0 | 195 | 100,0 | 177 | 100,0 | 164 | 100,0 |

## 2.2 Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Stuðlar

Starfsemi Stuðla skiptist í tvennt: Meðferðardeild þar sem fram fer greining og meðferð og lokaða deild (neyðarvistun). Tilgangur þess að vista barn á lokaðri deild er að stöðva óæskilega hegðun eða hættulega hegðun. Þar fer fram gæsla og fyrsta mat á ásigkomulagi skjólstæðingsins. Í desember 2004 var tekin í notkun ný viðbygging neyðarvistunar og fjölgaði rýmum úr 4 (sem voru í tveim tveggja manna herbergjum) í 5, allt einstaklingsrými. Þessi breyting var orðin tímabær þar sem mikil þrengsli höfðu sett starfseminni skorður og ekki var alltaf hægt að verða við vistunarbeiðnum barnaverndarnefnda. Nýja viðbyggingin bætti alla aðstöðu og öryggi skjólstæðinga og starfsfólks lokaðrar deildar til mikilla muna. Auk þess batnaði aðstaða meðferðardeildar fyrir fjölskyldumeðferð sem og öll almenn fundaraðstaða.

Barnaverndarnefndir geta vistað ungling á lokaðri deild vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, óupplýstra afbrota, ofbeldis eða stjórnleysis vegna neyslu. Markmiðið er að stöðva skaðlega hegðun svo starfsfólk barnaverndarnefnda hafi svigrúm til að undirbúa frekari úrlausn. Starfsmenn lokaðrar deildar aðstoða vistunaraðila og foreldra við að meta ástand skjólstæðings og stöðu hans en ekki er gert ráð fyrir greiningu og meðferð. Deildin er ekki refsiúrræði heldur staður til að auka jafnvægi unglings með því að veita honum húsaskjól, fæði, afþreyingu og samneyti við fullorðna. Þar er hvorki aðstaða til afeitrunar né fyrir sjúka einstaklinga. Forstöðumenn langtímameðferðarheimila geta vistað ungling á lokaðri deild ef þörf krefur vegna óviðráðanlegrar hegðunar.

Á meðferðardeild eru rými fyrir átta börn í senn. Í meðferðinni er stuðst við reglubundna dagskrá og atferlismótandi þrepa- og stigakerfi en meðferðin er löguð að þörfum hvers og eins. Greining og meðferð haldast í hendur í einstaklings- og fjölskylduviðtölum, sálfræðiathugunum og úrvinnslu upplýsinga frá barnaverndarnefndum, meðferðaraðilum og skóla. Skoðaðar eru aðferðir barns í samskiptum, líðan og viðhorf til eigin stöðu sem og bjargráð í fjölskyldu. Í meðferðinni er reynt að auka félagsfærni, sjálfstjórn og hæfni til að nýta eigin styrkleika. Daglega er farið í útivist, tómstundir eða íþróttir. Skólanám er á vegum Brúarskóla og fer fram á Stuðlum. Foreldrar eru í samskiptum við börn sín í meðferðarviðtölum, á heimsóknartímum og í helgarleyfum þar sem reynir á að yfirfæra meðferðarárangur á heimaslóð. Áður en unglingur útskrifast af meðferðardeild byrjar hann að aðlagast sínu fyrra umhverfi og stunda heimaskóla ef hægt er. Gefnar eru ráðleggingar til skóla og

vistunaraðila. Í samráði við vistunaraðila og foreldra er metið hvort þörf er á langtímameðferð á meðferðarheimili eða ráðstöfun barns í fóstur eftir útskrift. Þetta á við ef ekki er talið útlit fyrir að barn og foreldrar geti nýtt sér stuðning á heimaslóðum eftir að vistun á meðferðardeild líkur. Eftirmeðferð Stuðla felst í 4 fjölskylduviðtölum á 4-6 vikna tímabili hjá sálfræðingi á Stuðlum.

Á árinu 2005 voru fastir starfsmenn Stuðla 27 talsins, þar af voru 25 í fullu starfi og 2 í 25% starfi hvor. Á árinu 2005 hættu þrír starfsmenn og tveir nýir komu til starfa. Auk fastra starfsmanna störfuðu 6 einstaklingar í hlutastörfum við afleysingar í vetrar- og sumarleyfum. Starfsmenn Stuðla fylgja í störfum sínum verklagsreglum sem settar eru af forstöðumanni Stuðla í samráði við Barnaverndarstofu.

*Lokuð deild (neyðarvistun)*

Í töflu 2.2.1 er yfirlit yfir notkun á lokaðri deild Stuðla á 10 ára tímabili eða frá fyrstu innlögn á deildina þann 8. september 1996. Komur eru töluvert fleiri en fjöldi einstaklinga þar sem hluti barnanna er vistaður oftar en einu sinni. Fjöldi koma jókst jafnt og þétt frá og með árinu 2000 í kjölfar hærri sjálfræðisaldurs. Árin 2003 og 2004 fækkaði komum miðað við árin áður vegna þess að af öryggisástæðum var hætt að yfirbóka deildina. Aðstæður á lokaðri deild voru þannig að 4 rými voru í tveimur tveggja manna herbergjum. Vegna kynjaskiptingar eða ástands einstaklinga var deildin því oft full með 2-3 einstaklingum. Af þessum ástæðum þurfti að hafna eða fresta vistunum samtals í 87 skipti á árinu 2004, allt frá einu skipti upp í 24 skipti í sama mánuði. Fækkun vistunardaga árið 2004 miðað við árið áður orsakast af byggingarframkvæmdum. Í desember 2004 var viðbyggingin tekin í notkun og fjölgaði rýmum á lokaðri deild í 5 sem eru öll í einstaklingsherbergjum.

**Tafla 2.2.1 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun).**

| Ár | Komur | Fjöldi einstaklinga | Piltar | Stúlkur | Vistunardagar | Meðalfjöldi barna | Nýtingarhlutfall | Meðalvistunartími í dögum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996* | 59 | 29 | 15 | 14 | 197 | 1,6 | 40,0% | 3,3 |
| 1997 | 102 | 79 | 36 | 43 | 601 | 1,6 | 40,0% | 5,9 |
| 1998 | 135 | 65 | 28 | 37 | 527 | 1,4 | 37,5% | 3,9 |
| 1999 | 139 | 68 | 32 | 36 | 709 | 1,9 | 47,5% | 5,1 |
| 2000 | 152 | 96 | 49 | 47 | 848 | 2,3 | 57,5% | 5,5 |
| 2001 | 184 | 113 | 56 | 57 | 988 | 2,7 | 67,5% | 5,4 |
| 2002 | 196 | 102 | 57 | 45 | 1.174 | 3,2 | 80,0% | 6,0 |
| 2003 | 147 | 77 | 37 | 40 | 959 | 2,6 | 65,0% | 6,5 |
| 2004 | 143 | 82 | 37 | 45 | 791 | 2,3 | 61,0% | 5,5 |
| 2005 | 199 | 108 | 53 | 55 | 1.061 | 2,9 | 58,3% | 5,3 |

*Fyrsta innlögn á lokaða deild var 8. september 1996. Stuðlar voru formlega opnaðir 26. september 1996.

Í töflu 2.2.2 er birt yfirlit yfir nýtingu lokaðrar deildar Stuðla eftir mánuðum. Í byrjun sumars 2004 og þar til viðbygging við lokaða deild var tekin í notkun þurfti að fækka rýmum niður í tvö. Í desember 2004 var viðbyggingin tekin í notkun og fjölgaði rýmum á lokaðri deild í 5 sem eru öll í einstaklingsherbergjum.

**Tafla 2.2.2 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun) eftir mánuðum.**

| | Vistunardagar | | | | | Meðalfjöldi barna | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Janúar | 94 | 67 | 89 | 84 | 122 | 3,0 | 2,2 | 2,9 | 2,7 | 3,9 |
| Febrúar | 92 | 113 | 59 | 47 | 110 | 3,3 | 4,0 | 2,1 | 3,4 | 3,5 |
| Mars | 71 | 123 | 95 | 89 | 88 | 2,3 | 4,0 | 3,1 | 2,9 | 2,8 |
| Apríl | 97 | 113 | 103 | 78 | 112 | 3,2 | 3,8 | 3,4 | 2,6 | 3,6 |
| Maí | 86 | 74 | 115 | 74 | 117 | 2,8 | 2,4 | 3,7 | 2,4 | 3,8 |
| Júní | 55 | 112 | 79 | 67 | 68 | 1,8 | 3,7 | 2,5 | 2,2 | 2,2 |
| Júlí | 93 | 85 | 69 | 69 | 75 | 3,1 | 2,7 | 2,2 | 2,2 | 2,4 |
| Ágúst | 79 | 91 | 65 | 57 | 55 | 2,6 | 2,9 | 2,1 | 1,8 | 1,8 |
| September | 73 | 105 | 65 | 68 | 97 | 2,4 | 3,5 | 2,2 | 2,3 | 3,1 |
| Október | 99 | 110 | 75 | 41 | 73 | 3,2 | 3,5 | 2,4 | 1,3 | 2,4 |
| Nóvember | 70 | 91 | 73 | 57 | 68 | 2,3 | 2,9 | 2,4 | 1,8 | 2,2 |
| Desember | 79 | 90 | 72 | 60 | 76 | 2,6 | 2,9 | 2,3 | 1,9 | 2,5 |
| Samtals | 988 | 1.174 | 959 | 791 | 1.061 | 2,7 | 3,2 | 2,6 | 2,3 | 2,9 |

*Meðferðardeild*

Í *töflu 2.2.3* er yfirlit yfir notkun á meðferðardeild Stuðla á 10 ára tímabili eða frá fyrstu innlögn á deildina þann 16. september 1996. Sum árin eru komur fleiri en fjöldi einstaklinga. Tölur í dálkunum piltar og stúlkur merkja fjölda einstaklinga en skáletraðar tölur í svigum merkja komur (fjölda innskrifta). Þannig komu 15 stúlkur til meðferðar árið 1997 í samtals 17 skipti o.s.frv. Eins og sjá má hefur oftast verið beðið um endurinnlögn fyrir stúlkur. Möguleikar á endurinnlögn voru rýmkaðir í kjölfar breytinga á miðju ári 2002 þegar vistunartími var styttur. Athygli vekur hins vegar að barnaverndarnefndir hafa nýtt möguleika á endurinnlögn mjög takmarkað.

**Tafla 2.2.3 Notkun á meðferðardeild Stuðla.**

| Ár | Komur | Fjöldi einstaklinga | Piltar | Stúlkur | Vistunar-dagar | Meðal-fjöldi barna | Nýtingar-hlutfall | Meðal-aldur í árum | Meðalvist-unartími í vikum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1996* | 14 | 14 | 10 | 4 | 705 | 5.8 | 72,5% | 14,4 | 7.1 |
| 1997 | 32 | 30 | 15 | 15 (17) | 2540 | 7 | 87,5% | 14,7 | 11,3 |
| 1998 | 37 | 36 | 19 (20) | 17 | 2850 | 7,8 | 97,5% | 15,3 | 11,0 |
| 1999 | 31 | 31 | 19 | 12 | 2821 | 7,7 | 96,3% | 15,5 | 13,0 |
| 2000 | 43 | 43 | 25 | 18 | 2803 | 7,3 | 91,3% | 15,2 | 9,3 |
| 2001 | 40 | 40 | 23 | 17 | 2.746 | 7,5 | 93,8% | 15,2 | 9,8 |
| 2002 | 50 | 49 | 22 | 27 (28) | 2.675 | 7,3 | 91,3% | 15,0 | 7,6 |
| 2003 | 53 | 52 | 27 | 25 (26) | 2.237 | 6,1 | 76,3% | 15,2 | 6,0 |
| 2004 | 49 | 48 | 22 | 26 (27) | 2.287 | 6,3 | 77,5% | 15,9 | 6,7 |
| 2005 | 50 | 49 | 31 | 18 (19) | 2.347 | 6,4 | 80,0% | 14,8 | 6,7 |

* Fyrsta innlögn á meðferðardeild var 16. september. Stuðlar voru formlega opnaðir 26. september 1996.

Í *töflu 2.2.4* er yfirlit yfir fjölda vistunardaga og meðalfjölda barna skipt eftir mánuðum á 5 ára tímabili. Fækkun í júní, júlí og ágúst stafar af sumarleyfum starfsfólks. Byggingarframkvæmdir (viðbygging) höfðu áhrif á nýtingu í október, nóvember og desember 2004 þegar rýmum var fækkað úr 8 í 6 þar sem tvö rými voru tekin undir lokaða deild. Í *töflu 2.2.5* er yfirlit yfir fjölda og aldursskiptingu barna á meðferðardeild á 5 ára tímabili.

**Tafla 2.2.4 Notkun á meðferðardeild Stuðla eftir mánuðum.**

| | Vistunardagar | | | | | Meðalfjöldi barna | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Janúar | 247 | 245 | 203 | 240 | 193 | 8,0 | 7,9 | 6,5 | 7,7 | 6,2 |
| Febrúar | 228 | 222 | 215 | 211 | 166 | 8,1 | 7,9 | 7,7 | 7,3 | 5,9 |
| Mars | 248 | 244 | 240 | 219 | 242 | 8,0 | 7,9 | 7,7 | 7,1 | 7,8 |
| Apríl | 231 | 237 | 237 | 240 | 238 | 7,7 | 7,9 | 7,9 | 8,0 | 7,9 |
| Maí | 234 | 240 | 207 | 243 | 234 | 7,5 | 7,7 | 6,7 | 7,8 | 7,5 |
| Júní | 236 | 241 | 122 | 172 | 150 | 7,9 | 7,1 | 4,1 | 5,7 | 5,0 |
| Júlí | 150 | 120 | 126 | 120 | 121 | 4,8 | 3,9 | 4,1 | 3,9 | 3,9 |
| Ágúst | 196 | 175 | 161 | 174 | 126 | 6,3 | 5,6 | 5,2 | 5,6 | 4,1 |
| September | 236 | 237 | 134 | 163 | 215 | 7,9 | 7,9 | 4,5 | 5,4 | 7,2 |
| Október | 257 | 241 | 167 | 175 | 230 | 8,3 | 7,8 | 5,4 | 5,6 | 7,4 |
| Nóvember | 241 | 236 | 186 | 176 | 202 | 8,0 | 7,9 | 6,2 | 5,9 | 6,7 |
| Desember | 242 | 237 | 239 | 154 | 230 | 7,5 | 7,6 | 7,7 | 5,0 | 7,4 |
| Meðaltal | 2.746 | 2.675 | 2.237 | 2.287 | 2.347 | 7,5 | 7,3 | 6,1 | 6,3 | 6,4 |

Eins og kemur fram í *töflu 2.2.5* eru flest börn á aldrinum 14-16 ára sem vistast á meðferðardeild Stuðla. Á milli áranna 2004 og 2005 fjölgar unglingum 15-16 ára en fækkar að sama skapi í 16-17 ára aldurshópnum.

**Tafla 2.2.5 Fjöldi barna á meðferðardeild Stuðla, skipt eftir aldri.**

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 12-13 ára | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 2,0 |
| 13-14 ára | 5 | 12,5 | 3 | 6,0 | 10 | 11,8 | 7 | 14,3 | 8 | 16,0 |
| 14-15 ára | 11 | 27,5 | 8 | 16,0 | 17 | 29,4 | 18 | 36,7 | 19 | 38,0 |
| 15-16 ára | 15 | 37,5 | 26 | 52,0 | 16 | 29,4 | 13 | 26,5 | 18 | 36,0 |
| 16-17 ára | 6 | 15,0 | 11 | 22,0 | 6 | 19,6 | 11 | 22,4 | 3 | 6,0 |
| 17-18 ára | 3 | 7,5 | 2 | 4,0 | 4 | 9,8 | 0 | 0,0 | 1 | 2,0 |
| Samtals | 40 | 100 | 50 | 100 | 53 | 100 | 49 | 100 | 50 | 100 |

*Helsti vandi barna á meðferðardeild Stuðla*

Börnin sem koma á Stuðla eiga við margvísleg vandamál að stríða. Greiningarniðurstöður eru ásamt öðrum upplýsingum notaðar til að greina alvarleika vandans og þjónustuþörf. Flest börnin sem koma á Stuðla eiga við fjölþættan vanda að stríða. Mörg eiga sér langa sögu um erfiðleika í námi, samskiptum og aðlögun, einnig þau sem eiga í vímuefnavanda.

Í *töflu 2.2.6* og *mynd 2.2.1.* koma fram upplýsingar um helsta vanda barna á meðferðardeild skv. K-SADS greiningarviðtali (hálfstaðlað viðtal) sem vísar í DSM-IV greiningarkerfið (greiningarkerfi bandarísku geðlæknasamtakanna). Athuga ber að ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem uppfylla ekki greiningarskilmerki skv. K-SADS. Hvert barn getur uppfyllt greiningarskilmerki í fleiri en einum flokki. Flest börnin stríða við hegðunarröskun á unglingsárum enda er þar um að ræða einkenni sem (auk vímuefnavanda) ráða mestu um að sótt er um meðferð, svo sem útigang, ítrekuð skróp í skóla, beitingu ofbeldis, þjófnaði, innbrot eða önnur afbrot. Hegðunarröskun frá barnsaldri þýðir að a.m.k. eitt einkenni hegðunarröskunar var komið fram fyrir 10 ára aldur. Ekki er í þessari töflu gerð grein fyrir alvarleika hegðunarröskunar, þ.e. hvort einkennin eru mild, í meðallagi eða alvarleg. Það er hins vegar gert í greiningarniðurstöðum hvers barns og ræður miklu um mat á horfum og frekari þjónustuþörf. Ofvirkni og/eða athyglibrestur er mun algengari hjá piltum en stúlkum. Algengara er að stúlkur stríði við þunglyndi/óyndi; oftast er um að ræða óyndi, þ.e. vægt þunglyndi í eitt ár eða lengur, og eru einkennin aðgreind frá einkennum vímuefnaneyslu. Þetta þýðir að þau börn sem uppfylla skilmerki um þunglyndi/óyndi og einnig hafa verið í vímuefnaneyslu, stríddu

við þunglyndi/óyndi áður en neyslan hófst (og oftast einnig meðan á henni stóð). Sjaldgæfara er að börn sem vistuð eru á Stuðlum uppfylli skilmerki kvíðaraskana þó þau beri mörg kvíðaeinkenni.

**Tafla 2.2.6 Helstu niðurstöður greiningar samkvæmt K-SADS greiningarviðtali.**

| | Piltar 2003-2005 n=80 | | Stúlkur 2003-2005 N=72 | | Samtals 2003-2005 N=152 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Ofvirkni og/eða athyglisbrestur | 37 | 46,3 | 17 | 23,6 | 53 | 34,9 |
| Hegðunarröskun frá barnsaldri | 18 | 22,5 | 12 | 16,7 | 30 | 19,7 |
| Hegðunarröskun á unglingsárum | 31 | 38,8 | 35 | 48,6 | 66 | 43,4 |
| Þunglyndi / óyndi | 15 | 18,8 | 24 | 33,3 | 39 | 25,7 |
| Kvíðaraskanir | 2 | 2,5 | 7 | 9,7 | 8 | 5,3 |

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem uppfylla ekki greiningarskilmerki. Hvert barn getur uppfyllt greiningarskilmerki í fleiri en einum flokki.




**Mynd 2.2.1. Helstu niðurstöður greiningar samkvæmt K-SADS greiningarviðtali 2003-2005.**

Í *töflu 2.2.7* og *mynd 2.2.2* koma fram ýmsar aðrar niðurstöður greiningar sem fengnar eru úr aðsendum upplýsingum eða upplýsingum sem komu fram á Stuðlum. Flokkurinn skólaerfiðleikar tekur bæði til ýmis konar samskiptavanda og almennra og sértækra námserfiðleika. Almennir og sértækir námserfiðleikar eru síðan taldir sérstaklega upp. Hætt er við að sértækir námserfiðleikar séu vanmetnir, m.a. vegna þess að misjafnt er hversu góðar upplýsingar liggi fyrir eða fást frá heimaskólum.

Gera verður ráð fyrir að tölur um kynferðislega misnotkun, líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi og einelti séu lægri en fjöldi raunverulegra þolenda vegna þess að ekki segja allir frá slíkum atburðum. Þetta á ekki síst við um tölur um kynferðislega misnotkun pilta en einnig um líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi.

**Tafla 2.2.7 Aðrar niðurstöður 2003-2005.**

| | Piltar 2003-2005 n=80 | | Stúlkur 2003-2005 n=72 | | Samtals 2003-2005 N=152 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Skólaerfiðleikar | 65 | 81,3 | 58 | 80,6 | 123 | 80,9 |
| - almennir eða sértækir námserfiðleikar | 40 | 50,0 | 16 | 22,2 | 56 | 36,8 |
| Þolandi kynferðislegrar misnotkunar | 0 | 0,0 | 23 | 31,9 | 23 | 15,1 |
| Þolandi líkamlegs/andlegs ofbeldis | 7 | 8,8 | 10 | 13,9 | 17 | 11,2 |
| Þolandi eineltis | 17 | 21,3 | 29 | 40,3 | 46 | 30,3 |

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem falla ekki í einhvern ofantalinna flokka. Hvert barn getur fallið í einn eða fleiri flokk




**Mynd 2.2.2. Aðrar niðurstöður 2003-2005.**

Upplýsingarnar um vímuefnaneyslu unglinga á meðferðardeild Stuðla byggja á skriflegu verkefni (vímuefnakönnun II) sem unglingar vinna í meðferðinni. Þar er m.a. spurt hversu oft tiltekið efni var notað (aldrei, 1-2 skipti, 3-10 skipti, 11-20 skipti, oftar en 20 skipti), hvenær þess var fyrst neytt, hve lengi notað að staðaldri, hve oft í síðasta mánuði, á hvaða tímabilum mest og hversu títt (einu sinni í mánuði, 2-3 í mánuði, vikulega, oftar en vikulega, daglega).

Vímuefnakönnunin hefur fyrst og fremst verið notuð sem meðferðartæki. Ráðgjafi fer yfir svörin með viðkomandi unglingi og sannreynir þau eins og hægt er. Á undanförnum árum hefur ekki verið unnið tölfræðilega úr upplýsingunum vímuefnakönnunar að öðru leyti en því að talið hefur verið hversu margir segjast hafa notað tiltekin efni oftar en í 2 skipti (þ.e. í 3-10, 11-20 eða oftar en 20 skipti). Sundurgreindar upplýsingar um þessar breytur fyrir árin 2003-2005, ásamt aldurs- og kynjaskiptingu o.fl., er að finna í viðauka II.

Í *töflu 2.2.8* koma fram upplýsingar um notkun vímuefna oftar en tvisvar á árunum 2000, 2001 og 2002. Ef skoðaður er kynjamunur kemur í ljós að marktækt fleiri stúlkur en drengir hafa notað ýmis lyf oftar en tvisvar.

**Tafla 2.2.8 Vímuefni notuð oftar en tvisvar árin 2000-2002.**

| | Piltar 2000-2002 n=70 | | Stúlkur 2000-2002 n=63 | | Samtals 2000-2002 N=133 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Áfengi | 45 | 64,3 | 50 | 79,4 | 95 | 71,4 |
| Kannabis | 33 | 47,1 | 34 | 54,0 | 67 | 50,4 |
| Amfetamín | 14 | 20,0 | 22 | 34,9 | 36 | 27,1 |
| Kókaín | 8 | 11,4 | 12 | 19,0 | 20 | 15,0 |
| E-pillur | 12 | 17,1 | 16 | 25,4 | 28 | 21,1 |
| LSD | 3 | 4,3 | 1 | 1,6 | 4 | 3,0 |
| Rítalín | 12 | 17,1 | 8 | 12,7 | 20 | 15,0 |
| Sveppir | 7 | 10,0 | 5 | 7,9 | 12 | 9,0 |
| Sniffefni | 27 | 38,6 | 18 | 28,6 | 45 | 33,8 |
| Ýmis lyf | 13 | 18,6 | 23 | 36,5 | 36 | 27,1 |
| Sprautunotkun | 3 | 4,3 | 3 | 4,8 | 6 | 4,5 |

Í *töflu 2.2.9* koma fram upplýsingar um notkun vímuefna oftar en tvisvar á árunum 2003, 2004 og 2005. Ef skoðaður er kynjamunur kemur í ljós að marktækt fleiri stúlkur en drengir nota kókaín oftar en tvisvar. Á þessu tímabili, 2003-2005, hafa marktækt fleiri börn notað áfengi oftar en tvisvar og marktækt fleiri börn notað kannabisefni oftar en tvisvar heldur en á tímabilinu 2000-2002 (sjá *mynd 2.2.3*). Í báðum tilfellum á aukningin sér fyrst og fremst stað í aldurshópnum 14-15 ára, sjá nánar töflur um aldursskiptingu í viðauka II.

**Tafla 2.2.9 Vímuefni notuð oftar en tvisvar árin 2003-2005.**

| | Piltar 2003-2005 n=80 | | Stúlkur 2003-2005 n=72 | | Samtals 2003-2005 N=152 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Áfengi | 68 | 85,0 | 68 | 94,4 | 136 | 89,5 |
| Kannabis | 47 | 58,8 | 51 | 70,8 | 98 | 64,5 |
| Amfetamín | 25 | 31,3 | 29 | 40,3 | 54 | 35,5 |
| Kókaín | 6 | 7,5 | 16 | 22,2 | 22 | 14,5 |
| E-pillur | 14 | 17,5 | 14 | 19,4 | 28 | 18,4 |
| LSD | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Rítalín* | 13 | 24,5 | 8 | 17,4 | 21 | 21,2 |
| Sveppir | 13 | 16,3 | 12 | 16,7 | 25 | 16,4 |
| Sniffefni | 26 | 32,5 | 24 | 33,3 | 50 | 32,9 |
| Ýmis lyf | 25 | 31,3 | 31 | 43,1 | 56 | 36,8 |
| Sprautunotkun | 0 | 0,0 | 3 | 4,2 | 3 | 2,0 |

* Ekki var spurt um rítalín sérstaklega árið 2003.




**Mynd 2.2.3. Marktæk fjölgun þeirra sem höfðu notað áfengi eða kannabisefni oftar en tvisvar.**

Í *töflu 2.2.10* koma fram upplýsingar um notkun vímuefna oftar en tvisvar á samanlögðum tímabilum, þ.e. sex ára tímabili, 2000-2005. Ef skoðaður er kynjamunur á þessu tímabili, 2000-2005, kemur í ljós að marktækt fleiri stúlkur en drengir hafa notað áfengi, amfetamín, kókaín og ýmis lyf (sjá einnig *mynd 2.2.4*).

**Tafla 2.2.10 Vímuefni notuð oftar en tvisvar árin 2000-2005.**

| | Piltar 2000-2005 n=150 | | Stúlkur 2000-2005 N=135 | | Samtals 2000-2005 N=285 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Áfengi | 113 | 75,3 | 118 | 87,4 | 231 | 81,1 |
| Kannabis | 80 | 53,3 | 85 | 63,0 | 165 | 57,9 |
| Amfetamín | 39 | 26,0 | 51 | 37,8 | 90 | 31,6 |
| Kókaín | 14 | 9,3 | 28 | 20,7 | 42 | 14,7 |
| E-pillur | 26 | 17,3 | 30 | 22,2 | 56 | 19,6 |
| LSD | 3 | 2,0 | 1 | 0,7 | 4 | 1,4 |
| Rítalín* | 25 | 20,3 | 16 | 14,7 | 41 | 17,7 |
| Sveppir | 20 | 13,3 | 17 | 12,6 | 37 | 13,0 |
| Sniffefni | 53 | 35,3 | 42 | 31,1 | 95 | 33,3 |
| Ýmis lyf | 38 | 25,3 | 54 | 40,0 | 92 | 32,3 |
| Sprautunotkun | 3 | 2,0 | 6 | 4,4 | 9 | 3,2 |

* Ekki var spurt um rítalín sérstaklega árið 2003.




**Mynd 2.2.4. Vímuefni notuð oftar en tvisvar árin 2000-2005.**

*Aukning vímuefnaneyslu*

Eins og fram kom hér að ofan verður ekki vart minnkunar vímuefnaneyslu meðal þeirra unglinga sem leitað er meðferðar fyrir á Stuðlum á síðastliðnum sex árum, þ.e. 2000-2005. Marktækt fleiri börn hafa notað áfengi oftar en

tvisvar og marktækt fleiri börn notað kannabisefni oftar en tvisvar á tímabilinu 2003-2005 miðað við tímabilið 2000-2002. Í báðum tilfellum á aukningin sér fyrst og fremst stað í aldurshópnum 14-15 ára, sjá nánar töflur um aldursskiptingu í viðauka II.

*Tíðni vímuefnaneyslu*

Auk spurninga í vímuefnakönnun um magn vímuefna er spurt hversu oft (títt) efnin voru notuð þegar neyslan var mest, þ.e. hvort þau voru notuð einu sinni í mánuði, 2-3 í mánuði, vikulega, oftar en vikulega eða daglega. Í *töflu 2.2.11* og *mynd 2.2.5* hafa þessar upplýsingar verið dregnar saman í þrjá flokka. Í ljós kemur að mismunandi er eftir tegund vímuefna hversu títt þau eru notuð. Ætla má að þeir sem segjast nota vímuefni oftar en vikulega eða daglega séu lengra leiddir í vímuefnaneyslu og að neyslan hafi meiri áhrif á daglegt líf, skólasókn, nám eða vinnu o.s.fv. Eins og sjá má eru það kannabisefni (hass og marihuana) sem flestir nota daglega.

Ekki eru upplýsingar gefnar hér um flokkinn ýmis lyf þar sem hann er samansafn þriggja annarra flokka (róandi lyf/svefnlyf, verkjalyf, önnur lyf). Ekki eru upplýsingar gefnar hér um rítalín þar sem ekki var spurt um það sérstaklega árið 2003 heldur einungis árin 2004 og 2005.

**Tafla 2.2.11 Tíðni neyslu: Hversu oft notað þegar mest var (2003-2005).**

| | Áfengi | | Kannabis | | Amfetamín | | Kókaín | | E-pillur | | Sveppir | | Sniff | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| N=152 | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Vikulega, sjaldnar eða svara ekki | 105 | 69% | 41 | 27% | 56 | 37% | 27 | 18% | 40 | 26% | 41 | 27% | 47 | 31% |
| Oftar en vikulega | 19 | 13% | 19 | 13% | 5 | 3% | 5 | 3% | 2 | 1% | 2 | 1% | 7 | 5% |
| Daglega | 14 | 9% | 53 | 35% | 10 | 7% | 2 | 1% | 2 | 1% | 2 | 1% | 10 | 7% |
| Alls notað | 138 | 91% | 113 | 74% | 71 | 47% | 34 | 22% | 44 | 29% | 45 | 30% | 64 | 42% |




**Mynd 2.2.5. Hlutfall þeirra sem nota vímuefni oftar en vikulega eða daglega (2003-2005).**

Frekari upplýsingar um vímuefnaneyslu árin 2003-2005 má finna í viðauka II. Þar kemur m.a. fram að árið 2003 höfðu 35,8% unglinga reykt kannabisefni oftar en 20 sinnum en þetta hlutfall var komið upp í 48,0% árið 2005. Þar kemur einnig fram að þegar mest var höfðu 48,6% unglinga reykt kannabisefni daglega árið 2003 en 71,9% árið 2005. Rétt rúm 11% unglinga höfðu notað amfetamín oftar en 20 sinnum árið 2003 en þetta hlutfall var komið upp í 24% árið 2005. Árið 2003 höfðu einungis 1,9% unglinga notað sveppi oftar en 20 sinnum en 10,0% unglinga árið 2005. Árin 2003 og 2004 var enginn unglingur sem notaði sveppi oftar en vikulega þegar mest var. Árið 2005 notuðu hins vegar 25% unglinga sveppi oftar en vikulega þegar mest var. Það kemur einnig fram í viðauka II að hlutfall þeirra sem notuðu sniffefni oftar en tvisvar hélst nokkuð stöðugt milli ára á meðan hlutfall þeirra sem fiktuðu við sniffefni lækkaði umtalsvert. Vísbendingar um fækkun þeirra sem fiktuðu við sniffefni má sjá á því að hlutfall þeirra sem aldrei höfðu prófað sniffefni var 70% árið 2005 en tæp 50% árið 2003, sem og að tæp 19% höfðu prófað sniffefni í 1-2 skipti árið 2003 miðað við 0% árið 2005.

## 2.3 Langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Í *töflum 2.3.1 – 2.3.3* koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi meðferðarheimila Barnaverndarstofu á árunum 2001–2005. Á tímabilinu sem taflan sýnir hefur rýmum fækkað í 49. Heimilin eru sjö talsins árið 2005. Á árinu 2004 sögðu Torfastaðir upp samningi og hættu starfsemi í lok september. Eins og kom fram fyrr í kaflanum flutti starfsemi Götusmiðjunnar austur á Rangárvelli eða nánar tiltekið í Akurhól nálægt Gunnarsholti. Á árinu 2005 voru heimilin með fjögur til þrettán rými og stöðugildi frá fjórum og upp í sautján. Fjöldi barna sem vistast á heimilin hefur verið nokkuð svipaður á þessu tímabili. Þó fækkaði börnum nokkuð árið 2005 og voru alls 105. Börnum fækkaði því um 23% milli áranna 2004 og 2005. Fjöldi vistunardaga hefur verið nokkuð svipaður á þessu tímabili og var 15.770 árið 2005. Nýtingarhlutfall hefur að jafnaði verið yfir 90% á þessu tímabili. Nýtingahlutfallið fór þó niður í 81% árið 2004 en hækkaði aftur í tæp 90% árið 2005. Lágt nýtingarhlutfall árið 2004 má einkum skýra með því að á árinu 2004 lá fyrir að Torfastaðir myndu hætta rekstri og því var ekki vistað í stað þeirra barna sem útskrifuðust. Einnig var lítil aðsókn að Háholti sem skýrir lágt nýtingarhlutfall þar. Að lokum er ekki er hægt að gera ráð fyrir að rými séu fullnýtt alla daga ársins. Óviðráðanlegar tafir geta orðið á innskrift barns og útskrift barns getur átt sér stað án fyrirvara.

Vistunarsamningar eru almennt gerðir til eins árs með endurskoðunarákvæði eftir sex mánaða dvöl. Samkvæmt töflu *2.3.3* er meðallengd dvalar 355 dagar árið 2005. Dvalartíminn er lengstur á meðferðarheimilinu Hvítárbakka en lægstur á Háholti. Alls voru 69 börn útskrifuð árið 2005 en þeim fækkaði umtalsvert frá árinu 2004 þegar 105 börn útskrifuðust. Rétt er að vekja á því athygli að meðallengd dvalar er reiknuð miðað við inn- og útskrift á tiltekin heimili, en sama barn getur hugsanlega vistast á fleiri en einu heimili og raunverulegur dvalartími þess í meðferð er því lengri. Reikna má með að þetta hafi verið algengara þegar líður á tímabilið 2001 – 2005 í kjölfar fjölgunar rýma og aukinnar sérhæfingar heimilanna. Raunverulegur meðferðartími barna getur því verið nokkru lengri en tölur um meðallengd dvalar gefa til kynna.

**Tafla 2.3.1 Fjöldi rýma, fjöldi vistaðra barna og stöðugildi á meðferðarheimilum 2001-2005.**

| Heimili | Fjöldi rýma | | | | | Fjöldi vistaðra barna yfir árið | | | | | Fjöldi stöðugilda [1] | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Árbót/Berg ............. | 10 | 12 | 12 | 12 | 12 | 14 | 20 | 24 | 23 | 20 | 13,0 | 16,0 | 16,0 | 15,0 | 15,0 |
| Geldingalækur ......... | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 9 | 8 | 12 | 11 | 11 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 |
| Torfastaðir[2] ............. | 6 | 6 | 6 | 6 | - | 9 | 11 | 9 | 6 | - | 7,0 | 8,0 | 8,0 | 8,0 | - |
| Laugaland .............. | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 | 13 | 12 | 13 | 18 | 12 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 |
| Hvítárbakki ............. | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 9 | 10 | 11 | 9 | 10 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 7,0 |
| Háholt .................... | 6 | 6 | 6 | 6 | 4 | 12 | 16 | 13 | 11 | 8 | 10,0 | 10,0 | 10,0 | 10,0 | 10,0 |
| Árvellir/Akurhóll[3] ...... | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 57 | 55 | 57 | 58 | 44 | 18,5 | 17,0 | 17,0 | 17,0 | 17,0 |
| Jökuldalur[4]............... | 6 | 6 | - | - | - | 13 | 5 | - | - | - | 5,0 | 5,0 | - | - | - |
| Alls/meðaltal ........... | 61 | 63 | 57 | 57 | 49 | 136 | 137 | 139 | 136 | 105 | 69,5 | 72,0 | 67,0 | 66,0 | 58,0 |

[1]Fjöldi stöðugilda miðast við þjónustusamning. [2] Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004. [3]Ungmenni á aldrinum 18-21 árs vistast einnig á Akurhól og erfitt er að leggja mat á vinnuframlag vegna rýma í samningi við Barnaverndarstofu sérstaklega. Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Fjöldi stöðugilda er hér meðalfjöldi starfsmanna heimilisins samkvæmt ársreikningum. [4]Meðferðarheimilið Jökuldal hóf starfsemi sína í febrúar 2000, en var lokað 1. júní 2002.

**Tafla 2.3.2 Vistunardagar, raunfjöldi og nýtingarhlutfall rýma 2001-2005.**

| Heimili | Hámarksfjöldi vistunardaga | | | | | Raunfjöldi vistunardaga | | | | | Nýtingarhlutfall % | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Árbót/Berg .......... | 3.650 | 4.380 | 4.380 | 4.380 | 4.380 | 3.551 | 4.159 | 3.982 | 3.857 | 4.150 | 97 | 95 | 91 | 88 | 95 |
| Geldingalækur ..... | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.158 | 2.175 | 2.085 | 1.901 | 2.082 | 99 | 99 | 95 | 87 | 95 |
| Torfastaðir[1] .......... | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 1.638 | - | 2.056 | 2.091 | 2.126 | 864 | - | 94 | 95 | 97 | 53 | - |
| Laugaland[2] .......... | 2.920 | 2.920 | 2.920 | 2.920 | 2.920 | 2.562 | 2.897 | 2.797 | 2.378 | 2.228 | 88 | 99 | 96 | 81 | 76 |
| Hvítárbakki .......... | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.199 | 2.206 | 2.083 | 2.144 | 2.497 | 100 | 100 | 95 | 98 | 100 |
| Háholt[3] ................ | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 2.190 | 1.460 | 2.024 | 2.184 | 2.013 | 1.670 | 1.175 | 92 | 100 | 92 | 76 | 80 |
| Árvellir/Akurhóll[3] | 4.745 | 4.745 | 4.745 | 4.745 | 4.745 | 2.862 | 3.297 | 3.041 | 3.255 | 3.638 | - | - | - | - | - |
| Jökuldalur[4]........... | 2.190 | 906 | - | - | - | 1.501 | 491 | - | - | - | 69 | 54 | - | - | - |
| Alls/meðaltal ....... | 22.265 | 21.711 | 20.805 | 20.253 | 17.885 | 18.913 | 19.500 | 18.127 | 16.069 | 15.770 | 91 | 92 | 94 | 81 | 89 |

[1] Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004. Þar sem fyrir lá að Torfastaðir væru að hætta á árinu var ekki vistað í stað þeirra sem útskrifuðust. Það skýrir lágt nýtingarhlutfall árið 2004. [2]Athugið að lágt nýtingarhlutfall á Laugalandi árið 2004 og 2005 starfar af því að færri börn voru vistuð þar hluta og er nýtingarhlutfall því í raun hærra. [3]Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Dvalartími barna á Akurhól er mun styttri en á öðrum heimilum og því ekki sambærilegur. Þar eru rými einnig nýtt af ungmennum 18-21 ára en hér er einungis tekin fram fjöldi vistunardaga barna yngri en 18 ára. Eins má nefna að á Akurhól er, að auki, eitt pláss til endurvistunar. [4]Meðferðarheimilið Jökuldalur hóf starfsemi sína 1. febrúar 2000 en varð ekki fullskipað fyrr en 30. mars 2000. Því var svo lokað 1. júní 2002.

**Tafla 2.3.3 Fjöldi útskrifta í langtímameðferð, meðalaldur barna við lok dvalar og dvalartími 2001-2005.**

| Heimili | Fjöldi útskrifaðra | | | | | Meðallengd dvalar í dögum | | | | | Meðalaldur við lok dvalar | | | | | Lengsta dvöl í dögum | | | | | Stysta dvöl í dögum | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 |
| Árbót/Berg ......... | 5 | 8 | 13 | 14 | 8 | 409 | 557 | 459 | 355 | 393 | 16,8 | 15,9 | 15,8 | 15,9 | 16,0 | 1.452 | 1.772 | 694 | 631 | 732 | 98 | 70 | 31 | 162 | 182 |
| Geldingalækur..... | 3 | 2 | 6 | 6 | 6 | 1.204 | 598 | 671 | 345 | 430 | 14,4 | 14,4 | 14,4 | 13,4 | 12,8 | 2.763 | 962 | 962 | 438 | 707 | 271 | 47 | 365 | 168 | 269 |
| Torfastaðir[1] ......... | 3 | 5 | 3 | 6 | - | 529 | 549 | 503 | 505 | - | 16,7 | 15,1 | 15,4 | 15,6 | - | 661 | 991 | 628 | 813 | - | 349 | 49 | 272 | 263 | - |
| Laugaland ........... | 6 | 4 | 5 | 13 | 8 | 316 | 543 | 375 | 333 | 246 | 16,6 | 16,6 | 16,7 | 15,8 | 15,9 | 675 | 645 | 622 | 708 | 446 | 49 | 265 | 98 | 127 | 155 |
| Hvítárbakki.......... | 3 | 4 | 6 | 3 | 3 | 491 | 625 | 324 | 570 | 539 | 15,9 | 16,8 | 16,3 | 17,0 | 16,7 | 605 | 804 | 620 | 825 | 740 | 282 | 358 | 117 | 140 | 345 |
| Háholt ............... | 6 | 10 | 9 | 10 | 7 | 222 | 323 | 228 | 189 | 165 | 17,4 | 16,8 | 16,1 | 16,4 | 16,0 | 475 | 533 | 342 | 310 | 299 | 87 | 91 | 64 | 52 | 72 |
| Árvellir/Akurhóll[2] . | 50 | 43 | 47 | 53 | 37 | (52) | (60) | (53) | (57) | (88) | 17,0 | 16,4 | 16,7 | 17,1 | 17,6 | 255 | 197 | 181 | 193 | 197 | - | - | - | - | - |
| Jökuldalur[3] ......... | 10 | 5 | - | - | - | 153 | 260 | - | - | - | 16,2 | 16,2 | - | - | - | 286 | 734 | - | - | - | 6 | 60 | - | - | - |
| Alls/meðaltal ...... | 86 | 81 | 89 | 105 | 69 | 475 | 494 | 427 | 383 | 355 | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - |

[1] Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004. [2]Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Dvalartími í meðferð hjá Akurhól er ekki sambærilegur við önnur heimili og er hann birtur til upplýsingar en er ekki reiknaður inn í meðallengd dvalar á meðferðarheimilum. [3]Meðferðarheimilið á Jökuldal hóf starfsemi síma 1. febrúar árið 2000 en var lokað 1. júní 2002.

# 3 Barnahús

Barnahús hóf starfsemi 1. nóvember 1998. Frá upphafi var ákveðið að um 2ja ára tilraunaverkefni væri að ræða. Gert var ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins yrði tekin ákvörðun um framtíð hússins í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefði fengist af starfsemi þess. Tilraunaverkefnið var framlengt um eitt ár og að því loknu, árið 2001, var ákveðið að starfsemi þess yrði fest í sessi.

Þann 1. nóvember 2005 voru því sjö ár liðin frá því að Barnahús tók til starfa. Á þessum sjö árum hafa 1.070 börn notið þjónustu hússins. Barnahús hefur öðlast ýmsa viðurkenningu á þessu tímabili, m.a. af Evrópusamtökum Save the Children og fyrstu viðurkenningu Barnaheilla sem veitt var vegna sérstaks framlags í þágu réttinda barna á árinu 2002. Fjölmargir innlendir sem erlendir gestir hafa heimsótt Barnahús á árunum 2004 og 2005. Hæst bar að sjálfsögðu heimsókn hennar hátignar Sylvíu drottningar Svíþjóðar sem kom í Barnahús í september 2004. Eins og vikið er að annars staðar í skýrslunni leiddi heimsóknin til þess að drottningin beitti sér fyrir stofnun fyrsta Barnahússins í Svíþjóð, sem tók til starfa í Linköping ári síðar. Barnaverndarstofu var sýndur mikill heiður með því að forstjóra stofunnar var boðið að halda ávarp við opnunarvígslu hússins og í ávarpi drottningar við þetta tækifæri lýsti hún því hvaða áhrif heimsókn hennar í íslenska Barnahúsið hefðir haft á hana. Sama ár kom jafnframt Thomas Bodström dómsmálaráðherra Svíþjóðar í Barnahús. Nú hafa Svíar ákveðið að fyrir lok ársins 2006 verði starfandi Barnahús í sex borgum í Svíþjóð og hefur réttarfélagsfræðideild háskólans í Lundi verið falið að framkvæma árangursmat á starfseminni í öllum sex húsunum. Þá heimsótti Odd Einar Dörum dómsmálaráðherra Noregs Barnahús í júní 2004. Norska stórþingið ákvað á árinu 2005 að veita fé til undirbúnings starfrækslu barnahúss í Noregi á árinu 2006 og kom undirbúningsnefnd á vegum norskra stjórnvalda í kynnisferð í Barnahús í nóvember 2005. Á árinu 2005 var Barnahús tilnefnt til svonefndra „Multidisiplinary Team Award“ sem alþjóðlegu barnaverndarsamtökin ISPCAN veita í tengslum við alþjóðaráðstefnur sínar annað

hvert ár, næst haustið 2006. Loks má geta þess að Evrópuráðið og Unicef buðu forstjóra Barnaverndarstofu að flytja erindi á alþjóðaráðstefnu ríkja Evrópu og Mið Asíu í Ljubljana í júlí 2005 um kynferðisofbeldi á börnum þar sem íslenska Barnahúsið hlaut mikið lof. Af ofangreindu má ráða hversu mikla alþjóðlega athygli Barnahúsið hefur fengið á undanförnum árum.

Barnahús er staðsett í kyrrlátu og grónu íbúðahverfi borgarinnar. Það er hannað sérstaklega til að mæta þörfum barna. Mjög góð aðstaða er í húsinu bæði fyrir börnin og þá sem þeim fylgja. Í húsinu er sérútbúið viðtalsherbergi til að framkvæma rannsóknarviðtöl/skýrslutökur. Þar er barnið eitt með viðmælanda sínum. Viðtalinu er sjónvarpað beint í sérstakan fundarsal þar sem þeir sem þurfa að fylgjast með framburði barnsins eru staddir. Héraðsdómur Reykjaness hefur verið tengdur Barnahúsi með fjarfundabúnaði frá árinu 2001 og fer dómþing því fram í húsnæði Héraðsdóms í Hafnarfirði en barnið kemur ásamt foreldrum eða forráðamönnum í Barnahús. Dómari stjórnar skýrslutökum þaðan og getur ásamt öðrum sem eru viðstaddir komið spurningum sínum á framfæri við sérfræðinginn sem talar við börnin. Hefur þessi nýja tækni nýst mjög vel. Þegar um könnunarviðtal er að ræða er það einungis starfsmaður barnaverndarnefndar sem fylgist með viðtalinu og ber formlega ábyrgð á framkvæmd þess. Ef viðtalið er liður í lögreglurannsókn fer það fram undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákæruvaldsins, verjanda sakbornings (sakborningi sjálfum, krefjist hann þess), réttargæslumanni barnsins, starfsmanni barnaverndarnefndar og fulltrúum lögreglu. Dómarinn getur stjórnað framvindu viðtalsins og komið að spurningum með hjálp sérstaks búnaðar án þess að barnið verði þess vart. Í Barnahúsi er einnig mjög góð aðstaða til læknisskoðana.

Verkefnum Barnahúss má skipta í fræðslu og ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, læknisskoðun, greiningu og meðferð. Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni getur starfsmaður barnaverndarnefndar fengið leiðbeiningar um könnun málsins (22. gr. bvl.) í Barnahúsi. Ráðgert er hvernig vinnslu máls skuli háttað en barnaverndarnefnd ber jafnframt ábyrgð á að meta þörf fyrir lögreglurannsókn og læknisskoðun. Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir refsiverðri háttsemi og meintur gerandi hefur náð sakhæfisaldri sem er 15 ár er mælt með að barnaverndarnefnd fari fram á opinbera rannsókn lögreglu. Barnalæknir og kvensjúkdómalæknir hafa haft fasta viðveru í Barnahúsi hálfan dag, hálfsmánaðarlega. Hlé varð á þeirri þjónustu frá miðjum júní 2004 þegar Landspítali-háskólasjúkra-

hús ákvað einhliða að ekki yrði um framhald á henni að ræða nema greiðsla frá Barnaverndarstofu/félagsmálaráðuneyti kæmi til að standa straum af þeim kostnaði sem af læknisþjónustunni hlýst. Barnaverndarstofa hafði ekki fjárheimildir til að mæta þessum kröfum og viðræður ráðuneyta félagsmála og heilbrigðismála leiddu ekki til lausnar á málinu. Lágu læknisskoðanir því niðri fram í september 2005. Á þessu tímabili voru börnin því oftast skoðuð á Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Barnaverndarnefnd getur einnig óskað eftir þjónustu Barnahúss þótt ekki sé beðið um rannsóknarviðtal, t.d. ef einungis er óskað eftir að vísa barni í greiningu og meðferð eða í læknisskoðun.

Starfsmaður barnaverndarnefndar gerir frumathugun í máli, ræðir við tilkynnanda, aflar upplýsinga um barnið frá skóla/leikskóla og gagna um heilsufar þess. Starfsmaður nefndarinnar sendir niðurstöður athugunar til Barnahúss ásamt útfylltu tilvísunarblaði. Ef barnaverndarnefnd óskar ekki eftir lögreglurannsókn í málinu (á einkum við þegar gerandi hefur ekki náð sakhæfisaldri eða þegar grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi eru mjög veikar), veita sérfræðingar Barnahúss barnaverndarnefnd aðstoð við athugun málsins með könnunarviðtali við barnið. Fyrirkomulag könnunarviðtals er hið sama og ef um skýrslutöku fyrir dómi er að ræða. Ef málið sætir lögreglurannsókn sendir lögreglan gögn til héraðsdómara að frumrannsókn lokinni. Héraðsdómari getur kvatt sér til aðstoðar kunnáttumann t.d. frá Barnahúsi og ákveður hvar skýrslutaka skuli fara fram. Ef dómari velur að láta sérfræðing Barnahúss taka skýrslu af barninu í Barnahúsi er dómþing háð þar. Aðstaða til skýrslutaka af börnum eru einnig til staðar í Héraðsdómi Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra óskar í flestum tilvikum eftir aðstoð sérfræðinga Barnahúss við skýrslutökur af börnum yngri en 14 ára en annast í flestum tilvikum sjálfur skýrslutökur af börnum eldri en 14 ára. Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur nýtir undantekningalaust aðstöðu í dómhúsi og óskar í flestum tilvikum eftir rannsóknarlögreglumanni til að annast skýrslutökurnar. Aðrir héraðsdómstólar hafa nær eingöngu nýtt þjónustu Barnahúss við skýrslutökur.

Óháð því hvort viðtal er liður í könnun máls hjá barnaverndarnefnd eða skýrslutaka er markmið þess að afla eins nákvæmra upplýsinga frá barninu og unnt er. Viðtalið er tekið eftir ákveðinni aðferð (protokol) sem er alþjóðlega viðurkennd og liggja að baki aðferðinni miklar rannsóknir. Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið sérstaka þjálfun við að taka viðtöl af þessu tagi. Viðtalið er tekið upp á myndband en það getur síðan orðið mikilvægt gagn við frekari vinnslu málsins, ekki síst við meðferð fyrir dómi. Rannsóknarviðtal er tekið í fyrstu heimsókn barnsins í Barnahús og sá sérfræðingur sem annast

viðtalið hefur ekki frekari aðkomu að málinu. Sérfræðingar Barnahúss hafa einnig verið kallaðir til að aðstoða dómara við skýrslutöku í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Læknisskoðun er framkvæmd ef einn eða fleiri eftirtalinna; barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáraðilar barnsins eða barnið sjálft óska eftir því. Góð aðstaða er fyrir læknisskoðanir í Barnahúsi og þar er meðal annars staðsett myndbandssjá (video coleoscope) sem gerir það kleift að framkvæma mjög nákvæma læknisskoðun. Skoðunin er framkvæmd af Jóni R. Kristinssyni barnalækni (eða Gesti Pálssyni barnalækni í fjarveru hans) og Þóru F. Fischer kvensjúkdómalækni (eða Ebbu Margréti Magnúsdóttur kvensjúkdómalækni í fjarveru hennar) en þau hafa mikla reynslu af rannsóknum á börnum sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Þeim til aðstoðar er Kristín Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Læknisskoðun fer að jafnaði fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtalið. Í sumum tilvikum er barni vísað í læknisskoðun án þess að rannsóknarviðtal hafi verið tekið í Barnahúsi t.d. ef skýrsla af barni hefur verið tekin í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur eða Héraðsdóms Norðurlands eystra.

Hafi barnaverndarnefnd óskað eftir greiningu og meðferð fyrir barnið og upplýsingar sem koma fram í rannsóknarviðtalinu gefa tilefni til að ætla að barnið hafi þörf fyrir meðferð eru forsjáraðilar barnsins upplýstir um þann þátt þjónustunnar. Áhersla er lögð á greiningu í fjórum fyrstu viðtölunum en að hámarki eru veitt 10 meðferðarviðtöl auk greiningarviðtala. Þó eru veittar undanþágur fyrir frekari meðferð ef hennar er talin þörf. Meðferðin er veitt í heimahéraði barnsins ef þess er óskað. Foreldrum barnsins er veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á enda er oft um að ræða atburði sem eru fjölskyldu barnsins mikið áfall.

Í *töflu 3.1.* má sjá fjölda mála í Barnahúsi frá stofnun hússins. Þar kemur fram að alls hafa 1.097 rannsóknarviðtöl verið tekin í Barnahúsi og 632 greiningar- og meðferðarviðtöl. Alls hefur verið framkvæmd 161 læknisskoðun í Barnahúsi. Töluverð fækkun er á læknisskoðunum á árunum 2004 og 2005 en það er vegna fyrrnefndrar kröfu Landspítala-háskólasjúkrahúss um greiðslu kostnaðar vegna þjónustunnar sem ekki reyndist unnt að verða við.

**Tafla 3.1. Fjöldi barna sem komu í Barnahús skipt eftir þjónustuþáttum.**

| | 1998* | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 21 | 118 | 107 | 120 | 167 | 210 | 168 | 186 | 1.097 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl** | 6 | 56 | 42 | 62 | 107 | 127 | 95 | 137 | 632 |
| Læknisskoðanir | 7 | 26 | 27 | 23 | 29 | 27 | 15 | 7 | 161 |

*Athugið að tölur árið 1998 eru einungis fyrir tvo mánuði þar sem Barnahús tók til starfa þann 1. nóvember 1998.
** Athugið að hér eru líka börn sem komu í Barnahús án þess að koma í rannsóknarviðtal. Frá stofnun hússins hafa alls 123 börn hafa komið beint í greiningar- og meðferðarviðtöl, en barnaverndarnefnd geta óskað eftir þjónustu hússins þótt börnin komi ekki í rannsóknarviðtal í Barnahús.

Þegar rannsóknarviðtöl eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að skýrslutökum fyrir dómi hefur fækkað hlutfallslega frá árinu 2000. Árið 2000 voru skýrslutökur 42% af rannsóknarviðtölum en hlutfallið var komið niður í 22% árið 2005. Enda þótt flestir dómstólar í landinu færi sér Barnahúsið í nyt hafa dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur lítið notað Barnahúsið. Engin börn komu í skýrslutökur úr umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur árin 2004 og 2005 (sjá *töflu 3.2.*).

**Tafla 3.2. Skýrslutökur og könnunarviðtöl árin 2000-2005.**

| Rannsóknarviðtöl | 2000 | | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Skýrslutökur | 45 | 42,1 | 45 | 37,5 | 60 | 35,9 | 70 | 33,3 | 37 | 22,0 | 40 | 21,5 |
| Könnunarviðtöl | 62 | 57,9 | 75 | 62,5 | 107 | 64,1 | 140 | 66,7 | 131 | 78,0 | 146 | 78,5 |
| Samtals | 107 | 100,0 | 120 | 100,0 | 167 | 100,0 | 210 | 100,0 | 168 | 100,0 | 186 | 100,0 |

Á árinu 2004 voru tekin 168[1] rannsóknarviðtöl í Barnahúsi (sjá *töflu 3.3*). Alls voru teknar 37 (22%) skýrslur í Barnahúsi. Þetta eru töluvert færri skýrslutökur fyrir dómi en á árinu 2003. Er skýringuna helst að finna í því að engin börn komu úr umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur (Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Kjalarnes) í skýrslutöku í Barnahús á árinu 2004 en fyrir þann tíma hafði Héraðsdómur Reykjavíkur alloft óskað eftir þjónustu Barnahúss við skýrslutökur af börnum. Alls komu 131 (78%) börn í könnunarviðtal. Alls komu 95 börn í greiningar- og meðferðarviðtöl. 68 börnum sem komu í rannsóknarviðtal (40%) var vísað í greiningar- og meðferðarviðtal. 27 börn komu beint í greiningar- og meðferðarviðtal án þess að koma í rannsóknarviðtal í Barnahús en Barnahús sinnir einnig málum þar sem barnaverndarnefnd eða héraðsdómstólar óska eftir þjónustu hússins þótt börnin hafi ekki komið í rannsóknarviðtal í Barnahúsi. Alls komu því 95 börn í greiningar- og meðferðarviðtal í Barnahús (*tafla 3.3).*

[1] Athugið að fjöldi rannsóknarviðtala felur hvorki í sér fjölda barna né fjölda mála. Sum börn koma í fleiri en eitt rannsóknarviðtal vegna sama máls, t.d. fyrst í könnunarviðtal og síðar í skýrslutöku fyrir dómi, önnur koma oftar en einu sinni vegna ólíkra mála og enn önnur greina frá fleiri en einu máli í sama rannsóknarviðtali.

Á árinu 2005 voru tekin 186 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi sem er 11% fjölgun frá árinu 2004 (sjá *töflu 3.3*). Alls voru 40 (22%) skýrslutökur undir stjórn dómara í Barnahúsi. Þetta er sama hlutfall og var árið 2004 en skýrslutökum hefur fækkað töluvert frá árinu 2003. Könnunarviðtöl voru 146 talsins (78%). Er það sama hlutfall og árið 2004. Um 52% þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal í Barnahús voru innan við 10 ára sem er aðeins lægra hlutfall en árið 2004. Fjöldi mála í hverjum aldursflokki er svipaður og árið 2004 en fjölgun á sér þó stað í flokknum 10-13 ára og svolítil fækkun er í yngsta aldursflokknum (*tafla 3.1*). Flest mál koma frá Reykjavík. Fjöldi mála í Reykjavík er einkum vegna fjölda beiðna um könnunarviðtöl í Barnahúsi frá Barnavernd Reykjavíkur (*tafla 3.3*). Vert er að hafa í huga árið 2005 að alls komu fjögur börn fyrst í könnunarviðtal og síðan í skýrslutöku fyrir dómi, eitt barn kom í tvær skýrslutökur og eitt barn í skýrslutöku sem hafði komið í könnunarviðtal árið 2004. Auk þess greindu sex börn frá málum tveggja ólíkra gerenda í viðtali. Því felur fjöldi rannsóknarviðtala hvorki í sér fjölda barna né fjölda mála.

Alls komu 137 börn í greiningar- og meðferðarviðtöl árið 2005. 87 börnum sem komu í rannsóknarviðtal (47%) var vísað í greiningar- og meðferðarviðtal en 50 börn komu beint í greiningar- og meðferðarviðtal án þess að koma í rannsóknarviðtal í Barnahús. Alls komu því 137 börn í greiningar- og meðferðarviðtal í Barnahús árið 2005 (*tafla 3.3).*

**Tafla 3.3 Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi 2004 og 2005.**

| | | Reykjavík | | Reykjanes | | Landsbyggðin | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aldur | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| Rannsóknar-viðtöl | 14-18 ára | 5 | 11 | 18 | 18 | 18 | 11 | 41 | 40 |
| | 10-13 ára | 6 | 17 | 11 | 15 | 6 | 18 | 23 | 50 |
| | 6-9 ára | 23 | 29 | 24 | 17 | 15 | 18 | 62 | 64 |
| | 3-5 ára | 21 | 16 | 15 | 7 | 6 | 9 | 42 | 32 |
| | Samtals | 55 | 73 | 68 | 57 | 45 | 56 | 168 | 186 |
| Greiningar- og meðferðar-viðtöl | 14-18 ára | 13 | 21 | 13 | 24 | 18 | 17 | 44 | 62 |
| | 10-13 ára | 5 | 16 | 5 | 4 | 3 | 7 | 13 | 27 |
| | 6-9 ára | 10 | 15 | 9 | 7 | 6 | 12 | 25 | 34 |
| | 3-5 ára | 9 | 7 | 2 | 4 | 2 | 3 | 13 | 14 |
| | Samtals | 37 | 59 | 29 | 39 | 29 | 39 | 95 | 137 |

Hér er miðað við umdæmi héraðsdómstóla. Þannig falla nágrannasveitarfélög Reykjavíkur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes undir Reykjanes. Með Reykjavík teljast mál frá Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Seltjarnarnesi.

Eins og sjá má á *töflu 3.4* voru stúlkur í miklum meirihluta þeirra barna sem komu í Barnahús á árunum 2004 og 2005. Á árinu 2004 komu alls 117 (70%) stúlkur en 51 (30%) drengir í rannsóknarviðtal. Alls voru 82% drengja og 53% stúlkna undir 10 ára aldri. Árið 2005 komu 125 (67%) stúlkur og 61 (33%)

drengur sem er svipað hlutfall og var árið 2004. Að hluta til má skýra þetta háa hlutfall drengja sem koma í viðtöl í Barnahús til kynferðislegra leikja með jafnaldra en talsvert er um að drengir yngri en 10 ára leiki slíka leiki. Mjög fáir piltar eldri en 10 ára komu í rannsóknarviðtal í Barnahús á árinu 2004 og aðeins einn drengur kom í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahús. Fleiri drengir eldri en 10 ára komu í rannsóknarviðtal í Barnahúsi á árinu 2005 en á árinu 2004 og var hlutfall þeirra 34% árið 2005 en einungis 18% árið 2004.

Alls sóttu 78 stúlkur en 17 drengir greiningar- og meðferðarviðtöl í Barnahúsi árið 2004 (sjá *töflu 3.4*). Árið 2005 sóttu 115 stúlkur og 22 drengir greiningar- og meðferðarviðtöl í Barnahúsi. Talsverð fjölgun var því á greiningar- og meðferðarviðtölum árið 2005 eða 44% fleiri viðtöl en árið 2004. Fjölgunin var aðallega hjá stúlkum á aldrinum 10-18 ára.

**Tafla 3.4 Viðtöl í Barnahúsi skipt eftir aldri og kyni barna.**

| | Aldur | Stúlkur | | Drengir | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| Rannsóknarviðtöl | 14-18 ára | 39 | 39 | 2 | 1 | 41 | 40 |
| | 10-13 ára | 16 | 30 | 7 | 20 | 23 | 50 |
| | 6-9 ára | 34 | 36 | 28 | 28 | 62 | 64 |
| | 2-5 ára | 28 | 20 | 14 | 12 | 42 | 32 |
| | Samtals | 117 | 125 | 51 | 61 | 168 | 186 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 14-18 ára | 43 | 62 | 1 | 0 | 44 | 62 |
| | 10-13 ára | 11 | 23 | 2 | 6 | 13 | 29 |
| | 6-9 ára | 15 | 20 | 10 | 12 | 25 | 32 |
| | 2-5 ára | 9 | 10 | 4 | 4 | 13 | 14 |
| | Samtals | 78 | 115 | 17 | 22 | 95 | 137 |

Á árinu 2004 fóru 15 börn, eingöngu stúlkur, í læknisskoðun í Barnahúsi. Af þeim höfðu 10 farið í rannsóknarviðtal í Barnahús, þrjú í skýrslutöku í dómhúsi en tveimur börnum var einungis vísað í læknisskoðun. Flestar stúlkurnar voru á aldrinum 14-18 ára. Árið 2005 komu 5 stúlkur og 2 drengir í læknisskoðun í Barnahús. Öll börnin voru undir 10 ára aldri (sjá *töflu 3.5*). Tvö þessara barna komu eingöngu í læknisskoðun í Barnahús en fengu ekki aðra þjónustu þar. Ástæða fyrir færri læknisskoðunum á árunum 2004-2005 má að hluta rekja til þess að engar læknisskoðanir voru framkvæmdar í Barnahúsi frá miðjum júní 2004 til september 2005 vegna fyrrnefndrar kröfu Landspítala-háskólasjúkrahúss um greiðslu kostnaðar vegna þjónustunnar sem ekki reyndist unnt að verða við. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi fóru 11 börn þangað í læknisskoðun 2004, ýmist á Neyðarmóttöku vegna nauðgana, bráðavakt eða göngudeild.

**Tafla 3.5 Læknisskoðanir í Barnahúsi 2004-2005.**

| Aldur | Stúlkur | | Drengir | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| 14-18 ára | 6 | 0 | 0 | 0 | 6 | 0 |
| 10-13 ára | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 |
| 6-9 ára | 3 | 2 | 0 | 1 | 3 | 3 |
| 2-5 ára | 4 | 3 | 0 | 1 | 4 | 4 |
| Samtals | 15 | 5 | 0 | 2 | 15 | 7 |

Eins og áður segir sinnir Barnahús einnig málum þar sem barnaverndarnefnd eða héraðsdómstólar óska eftir þjónustu hússins þótt börnin hafi ekki komið í rannsóknarviðtal í Barnahúsi. Árið 2004 óskaði barnaverndarnefnd í 27 tilvikum eftir greiningu og meðferð í Barnahúsi (28% allra greiningar- og meðferðarviðtala). Í flestum tilvikum hafði skýrsla verið tekin í dómhúsi, þar af 20 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í tveimur tilvikum var barni einungis vísað í læknisskoðun í Barnahús vegna ungs aldurs. Dómari frá Héraðsdómi Norðurlands eystra óskaði eftir aðstoð kunnáttumanns frá Barnahúsi til að taka skýrslu af tveimur börnum og dómari frá Héraðsdómi Reykjavíkur óskaði eftir slíkri aðstoð við skýrslutöku af þremur börnum. Fóru þau viðtöl fram í sérútbúinni aðstöðu dómstólanna.

Árið 2005 óskaði barnaverndarnefnd í 50 tilvikum eftir greiningu og meðferð í Barnahúsi (36% allra greiningar- og meðferðarviðtala). Í 12 tilfellum tók sérfræðingur frá Barnahúsi auk þess skýrslu fyrir héraðsdómstóla annars staðar en í Barnahúsi. Í fimm tilvikum óskaði dómari frá Héraðsdómi Suðurlands eftir aðstoð frá kunnáttumanni í Barnahúsi og einn dómari frá Héraðsdómi Norðurlands. Sex mál komu frá Héraðsdómi Reykjavíkur en þar var þó í öllum tilvikum dómari frá Héraðsdómi Austurlands vegna þess að rannsóknin var framkvæmd í því umdæmi. Í tveimur tilfellum kom barn eingöngu í læknisskoðun en fékk ekki aðra þjónustu í Barnahúsi.

Þegar framburður barna var skoðaður kom í ljós 2004 að flest börn sem komu í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi greindu frá kynferðisofbeldi eða 33 (89%) talsins. Einungis fjögur börn greindu ekki frá kynferðisofbeldi. Meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi voru á aldrinum 15-86 ára og var meðalaldur 34 ár. Ekki var vitað um aldur gerenda í málum sex barna. Alls voru sjö gerendur á aldrinum 15-18 ára, flokkast þeir því undir unga gerendur og eru málefni þeirra á ábyrgð barnaverndarnefnda.

Árið 2005 kom einnig í ljós að flest börn sem komu í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi greindu frá kynferðisofbeldi eða 34 (85%) talsins. Alls 32 börn

höfðu áður sagt frá en hjá tveimur börnum höfðu grunsemdir vaknað á annan hátt. Sex börn greindu ekki frá kynferðisofbeldi í skýrslutöku, eitt barn hafði áður sagt frá en staðfesti ekki kynferðisofbeldið og í fimm tilvikum höfðu grunsemdir vaknað á annan hátt. Meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi voru á aldrinum 15-64 ára og var meðalaldur 33 ár. Alls voru sjö gerendur á aldrinum 15-18 ára líkt og árið 2004 og flokkast þeir því undir unga gerendur.

Einungis 32 börn (24%) greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali árið 2004. Af þeim 99 börnum sem ekki greindu frá kynferðisofbeldi, greindu 27 börn (21%) frá þátttöku í kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra. Það eru því 45% barna sem greina frá kynferðislegri lífsreynslu af einhverju tagi í könnunarviðtali. Oft er erfitt að greina á milli hvort um er að ræða kynferðislegan leik meðal jafnaldra eða atvik þar sem barn eða unglingur er að áreita annað barn kynferðislega. Hér er tekið mið af aldursmuni þeirra barna sem í hlut eiga og alvarleika brots. Meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali voru á aldrinum 11-70 ára. Meðalaldur var 22 ár sem er talsvert lægri en í skýrslutökum fyrir dómi enda sjaldgæft að meintir gerendur hafi náð sakhæfisaldri þegar barn fer í könnunarviðtal. Ekki var vitað um aldur í fjórum tilvikum. Alls voru 15 gerendur yngri en 18 ára þegar brot áttu sér stað. Ósakhæfir gerendur (yngri en 15 ára) voru 12 talsins. Í flestum tilvikum er óskað eftir lögreglurannsókn þegar meintir gerendur eru sakhæfir þegar brot á sér stað. Hins vegar höfðu 16 meintir gerendur náð sakhæfisaldri þegar barn kom í könnunarviðtal. Á þessu eru ýmsar skýringar. Tvö þessara barna höfðu farið í skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur en ekki greint frá kynferðisofbeldi þar. Í einu tilviki hafði máli barns verið vísað í lögreglurannsókn eftir könnunarviðtal í Barnahúsi en mál þess hafði ekki verið tekið til skýrslutöku í árslok. Í öðrum tilvikum var það ósk barnaverndarnefndar, forráðamanna eða barns að mál yrðu ekki send lögreglu til rannsóknar að svo stöddu.

Einnig greindu einungis 37 (25%) börn frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali árið 2005. Af þeim höfðu 34 börn sagt frá kynferðisofbeldi áður en grunur hafði vaknað hjá þremur börnum. Af þeim 109 börnum sem ekki greindu frá kynferðisofbeldi, greindu 28 börn (19%) frá þátttöku í kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra. Af þeim höfðu 14 áður sagt frá þátttöku sinni í kynferðislegum leikjum en hjá 14 börnum höfðu grunsemdir vaknað á annan hátt. Það eru því um 44% barna sem greina frá kynferðislegri lífsreynslu af einhverju tagi í könnunarviðtali. Eins og áður sagði er oft erfitt að greina á milli hvort um er að ræða kynferðislegan leik meðal jafnaldra eða atvik þar sem barn eða

unglingur er að áreita annað barn kynferðislega. Meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali voru á aldrinum 12-60 ára. Meðalaldur var 18,5 ár sem er talsvert lægri en í skýrslutökum fyrir dómi. Ekki er vitað um aldur í þremur tilvikum. Alls voru 29 gerendur yngri en 18 ára þegar brot áttu sér stað. Ósakhæfir gerendur (yngri en 15 ára) voru 18 talsins.

Ástæða þess að flest börn sem koma í skýrslutöku fyrir dómi greina frá kynferðisofbeldi en einungis lítill hluti þeirra sem koma í könnunarviðtal er að þegar mál eru send lögreglu til rannsóknar eru oft meiri upplýsingar til staðar, barnið hefur jafnan sagt einhverjum frá og í þeim málum sem sæta lögreglurannsókn eru því meiri líkur á að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þegar um könnunarviðtöl er að ræða eru upplýsingar oft takmarkaðar og sjaldan liggur frásögn barns um kynferðisofbeldi fyrir, nema þá helst ef barn hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ósakhæfs geranda. Algengast er að verið sé að kanna kynferðislega hegðun barna vegna þess að börnin hafi orðið uppvís að þátttöku í kynferðislegum leikjum.

Tengsl geranda og þolanda eru flokkuð í þrjá flokka. Í flokknum „náin tengsl“ eru þeir sem tengjast barni fjölskylduböndum svo sem faðir, stjúpfaðir, bróðir, afi, frændi og annar skyldleiki. Í flokknum „kunnugir“ eru þeir sem þekkja til barns eins og fjölskylduvinur, nágranni, vinur/kunningi og gæsluaðili og í flokknum „ókunnugir“ eru þeir sem ekki þekkja til barns. Þegar skoðuð eru tengsl geranda og þolanda árið 2004 hjá þeim börnum sem greindu frá kynferðisofbeldi, annars vegar í könnunarviðtali og hins vegar í skýrslutöku fyrir dómi, kemur í ljós að í 85% tilvika þekkir gerandi til barns, þ.e. er annað hvort tengdur barninu fjölskylduböndum eða er því kunnugur á annan hátt. Árið 2005 var hlutfallið 87%. Mjög sjaldgæft er að gerendur kynferðisbrota séu barninu ókunnugir með öllu (sjá *töflu 3.6*).

**Tafla 3.6. Tengsl geranda og þolanda í þeim málum sem greint er frá kynferðisofbeldi.***

| Tengsl | Könnun | | | | Skýrslutaka | | | | Samtals | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2004 | | 2005 | | 2004 | | 2005 | | 2004 | | 2005 | |
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Náin tengsl | 11 | 34 | 14 | 38 | 11 | 31 | 15 | 39 | 22 | 32 | 29 | 39 |
| Kunnugir | 16 | 50 | 19 | 51 | 20 | 56 | 17 | 45 | 36 | 53 | 36 | 48 |
| Ókunnugir | 3 | 9 | 4 | 11 | 5 | 14 | 6 | 16 | 8 | 12 | 10 | 13 |
| Ekki vitað um tengsl | 2 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 3 | 0 | 0 |
| Samtals | 32 | 100 | 37 | 100 | 36 | 100 | 38 | 100 | 68 | 100 | 75 | 100 |

* Athugið að varðandi tengsl geranda og þolanda segja sum börn frá fleiri en einum geranda í sama viðtalinu. Þess vegna stemmir ekki alltaf fjöldi tengsla og barna sem greina frá kynferðislegu ofbeldi.

# 4 Barnaverndarnefndir

Í ársbyrjun 2005 tók Barnaverndarstofa upp sískráningu tilkynninga til barnaverndarnefnda. Barnaverndarstofa hefur lengi haft áhuga á því að fá yfirlit yfir umfang starfsins hjá nefndunum með því að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra tilkynninga sem berast. Fram til ársins 2004 safnaði Barnaverndarstofa aðeins saman heildartölum yfir störf nefndanna árlega. Treglega gekk að fá talnagögn frá nefndum og gátu þau því verið eins til tveggja ára gömul þegar þau voru gefin út. Því var ákveðið að safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega. Tilgangurinn var m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín.

Með tilkomu þessarar sískráningar er nú unnt að birta fjölda tilkynninga fyrir árið 2005 (sjá í *töflu 4.2.1* í kafla 4.2.). Aðrar upplýsingar frá barnaverndarnefndum eru vegna ársins 2004 þegar heildartölum frá nefndunum var safnað saman.

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu. Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er unnt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Árið 2004 sinntu 19 félagsmálanefndir verkefnum barnaverndarnefnda en alls voru nefndirnar 33.

Í árslok 2004 voru barnaverndarnefndir 33 talsins og hefur þeim fækkað umtalsvert síðustu fimm árin en 1996 voru þær 82 (*tafla 4.1*). Barnaverndarnefnd Reykjaness, Sandgerðis, Garðs og Vatnsleysustrandahrepps varð að tveimur nefndum í lok árs. Athuga skal að upplýsingar frá þeim eru teknar saman þar sem að þær störfuðu saman mestan hluta ársins. Því voru nefndir í raun 34 í lok árs

2004 og hélst sá fjöldi óbreyttur út árið 2005. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverrar barnaverndarnefndar ekki vera undir 1500. Langflest minni sveitarfélög hafa sameinast öðrum um kosningu barnaverndarnefndar en félagsmálaráðuneytið fylgir því eftir að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur sínar að þessu leyti. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins árið 2004 koma fram í töflu í viðauka I.

Í barnaverndarlögum er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Hinn mikli fjöldi nefnda og fámenn umdæmi þeirra hafa staðið þessu fyrir þrifum í langan tíma. Í kjölfar sameiningar nefnda og stækkunar umdæma hefur þeim nefndum fjölgað talsvert á undanförnum árum sem hafa ráðið einn eða fleiri starfsmenn til að sinna barnaverndarvinnu, oftar en ekki samhliða öðrum verkefnum. Á árinu 1996 var 41% nefndanna með starfslið. Árið 2005 var þetta hlutfall komið í 94%. Eins og vænta má er þetta hlutfall breytilegt eftir stærð umdæmis. Rétt er að geta þess að þrjár nefndir sem ekki hafa ráðið starfsmenn í þjónustu sína kaupa þjónustu frá nærliggjandi sveitafélagi eða sjálfstætt starfandi sérfræðingum þegar á þarf að halda (sjá töflu í viðauka I).

Tvær barnaverndarnefndir hafa færri en 100 íbúa að baki sér og hvorug þeirra hafði fast starfslið í þjónustu sinni. Aðeins sveitarfélög með fleiri en 5.000 íbúa hafa sem svarar tveimur eða fleiri stöðugildum í barnaverndarmálum. Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga ef Reykjavík er undanskilin.

**Tafla 4.1 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra eftir íbúafjölda í umdæmum.***

| Íbúafjöldi | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Starfsm | Stöðug. | Starfsm. | Stöðug. | Starfsm. | Stöðug. | Starfsm. | Stöðug. | Stöðug. |
| Heildarfjöldi | 96 | 76,2 | 99 | 77,0 | 105 | 77,2 | 102 | 73,3 | 71,0 |
| innan við 500 íbúar | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0,0 |
| 500-999 íbúar | 2 | 0,9 | 1 | 0,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0,0 |
| 1000-1999 íbúar | 12 | 7,9 | 12 | 9,9 | 12 | 5,8 | 6 | 3,2 | 2,1 |
| 2000-2999 íbúar | 7 | 5,7 | 7 | 5,0 | 5 | 4,0 | 8 | 5,0 | 3,9 |
| 3000-3999 íbúar | 5 | 3,1 | 4 | 3,7 | 4 | 3,0 | 3 | 1,3 | 1,3 |
| 4000-4999 íbúar | 13 | 10,9 | 9 | 7,5 | 20 | 9,5 | 17 | 14,2 | 9,3 |
| 5000> íbúar | 57 | 47,7 | 66 | 50,4 | 64 | 54,9 | 68 | 49,6 | 54,4 |

*Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugilda eru ónákvæmar. Ástæðan er sú að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfslið sinnir venjulega fleiri verkefnum en barnavernd. Hafa ber í huga að upplýsingar um stöðugildi byggjast stundum á áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

** Fjöldi stöðugilda árið 2005 var fengin með sérstakri athugun, þar sem félagsmálastjórar eða yfirmenn áætluðu vinnumagn.

## 4.1 Afskipti barnaverndarnefnda 2000-2004

Í *töflu 4.1.1* kemur fram skráður fjöldi þeirra barna sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af á árunum 2000 til 2004 skv. upplýsingum úr ársskýrslum. Fjöldi þeirra hefur aukist á tímabilinu frá rúmlega 3.300 upp í rúmlega 5.600. Þetta jafngildir því að á síðastnefnda árinu hafi barnaverndarnefndir haft afskipti af um 72 börnum af hverjum þúsund. Ætla má að breytt og markviss skráning mála sé ein ástæða þeirrar fjölgunar sem verður.

**Tafla 4.1.1 Fjöldi barna sem barnaverndarnefndir og starfslið þeirra höfðu afskipti af 2000-2004.**

| | 2000 | | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | %. | Fj. | %. | Fj. | %. | Fj. | %. | Fj. | % |
| Fjöldi þar sem afskipti hófust á árinu..... | 1.778 | 53,7 | 2.381 | 63,2 | 2.418 | 54,4 | 2.543 | 54,2 | 3.140 | 55,6 |
| Fjöldi þar sem afskipti hófust fyrr ......... | 1.532 | 46,3 | 1.386 | 36,8 | 2.025 | 45,6 | 2.152 | 45,8 | 2.503 | 44,4 |
| Heildarfjöldi barna ............................... | 3.310 | 100,0 | 3.767 | 100,0 | 4.443 | 100,0 | 4.695 | 100,0 | 5.643 | 100,0 |

Í *töflu 4.1.2* kemur fram að árið 2004 var meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn hæstur hjá sveitarfélögum með fleiri en fimm þúsund íbúa (82, meðaltal var 72 eins og áður segir) en lægstur hjá sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa en þar var ekkert mál skráð á árinu. Mismunandi skráningarhefðir nefnda geta skýrt mun á tíðni barnaverndarmála að einhverju leyti. Má nefna sem dæmi að sum sveitafélög skrá öll tilkynnt útivistarbrot, á meðan önnur gera það ekki. Barnaverndarstofa telur brýnt að samræma skráningu mála hjá barnaverndarnefndum og hefur lagt sig fram um að leiðbeina nefndum að þessu leyti.

**Tafla 4.1.2 Fjöldi barnaverndarmála* árið 2004 eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda.**

| Íbúafjöldi umdæmis | Fjöldi nefnda | Heildar-fjöldi mála | Meðal-fjöldi á nefnd | Meðal-fjöldi/ þús. börn |
|---|---|---|---|---|
| Innan við 1000 íbúar..................................... | 2 | 0 | 0,0 | 0,0 |
| 1000 – 1999 íbúar........................................ | 5 | 107 | 21,4 | 49,9 |
| 2000 – 2999 íbúar........................................ | 6 | 144 | 24,0 | 35,7 |
| 3000 – 3999 íbúar........................................ | 2 | 60 | 30,0 | 35,2 |
| 4000 – 4999 íbúar........................................ | 7 | 281 | 40,1 | 33,4 |
| 5000> íbúar.................................................. | 11 | 5.051 | 459,2 | 81,5 |
| Heildarfjöldi................................................... | 33 | 5.643 | 171 | 71,8 |

*Hér er átt við fjölda barna. Eitt barn = eitt mál.

*Tafla 4.1.3* lýsir aldurs- og kynjaskiptingu barna sem afskipti voru höfð af á tímabilinu 2002 til 2004. Árið 2002 var flokkun aldurs breytt og var aldri barnanna skipt í fjóra flokka en áður hafði aldri verið skipt í þrjá flokka. Árið 2004 voru piltar fleiri en stúlkur, líkt og á árunum á undan. Elsti aldurshópurinn (15-18 ára) var fjölmennastur eða tæplega 34% allra barna.

**Tafla 4.1.3 Aldur- og kyn barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af 2002-2004.**

| | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Piltar 0-5 ára | 356 | 9,2 | 401 | 8,7 | 481 | 8,7 |
| Piltar 6-10 ára | 469 | 12,1 | 569 | 12,3 | 669 | 12,0 |
| Piltar 11-14 ára | 813 | 21,0 | 665 | 14,5 | 880 | 15,8 |
| Piltar 15-18 ára | 664 | 17,2 | 982 | 21,2 | 1.083 | 19,5 |
| Piltar alls | 2.302 | 59,5 | 2.617 | 56,5 | 3.113 | 56,1 |
| Stúlkur 0-5 ára | 285 | 7,4 | 411 | 8,9 | 437 | 7,9 |
| Stúlkur 6-10 ára | 352 | 9,1 | 443 | 9,6 | 539 | 9,7 |
| Stúlkur 11-14 ára | 465 | 12,0 | 510 | 11,0 | 682 | 12,3 |
| Stúlkur 15-18 ára | 463 | 12,0 | 653 | 14,1 | 782 | 14,1 |
| Stúlkur alls | 1.565 | 40,5 | 2.017 | 43,5 | 2.440 | 43,9 |
| Upplýsingar vantar | 576 | --- | 61 | --- | 90 | --- |
| Samtals | 4.443 | --- | 4.695 | --- | 5.643 | --- |

Upplýsingar um heimilisaðstæður umræddra barna koma fram í *töflu 4.1.4*. Eins og sjá má árið 2004 býr tæplega 40% barnanna hjá báðum foreldrum. Þetta hlutfall er svipað því sem var árið 2003. Hafa ber í huga að hér vantar upplýsingar um heimilisaðstæður rúmlega 550 barna.

**Tafla 4.1.4 Heimilisaðstæður barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af 2000 – 2004.**

| | 2000 | | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Hjá báðum foreldrum | 1.068 | 32,2 | 1.024 | 27,2 | 1.672 | 37,6 | 1.940 | 41,3 | 2.208 | 39,1 |
| Hjá móður | 981 | 29,6 | 758 | 20,2 | 1.284 | 28,9 | 1.740 | 37,1 | 2.070 | 36,7 |
| Hjá föður | 108 | 3,3 | 89 | 2,5 | 166 | 3,7 | 280 | 6,0 | 249 | 4,4 |
| Til skiptis hjá móður og föður | 8 | 0,2 | 5 | 0,1 | 2 | 0,1 | 1 | 0,0 | 3 | 0,1 |
| Hjá móður og stjúpforeldri | 313 | 9,5 | 258 | 6,8 | 183 | 4,1 | 249 | 5,3 | 291 | 5,2 |
| Hjá föður og stjúpforeldri | 39 | 1,2 | 32 | 0,8 | 38 | 0,7 | 29 | 0,6 | 47 | 0,8 |
| Hjá fósturforeldrum | 192 | 5,8 | 148 | 3,9 | 159 | 3,6 | 175 | 3,7 | 175 | 3,1 |
| Hjá kjörforeldrum | 5 | 0,2 | 5 | 0,1 | 7 | 0,2 | 3 | 0,1 | 4 | 0,1 |
| Hjá ættingjum | 30 | 0,9 | 35 | 0,9 | 27 | 0,6 | 13 | 0,3 | 20 | 0,4 |
| Á stofnun | 31 | 0,9 | 22 | 0,6 | 4 | 0,1 | 4 | 0,1 | 6 | 0,1 |
| Annars staðar | 535 | 16,2 | 1.391 | 36,9 | 118 | 2,7 | 19 | 0,4 | 18 | 0,3 |
| Upplýsingar vantar | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 783 | 17,6 | 242 | 5,2 | 552 | 9,8 |
| Samtals fjöldi barna | 3.310 | 100,0 | 3.767 | 100,0 | 4.443 | 100,0 | 4.695 | 100,0 | 5.643 | 100,0 |

## 4.2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um skyldur manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hætta af. Sérstakar skyldur hafa þeir sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna að gera barnaverndarnefnd viðvart. Hér getur verið um að ræða kennara, presta, lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Lögregla skal tilkynna til barnaverndarnefndar um tilvik þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annað hvort af barni eða gegn því. Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Eins og kom fram hér að framan getur Barnaverndarstofa nú birt upplýsingar um fjölda tilkynninga fyrir árið 2005 vegna tilkomu sískráningarinnar. Fjölda tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.1.*

Eins og sjá má hefur skráðum tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað frá því á árunum á undan, eða frá um 4.000 tilkynningum upp í tæplega 6.000. Ekki er þó hægt að draga þá ályktun að barnaverndartilfellum hafi fjölgað skyndilega. Líklegra er að skráning hafi batnað verulega hjá nefndum. Síðustu tvö ár hefur fjöldi tilkynninga hækkað lítillega og er líklega hægt að skýra það með nákvæmari skráningu.

**Tafla 4.2.1 Tilkynningar* til barnverndarnefnda skv. 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga.**

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005** | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| *Hver tilkynnir?* | | | | | | | | | | |
| Lögregla | 1.885 | 46,3 | 2.370 | 50,8 | 2.461 | 49,1 | 3.105 | 55,9 | 3.198 | 54,4 |
| Skóli, sérfræðiþj.skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa | 360 | 8,8 | 394 | 8,4 | 454 | 9,1 | 384 | 6,9 | 564 | 9,6 |
| Leikskóli, gæsluforeldri | 72 | 1,8 | 63 | 1,4 | 87 | 1,7 | 106 | 1,9 | 86 | 1,5 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 196 | 4,8 | 258 | 5,5 | 259 | 5,2 | 351 | 6,3 | 391 | 6,7 |
| Önnur félagsmálastofnun/barnaverndarn. | 114 | 2,8 | 150 | 3,2 | 105 | 2,1 | 115 | 2,1 | 132 | 2,2 |
| Héraðsdómari, sýslumaður | 18 | 0,4 | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Borgarhlutaskrifstofa/stm. Félagsþjón | - | - | 119 | 2,6 | 124 | 2,5 | 136 | 2,4 | 135 | 2,3 |
| Frá opinberum aðilum, samtals | 2.645 | 64,9 | 3.354 | 71,9 | 3.490 | 69,6 | 4.197 | 75,6 | 4.506 | 76,6 |
| Foreldrar barns | 552 | 13,5 | 508 | 10,9 | 604 | 12,1 | 468 | 8,4 | 483 | 8,2 |
| Ættingjar aðrir en foreldrar | 216 | 5,3 | 221 | 4,7 | 220 | 4,4 | 267 | 4,8 | 239 | 4,1 |
| Barn leitaði sjálft til bvn. | 8 | 0,2 | 41 | 0,9 | 30 | 0,6 | 31 | 0,6 | 39 | 0,7 |
| Nágrannar | 303 | 7,4 | 395 | 8,5 | 276 | 5,5 | 294 | 5,3 | 262 | 4,5 |
| Aðrir, ótilgreindir | 351 | 8,6 | 146 | 3,1 | 392 | 7,8 | 298 | 5,4 | 350 | 6,0 |
| Aðrir en opinberir aðilar, samtals | 1.430 | 35,0 | 1.311 | 28,1 | 1.522 | 30,4 | 1.358 | 24,4 | 1.373 | 23,4 |
| Heildarfjöldi tilkynninga samtals | 4.075 | 100,0 | 4.665 | 100,0 | 5.012 | 100,0 | 5.555 | 100,0 | 5.879 | 100,0 |

*Fleiri en ein tilkynning getur verið um hvert barn. Einnig geta verið fleiri en eitt barn í hverri tilkynningu.

**Athugið að tölur fyrir árið 2005 eru fengnar með annarri aðferð en tölur fyrir árin 2001-2004. Árið 2005 eru tölur fengnar með samlagningu úr sískráningu sem nefndirnar skiluðu mánaðarlega til Barnaverndarstofu. Hinar tölurnar eru fengnar úr samtölublöðum/ársskýrslueyðublöðum sem nefndirnar skiluðu með heildartölum fyrir hvert ár. Hugsanlega munu upplýsingarnar fyrir árið 2005 breytast lítillega þegar ársskýrslueyðublöðin berast Barnaverndarstofu.

Í töflunni kemur fram að árið 2004 og 2005 bárust þrjár af hverjum fjórum tilkynningum frá opinberum aðilum og vega tilkynningar frá lögreglu þyngst, en þær eru rúmlega helmingur allra tilkynninga. Árið 2004 voru foreldrar barns þeir aðilar sem oftast tilkynna til barnaverndarnefndar að lögreglu undanskilinni, eða í rúmlega 8% tilvika. Árið 2005 voru skólayfirvöld þeir aðilar sem oftast tilkynntu til barnaverndarnefndar að lögreglu undanskilinni, í tæplega 10% tilvika. Þá kemur talsverður hluti tilkynninga frá nágrönnum og ættingjum barns. Fátítt er að barnið sjálft leiti til barnaverndarnefndar.

Eins og kom fram hér að framan er Barnaverndarstofa í samstarfi við Neyðarlínuna 1-1-2 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda. Árið 2005 barst alls 221 tilkynning í gegnum Neyðarlínuna 1-1-2, sem er um 3,8% af öllum tilkynningum. Flestar tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna voru vegna mála í Reykjavík eða um 80% allra tilkynninga.

Á grundvelli barnaverndarlaga getur sá sem tilkynnir til barnaverndarverndar óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni. Árið 2004 óskuðu 412 aðilar nafnleyndar.

Ástæður tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.2.* Ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2004 að 34,4% voru vegna vanrækslu, 14,5% vegna ofbeldis, 50,9% vegna áhættuhegðunar og 0,3% vegna þess að heilsa eða líf ófædds barns var í hættu. Árið 2005 skiptust tilkynningar á mjög svipaðan hátt. 30,3% voru vegna vanrækslu, 15,8% vegna ofbeldis, 53,8% vegna áhættuhegðunar og 0,2% vegna þess að heilsa eða líf ófædds barns var í hættu. Hér hafa ekki verið stórvægilegar breytingar milli ára.

**Tafla 4.2.2 Ástæður tilkynninga.***

| Ástæður tilkynninga | 2004 | | 2005** | |
|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % |
| Vanræksla | 1.910 | 34,4 | 1.779 | 30,3 |
| Líkamleg vanræksla | 143 | 2,6 | 74 | 1,3 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 1.513 | 27,2 | 1.445 | 24,6 |
| Vanræksla varðandi nám | 91 | 1,6 | 71 | 1,2 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 163 | 2,9 | 236 | 4,0 |
| Ofbeldi | 804 | 14,5 | 927 | 15,8 |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 244 | 4,4 | 253 | 4,3 |
| Líkamlegt ofbeldi | 310 | 5,6 | 338 | 5,7 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 250 | 4,5 | 345 | 5,9 |
| Áhættuhegðun | 2.826 | 50,9 | 3.164 | 53,8 |
| Neysla barns á vímuefnum. | 566 | 10,2 | 544 | 9,3 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu. | 710 | 12,8 | 920 | 15,6 |
| Afbrot barns. | 1.260 | 22,7 | 1.350 | 23,0 |
| Barn beitir ofbeldi. | 156 | 2,8 | 205 | 3,5 |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 134 | 2,4 | 172 | 2,9 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | 15 | 0,3 | 9 | 0,2 |
| Heildarfjöldi tilkynninga samtals | 5.555 | 100,0 | 5.879 | 100,0 |

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samalagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

**Athugið að tölur fyrir árið 2005 eru fengnar með annarri aðferð en tölur fyrir árið 2004. Árið 2005 eru tölur fengnar með samlagningu úr sískráningu sem nefndirnar skiluðu mánaðarlega til Barnaverndarstofu. Talan fyrir árið 2004 er fengin úr samtölublöðum/ársskýrslueyðublöðum sem nefndirnar skiluðu með heildartölum fyrir árið. Hugsanlega munu upplýsingarnar fyrir árið 2005 breytast lítillega þegar ársskýrslueyðublöðin berast Barnaverndarstofu.

## 4.3 Könnun máls

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi þess barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum eða forsjármönnum barns er skylt að veita liðsinni sitt svo að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig. Ekki var aflað upplýsinga um hvernig könnun máls var háttað árið 2004, nema um hve oft var leitað til barnsins sjálfs sem var gert í 63% allra mála. Þetta hlutfall hefur hækkað milli ára, en rætt var við barnið í 42% tilvika árið 2003.

Eins og sjá má í *töflu 4.3.1* geta ástæður þess að gripið var til úrræða verið margvíslegar og vandi hvers barns er yfirleitt margþættur. Að jafnaði er ástæða afskipta að lokinni könnun lakar uppeldisaðstæður af einhverjum toga og þá fyrst og fremst vanræksla í einhverri mynd eða ofbeldi sem barnið hefur orðið fyrir. Ástæða þess að gripið er til úrræða getur einnig verið háttsemi barnsins sjálfs, svo sem vímuefnaneysla, afbrot og ofbeldi sem það hefur beitt aðra.

Sú flokkun sem stuðst er við til að varpa ljósi á eðli málanna felst í að greina á milli mála þar sem afskipti nefnda byggjast á háttsemi forsjáraðila (barn sem „þolandi“) annars vegar og þar sem afskiptin beinast að háttsemi barnanna sjálfra (áhættuhegðun barns) hins vegar. Ráða má af þessari flokkun að verkefni barnaverndarnefnda hafa breyst á síðustu árum þannig að starf þeirra beinist nú mun meira að hegðun barnanna sjálfra en áður var. Líklegasta skýringin á þessari breytingu er hækkun sjálfræðisaldurs.

**Tafla 4.3.1 Ástæður þess að gripið var til úrræða að mati barnaverndarstarfsmanna.**

| | 2000 | | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Vanræksla | 507 | 32,6 | 555 | 27,8 | 342 | 26,9 | 395 | 29,5 | 466 | 36,7 |
| Andlegt ofbeldi | 35 | 2,2 | 50 | 2,5 | 42 | 3,3 | 45 | 3,4 | 36 | 2,8 |
| Líkamlegt ofbeldi | 31 | 2,0 | 48 | 2,4 | 42 | 3,3 | 44 | 3,3 | 36 | 2,8 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 83 | 5,3 | 107 | 5,4 | 77 | 6,0 | 114 | 8,5 | 96 | 7,6 |
| Misnotkun foreldra á vímuefnum | 173 | 11,1 | 203 | 10,2 | 117 | 9,2 | 143 | 10,7 | 94 | 7,4 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | - | - | - | - | 12 | 0,9 | 21 | 1,6 | 12 | 0,9 |
| Barn sem „þolandi“ samtals | 829 | 53,3 | 963 | 48,2 | 632 | 49,6 | 762 | 56,8 | 740 | 58,3 |
| Neysla barns á vímuefnum | 134 | 8,6 | 198 | 9,9 | 160 | 12,6 | 110 | 8,2 | 138 | 10,9 |
| Barn stefndi eigin heilsu og þroska í hættu | 157 | 10,1 | 205 | 10,3 | - | - | - | - | - | - |
| Afbrot, skemmdarverk eða árásarhneigð | 110 | 7,1 | 144 | 7,2 | 129 | 10,1 | 131 | 9,8 | 118 | 9,3 |
| Hegðunarerfiðleikar, erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 194 | 12,5 | 295 | 14,8 | 196 | 15,4 | 239 | 17,8 | 151 | 11,9 |
| Barn beitti annað barn ofbeldi | 26 | 1,7 | 35 | 1,8 | - | - | - | - | - | - |
| Áhættuhegðun barns samtals | 621 | 39,9 | 877 | 43,9 | 485 | 38,1 | 480 | 35,8 | 407 | 32,1 |
| Annað, ótilgreint | 106 | 6,8 | 159 | 8,0 | 156 | 12,3 | 99 | 7,4 | 122 | 9,6 |
| Samtals „greining“ | 1.556 | 100,0 | 1.999 | 100,0 | 1.273 | 100,0 | 1.341 | 100,0 | 1.269 | 100,0 |

Þar sem vandi barnsins er oftar en ekki margþættur getur sama mál fallið í fleiri en einn flokk. Fjöldi „greininga“ samsvarar því ekki fjölda mála. Athuga skal að árið 2002, 2003 og 2004 vantar upplýsingar frá Reykjavík og því er samtala mun lægri en hún ætti að vera þessi þrjú tiltekin ár Einnig var mun algengara að nefndir tilgreindu aðeins eina ástæðu fyrir tilefni afskipta. Ljóst er að þessi flokkun er ekki nægjanlega vel tilgreind hjá barnaverndarnefndum landsins.

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Samkvæmt ársskýrslum nefndanna eru enn veruleg vanhöld á að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir. Árið 2004 voru gerðar 1.132 áætlanir um meðferð máls. Gera á skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs). Skrifleg áætlun var hins vegar aðeins gerð í málum 63% þeirra barna sem afskipti voru höfð af.

## 4.4 Úrræði barnaverndarnefnda

Þegar könnun leiðir í ljós að aðgerða barnaverndarnefndar er þörf skal nefndin leitast við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn. Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda við börn og fjölskyldur þeirra eru margvísleg

og algengt er að fleiri en einu úrræði sé beitt. Yfirlit úrræða kemur fram í *töflu 4.4.1.* Ákvæði bvl. nr. 80/2002 um ráðstafanir barnaverndarnefnda og beitingu úrræða eru flokkuð með nokkuð öðrum hætti en í eldri lögunum. Í töflunni er miðað við flokkun úrræða skv. núgildandi lögum og til samanburðar er leitast við að flokka upplýsingar frá 2000 til 2001 með samsvarandi hætti.

Stuðningsúrræðum er skipt eftir því hvort aðstoð fór fram á heimili barns eða utan þess. Á árinu 2004 var langalgengast að gripið væri til þess úrræðis að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns.

**Tafla 4.4.1 Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðstoð inn á heimili | | | | | |
| Barni og foreldrum leiðbeint | 1.145 | 987 | 707 | 1.114 | 1.031 |
| Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda | 449 | 425 | 379 | 389 | 406 |
| Foreldrar (þunguð kona) aðstoðaðir við að leita sér meðferðar | 214 | 194 | 128 | 63 | 130 |
| Barni útvegaður viðeigandi stuðningur (t.d. sumardvöl) | 300 | 342 | 356 | 359 | 416 |
| Samtals | 2.108 | 1.948 | 1.570 | 1.925 | 1.983 |
| Aðstoð utan heimilis | | | | | |
| Vistheimili, sambýli, einkaheimili | 143 | 131 | 157 | 168 | 183 |
| Stuðlar[1], Árvellir, langtímameðferðarheimili | 199 | 277 | 289 | 276 | 229 |
| Fósturheimili, tímabundið[2] | 40 | 44 | 79 | 53 | 82 |
| Fósturheimili, varanlegt[2] | 23 | 10 | 7 | 13 | 22 |
| Fósturheimili, styrkt[2] | - | - | - | 9 | 9 |
| Samtals | 405 | 462 | 532 | 519 | 525 |

Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli hvers einstaks barns.
[1] Stuðlar: Neyðarvistun og meðferðardeild.
[2] Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Reynt var að stemma af þessar tölur en ekki hefur tekist að fá svör frá öllum nefndum landsins. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

Önnur úrræði barnaverndarnefnda koma fram í *töflu 4.4.2.* Samkvæmt 46. gr. bvl. skal barnaverndarnefnd eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð áður en nefnd kveður upp úrskurð í máli. Fram kemur að slíkur styrkur er veittur í 13–50 málum á tímabilinu. Árið 2004 var 28 börnum einnig veittur styrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð. Samkvæmt töflunni reynir tiltölulega sjaldan ákvæði þessarar lagagreinar utan óska um lögreglurannsókn, sem voru 51 árið 2004. Hafa ber í huga að með núgildandi lögum eru ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefndanna flokkaðar öðruvísi en áður var gert.

Það nýmæli er í bvl. nr. 80/2002 að barnaverndarnefnd skuli taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann strax þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til þvingunar. Barni var skipaður talsmaður í 79 tilvikum árið 2004, en árið 2003 voru skipaðir talsmenn í 32 tilvikum.

**Tafla 4.4.2 Ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefnda.**

| | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bvn. leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (sbr. 37. gr. bvl.) | 0 | 1 | 4 | 0 | 0 | 6 |
| Bvn. óskaði lögreglurannsóknar | 22 | 27 | 24 | 57 | 87 | 51 |
| Foreldrum veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannskostnað (46. gr. bvl.) | 13 | 14 | 50 | 31 | 18 | 25 |
| Barni veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannskostnað (46. gr. bvl.) | - | - | - | 32 | 6 | 28 |
| Bvn. greip til neyðarráðstöfunar (31. gr. bvl.) | - | - | - | 22 | 22 | 17 |
| Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um sviptingu forsjár | - | - | - | 2 | 2 | 7 |
| Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um vistun barns utan heimils | - | - | - | 2 | 7 | 7 |
| Samtals ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefndar | 35 | 42 | 78 | 146 | 142 | 141 |

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna allar fósturráðstafanir til Barnaverndarstofu og er yfirlit yfir þær í *töflu 4.4.3*. Um er að ræða þrenns konar ráðstöfun, tímabundna og varanlega og svo styrkt fóstur. Nánari skilgreining á þeim hugtökum kemur fram í kafla um fósturmál. Nokkur munur hefur verið á þeim tölum sem koma fram í ársskýrslum barnaverndarnefnda og þeim sem eru í miðlægri skrá Barnaverndarstofu. Þessi munur bendir til að nefndir hafi ekki alltaf tilkynnt um fósturráðstafanir.

**Tafla 4.4.3 Börn í fóstri skv. ársskýrslum barnaverndarnefnda.***

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Varanlegt fóstur | | | | | |
| Barni ráðstafað varanlega til skyldmenna | 9 | 5 | 2 | 8 | 10 |
| Barni ráðstafað varanlega til vandalausra | 14 | 5 | 5 | 5 | 12 |
| Samtals | 23 | 10 | 7 | 13 | 22 |
| Tímabundið fóstur | | | | | |
| Barni ráðstafað tímabundið til skyldmenna | 9 | 8 | 12 | 12 | 18 |
| Barni ráðstafað tímabundið til vandalausra | 31 | 36 | 67 | 41 | 64 |
| Samtals | 40 | 44 | 79 | 53 | 82 |
| Styrkt fóstur | | | | | |
| Barni ráðstafað í styrkt fóstur til skyldmenna | - | - | - | 0 | 0 |
| Barni ráðstafað í styrkt fóstur til vandalausra | - | - | - | 9 | 9 |
| Samtals | - | - | - | 9 | 9 |

* Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Reynt var að stemma af þessar tölur en ekki hefur tekist að fá svör frá öllum nefndum landsins. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

Fjöldi barna sem er ráðstafað í fóstur er nokkuð breytilegur eftir árum. Í töflunni kemur fram að mun algengara er að börn fari í fóstur til vandalausra en skyldmenna.

Samkvæmt ákvæði 90. gr. bvl. geta foreldrar falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna en þeim ber í vissum tilvikum að tilkynna barnaverndarnefnd um slíkar ráðstafanir. Barnaverndarnefnd skal gera sérstaka könnun á högum barns við þær aðstæður. Skal könnunin beinast að því hvort þörf er á stuðningi til að gera foreldrum kleift að hafa barn hjá sér sem og hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á dvalarstað ef stuðningur við foreldra á ekki við. Árið 2004 var það gert í 13 tilfellum.

## 4.5 Úrskurðir

Í *töflu 4.5.1* er yfirlit yfir fjölda úrskurða barnaverndarnefnda sem kveðnir voru upp skv. 26. og 27. gr. bvl. 80/2002 og samsvarandi ákvæðum eldri laga. Upplýsingar töflunnar sýna að úrskurðir eru fátíðir í hlutfalli við heildarfjölda mála enda fela þeir í sér afdrifaríkar ákvarðanir.

**Tafla 4.5.1 Úrskurðir.**

| | 2001 | | 2002 | | 2003 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Úrskurðir um eftirlit með heimili | 24 | 51,1 | 9 | 28,1 | 6 | 15,8 | 11 | 28,2 |
| Fyrirmæli um aðbúnað barns, meðferð o.fl. | 8 | 17,0 | 7 | 21,9 | 0 | 0,0 | 4 | 10,3 |
| Bann lagt við að farið væri með barn úr landi | 1 | 2,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Börn vistuð utan heimilis | 14 | 29,8 | 16 | 50,0 | 32 | 84,2 | 24 | 61,5 |
| Samtals fjöldi úrskurða | 47 | 100,0 | 32 | 100,0 | 38 | 100,0 | 39 | 100,0 |

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

# 4.6 Umsagnir

1. nóvember 2003 leystu barnalög nr. 76/2003 af hólmi eldri lög frá 1992. Samkvæmt nýju lögunum leysa einungis dómstólar úr ágreiningi foreldra um forsjá og mjög hefur dregið úr því að leitað sé umsagnar barnaverndarnefnda í þessum málum. Hér er ekki um barnaverndarmál að ræða, heldur verkefni sem barnaverndarnefndum er falið skv. öðrum lögum. Fjöldi umsagna í forsjármálum hefur verið breytilegur á tímabilinu eða frá 10 og upp í 32 *(tafla 4.6.1)* og voru fæstar árið 2003. Sýslumaður leysir úr ágreiningi foreldra um umgengni barns við þá eftir skilnað eða sambúðarslit og leitar umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Fjöldi slíkra beiðna hefur hækkað síðastliðin 4 ár. Árið 2004 voru þær 100 talsins. Barnaverndarnefndir veita umsögn um hæfi þeirra sem óska leyfis frá dómsmálaráðuneyti til að ættleiða börn samkvæmt ákvæðum ættleiðingarlaga. Heildarfjöldi umsagna að beiðni dómsmálaráðuneytis vegna ættleiðinga var á árinu 75 og vega umsagnir vegna barna erlendis frá þyngst. Þetta eru talsvert fleiri umsagnir en voru árið 2003.

**Tafla 4.6.1 Umsagnir barnaverndarnefnda 2000-2004.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Umsagnir í forsjármálum | 32 | 18 | 13 | 10 | 12 |
| Umsagnir vegna umgengni að beiðni sýslumanns | 68 | 66 | 75 | 81 | 100 |
| Umsagnir vegna ættleiðingar frá dómsmálaráðuneyti | 43 | 73 | 43 | 15 | 75 |
| Vegna fósturbarna | 10 | 7 | 1 | 0 | 7 |
| Vegna barna erlendis frá | 33 | 51 | 38 | 12 | 55 |
| Vegna stjúpbarna | 0 | 15 | 4 | 2 | 11 |
| Vegna barna búsettra á Íslandi | - | - | 0 | 1 | 2 |

# Viðauki I
# Yfirlit barnaverndarnefnda árið 2004

## Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2004[1]

| Nafn bvn. | Heiti sveitarfélags | Félagsmálastjórar | Fjöldi starfs-manna | Fjöldi[2] stöðu-gilda | Fjöldi mála | Fjöldi barna í umdæmi | Fjöldi í umdæmi alls | Hlutfall barna í umdæmi | Fjöldi mála/ 1000 börn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | Reykjavík | Lára Björnsdóttir, framkvæmdastjóri er Guðrún Frímannsdóttir | 24 | 20,7 | 2.161 | 27.894 | 113.730 | 24,5% | 96,3 |
| Miðgarður/Grafarvogur | Grafarvogur | Framkvæmdastjóri er Ingibjörg Sigurþórsdóttir | 5 | 3,3 | 525 | | | | |
| Félagsmálaráð Seltjarnarness | Seltjarnarneskaupstaður | Snorri Aðalsteinsson | 2 | 2 | 38 | 1.215 | 4.547 | 26,7% | 31,3 |
| Félagsmálaráð Kópavogs | Kópavogur | Aðalsteinn Sigfússon | 8 | 4 | 775 | 7.012 | 25.784 | 27,2% | 110,5 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | Garðabær | Bergljót Sigurbjörnsdóttir | 2 | 2 | 91 | 2.476 | 9.036 | 27,4% | 36,8 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | Hafnarfjörður | Sæmundur Hafsteinsson | 6 | 5 | 391 | 6.557 | 21.942 | 29,9% | 59,6 |
| Félagsmálanefnd Álftaness | Álftanes | Ásta Kristín Benediktsdóttir | 1 | 0,25 | 16 | 676 | 2.024 | 33,4% | 23,7 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar[3] | Reykjanesbær | Hjördís Árnadóttir | 5 | 4 | 283 | 4.260 | 14.613 | 29,2% | 66,4 |
| Barnaverndarnefnd Sandgerðis, Garðs og Vatnsleysustrandahrepps | Sandgerði, Garður og Vatnsleysustrandhreppur | Gyða Hjartardóttir | | | | | | | |
| Félagsmálaráð Grindavíkur | Grindavík | Nökkvi Már Jónsson | 1 | 1 | 10 | 804 | 2.479 | 32,4% | 12,4 |
| Félagsmálaráð Mosfellsbæjar | Mosfellsbær og Kjósarhreppur | Unnur V. Ingólfsdóttir | 4 | 4 | 141 | 2.142 | 6.782 | 31,6% | 65,8 |
| Félagsmálaráð Akraness | Akranes | Sólveig Reynisdóttir | 2 | 2 | 99 | 1.618 | 5.655 | 28,6% | 61,2 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíða, Skorradalshreppur, Dalabyggð, Hvalfjarðarstrandahreppur, Leirár- og Melasveit, Innri Akraneshreppur og Skilamannahreppur | Hjördís Hjartardóttir | 2 | 0,15 | 10 | 1.302 | 4.603 | 28,3% | 7,6 |
| Félagsmálanefnd Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga | Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Helgafellssveit | Sigþrúður Guðmundsdóttir Jón Ragnar Jónsson leysti hana af árið 2004 | 1-2 | 0,5 | 37 | 1.205 | 4.080 | 29,5% | 30,7 |
| Barnaverndarnefnd Saurbæjarhrepps | Saurbæjarhreppur | Erla Karlsdóttir formaður barnaverndarnefndar | 0 | 0 | 0 | 15 | 80 | 18,8 | 0,0 |

[1] Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2004.

[2] Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugildi eru ónákvæmar. Oft er erfitt fyrir nefndirnar að áætla þá vinnu sem fer í barnavernd eingöngu þar sem starfsmenn eru yfirleitt starfsmenn félagsþjónustunnar á staðnum. Ef enginn starfsmaður er fyrir hendi þá er hafður sá háttur á að ráða sérfræðinga til að sjá um þau mál sem kunna að koma upp.

[3] Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar og barnaverndarnefnd Sandgerðis, Garðs og Vatnsleysustrandahrepps urðu að tveimur nefndum seinni hluta ársins. Þær eru þó taldar sem ein nefnd þar sem þær unnu saman stærsta hluta ársins.

## Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2004 (framhald)

| Nafn bvn. | Heiti sveitarfélags | Félagsmálastjórar | Fjöldi starfs-manna | Fjöldi stöðu-gilda | Fjöldi mála | Fjöldi barna í umdæmi | Fjöldi í umdæmi alls | Hlutfall barna í umdæmi | Fjöldi mála/ 1000 börn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Reykhólahreppur | Forstöðumaður er Ingibjörg M. Guðmundsdóttir | 4 | 3 | 101 | 1.532 | 5.560 | 27,6% | 65,9 |
| Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | Vesturbyggð og Tálknafjörður | Arnheiður Jónsdóttir formaður barnverndarnefndar | 2 | 0,2 | 15 | 354 | 1.346 | 26,3% | 42,4 |
| Félagsmálaráð Húnaþings vestra og Stranda | Húnaþing vestra og Strandasýsla | Henrike Wappler | 1 | 0,75 | 23 | 508 | 1.967 | 25,8% | 45,3 |
| Félagsmálaráð Austur – Húnavatnssýslu | Blönduós, Höfðahreppur, Skagabyggð, Áshreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjahreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Sveinsstaðarhreppur | Dagný Annasdóttir | 3 | 1 | 31 | 582 | 2.067 | 28,2% | 53,3 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur | Gunnar Sandholt | 2 | 2 | 37 | 1.194 | 4.356 | 27,4% | 40,0 |
| Barnaverndarnefnd Útey | Dalvíkurbyggð, Siglufjörður, og Ólafsfjörður | Eyrún Rafnsdóttir Dalvík og Hjörtur Hjartarson Siglufirði | 5 | 2 | 70 | 1.188 | 4.312 | 27,6% | 58,9 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | Akureyri, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur | Karl Guðmundsson er sviðs-stjóri, Guðrún Sigurðardóttir er deildarstjóri, Harpa Ágústsdóttir er verkefnastjóri barnaverndar | 5 | 3,8 | 286 | 5.307 | 18.774 | 28,3% | 53,9 |
| Barnaverndarnefnd Grímseyjar | Grímseyjarhreppur | Ragnhildur Hjaltadóttir formaður barnaverndarnefndar | 0 | 0 | 0 | 28 | 92 | 30,4% | 0,0 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | Húsavík, Þingeyjarsveit, Raufarhafnarhreppur, Þórshafnarhreppur, Kelduneshreppur, Svalbarðshreppur,Öxarfjarðarhreppur, Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur og Tjörneshreppur | Soffía Gísladóttir | 1 | 0,5 | 64 | 1.345 | 5.338 | 25,2% | 47,6 |
| Barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar | Vopnafjarðarhreppur, Skeggjastaðahreppur og Seyðisfjörður | Anna Karlsdóttir | 1 | 0,2 | 9 | 378 | 1.583 | 23,9% | 23,8 |

## Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2004 (framhald)

| Nafn bvn. | Heiti sveitarfélags | Félagsmálastjórar | Fjöldi starfs-manna | Fjöldi stöðu-gilda | Fjöldi mála | Fjöldi barna í umdæmi | Fjöldi í umdæmi alls | Hlutfall barna í umdæmi | Fjöldi mála/ 1000 börn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagsmálanefnd Héraðssvæðis | Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur og Borgarfjörður-eystri | Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir | 1 | 1 | 22 | 851 | 3.364 | 25,3% | 25,9 |
| Félagsmálarnefnd Fjarðabyggðar og Mjóafjarðar | Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur | Sigríður Stefánsdóttir | 2 | 0,25 | 38 | 855 | 3.213 | 26,6% | 44,4 |
| Félagsmálarnefnd Suðurfjarða | Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur , Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur | Nanna Mjöll Atladóttir | 1 | 1 | 35 | 407 | 1.652 | 24,6% | 86,0 |
| Félagsmálaráð Hornafjarðar | Sveitarfélagið Hornafjörður | Birgir Þ. Kjartansson | 1 | 1 | 22 | 665 | 2.225 | 29,9% | 33,1 |
| Félagsmálanefnd Árborgar | Sveitarfélagið Árborg | Ragnheiður Thorlacius | 2 | 2 | 134 | 1.868 | 6.522 | 28,6% | 71,7 |
| Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu, Bláskógabyggð | Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð | Sólveig Pétursdóttir | 1 | 1 | 19 | 735 | 2.515 | 29,2% | 25,9 |
| Félagsmálanefnd Hveragerðis | Hveragerðisbær | María Kristjánsdóttir | 1 | 1 | 46 | 576 | 2.021 | 28,5% | 79,9 |
| Barnaverndarnefnd Ölfushrepps | Ölfushreppur | Kristinn Kristinsson | 1 | 1 | 25 | 499 | 1.725 | 28,9% | 50,1 |
| Barnaverndarnefnd Rangárvallar- og V-Skaftafellssýslu | Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur | Marta Bergmann | 1 | 2 | 36 | 1.125 | 4.266 | 26,4% | 32,0 |
| Félagsmálaráð Vestmannaeyjabæjar | Vestmannaeyjabær | Hera Einarsdóttir | 4 | 1,5 | 53 | 1.182 | 4.227 | 28,0% | 44,8 |
| **Samtals/meðaltal** | | | **102** | **73,1** | **5.643** | **78.577** | **293.291** | **26,8%** | **71,8** |

# Viðauki II
# Vímuefnakönnun Stuðla
# fyrir árin 2003-2005

## *V.II.1. Vímuefnakönnun*

Eins og kom fram í kafla 2.2. byggja upplýsingarnar um vímuefnaneyslu unglinga á meðferðardeild Stuðla á skriflegu verkefni (vímuefnakönnun II) sem unglingar vinna í meðferðinni. Þar er m.a. spurt hversu oft tiltekið efni var notað (aldrei, 1-2 skipti, 3-10 skipti, 11-20 skipti, oftar en 20 skipti), hvenær fyrst prófað, hvað lengi notað að staðaldri, hvað oft í síðasta mánuði, á hvaða tímabilum mest og hversu títt (einu sinni í mánuði, 2-3 í mánuði, vikulega, oftar en vikulega, daglega).

Vímuefnakönnunin hefur fyrst og fremst verið notuð sem meðferðartæki. Ráðgjafi fer yfir svörin með viðkomandi unglingi og sannreynir þau eins og hægt er. Sundurgreindar upplýsingar um þessar breytur fyrir árin 2003-2005, ásamt aldurs- og kynjaskiptingu o.fl. er að finna hér.

**Tafla V.II.1.1. Fjöldi innskrifta skipt eftir árum og kyni.**

| | 2003 | | 2004 | | 2005 | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kyn | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Strákar | 27 | 50,9 | 22 | 44,9 | 31 | 62,0 | 80 | 52,6 |
| Stelpur | 26 | 49,1 | 27 | 55,1 | 19 | 38,0 | 72 | 47,4 |
| Samtals | 53 | 100,0 | 49 | 100,0 | 50 | 100,0 | 152 | 100,0 |

**Tafla V.II.1.2. Aldur skipt eftir árum.**

| Ártal | Meðalaldur | Aldur á bilinu |
|---|---|---|
| 2003 | 15,3 | 13,2-17,7 |
| 2004 | 15,3 | 13,3-17,0 |
| 2005 | 15,0 | 13,1-17,5 |
| Meðaltal | 15,2 | 13,1-17,7 |

**Tafla V.II.1.3. Fjöldi eftir aldri árin 2003-2005.**

| Aldur | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| 12-14 ára | 19 | 12,5 |
| 14-15 ára | 47 | 30,9 |
| 15-16 ára | 52 | 34,2 |
| 16-18 ára | 34 | 22,4 |
| Samtals | 152 | 100,0 |

**Tafla. V.II.1.4. Aldur sem er byrjað að nota tóbak og vímuefni.**

| Efni | Meðalaldur | Miðgildi | Tíðasta gildi | Aldur á bilinu |
|---|---|---|---|---|
| Tóbak | 12,4 | 12,5 | 13,0 | 8-16 ára |
| Áfengi | 12,8 | 13,0 | 13,0 | 8-17 ára |
| Kannabisefni | 13,8 | 14,0 | 13,0 | 10-16 ára |
| Amfetamín | 14,3 | 14,0 | 14,0 | 12-17 ára |
| Rítalín | 13,8 | 14,0 | 13,0 | 11-16 ára |
| Kókaín | 14,5 | 14,0 | 14,0 | 13-17 ára |
| E-pillur | 14,4 | 14,5 | 15,0 | 13-17 ára |
| LSD | 14,7 | 15,0 | 14 og 15 ára | 13-16 ára |
| Sveppir | 13,9 | 14,0 | 14,0 | 10-17 ára |
| Sniffefni | 13,3 | 13,0 | 13,0 | 10-16 ára |
| Ýmis lyf | 13,6 | 14,0 | 14,0 | 10-17 ára |
| Sprautunotkun | 14,4 | 14,0 | 14,0 | 14-15 ára |

# *V.II.2. Tóbak*

**Tafla V.II.2.1. Kynjaskipting.**

| | Strákar | | Stelpur | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykir þú? | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Nei | 19 | 23,8 | 8 | 11,1 | 27 | 17,8 |
| Hef prófað 1-2 x | 2 | 2,5 | 1 | 1,4 | 3 | 2,0 |
| Já | 59 | 73,8 | 63 | 87,5 | 122 | 80,3 |
| Samtals | 80 | 100,0 | 72 | 100,0 | 152 | 100,0 |

**Tafla V.II.2.2. Aldursskipting.**

| | 12-14 ára | | 14-15 ára | | 15-16 ára | | 16-18 ára | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykir þú? | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Nei | 6 | 31,6 | 9 | 19,2 | 7 | 13,4 | 5 | 14,7 | 27 | 17,8 |
| Hef prófað | 0 | 0,0 | 1 | 2,1 | 2 | 3,8 | 0 | 0,0 | 3 | 2,0 |
| Já | 13 | 68,4 | 37 | 78,7 | 43 | 82,7 | 29 | 85,3 | 122 | 80,3 |
| Samtals | 19 | 100,0 | 47 | 100,0 | 52 | 100,0 | 34 | 100,0 | 152 | 100,0 |




**Mynd V.II.2.1. Reykir þú? (N=152).**

## Tafla V.II.2.3. Hvað reykir þú mikið?*

| Hvað reykir þú mikið? | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| Stundum um helgar | 1 | 0,9 |
| 1-5 sígarettur á dag | 6 | 5,2 |
1. Þátttöku í formlegum námskeiðum, námstefnum og ráðstefnum bæði hérlendis og erlendis. Þátttaka getur verið takmörkuð við setu starfsmanns eða framlag hans í formi fyrirlesturs sem stofnunin gerir starfsmanninum kleift að undirbúa í vinnutíma. Almennt skal miðað við að sérfræðingur fái tækifæri til að fara erlendis einu sinni á ári til að afla sér endurmenntunar á sínu sérsviði.
2. Afmarkaða verkefnavinnu sem felur í sér að starfsmanni er gefinn kostur á að takast á við afmarkað þróunar- eða rannsóknarverkefni um tíma og er þá jafnframt leystur undan þeim viðfangsefnum sem hann sinnir daglega að hluta til eða að öllu leyti.
3. Einstaklingsnám innan stofnunar þar sem starfsmanni er gefið svigrúm til að viðhalda þekkingu sinni, svo sem með lestri fagtímarita og fagbóka, með því að helga tiltekinn vinnustundafjölda námi. Er starfsmanni þá skylt að miðla þekkingu sem þannig er aflað með fræðslu til annars starfsfólks.
4. Að starfsmanni sé gert kleift að taka þátt í starfsmannaskiptum milli stofnana, innanlands og utan í afmarkaðan tíma.
5. Að starfsmanni sé gert kleift að sækja sér handleiðslu þegar þurfa þykir í samráði við forstjóra.

Ýmsir aðrar starfsþróunarmöguleikar koma til álita. Yfirlit þeirra má m.a. sjá á stjórnendavef fjármálaráðuneytisins (http://www.stjornendavefur.is), vef stéttarfélaga og í viðkomandi kjarasamningi.

Forstjóri Barnaverndarstofu gengur í byrjun hvers árs frá starfsmenntunaráætlun. Slík áætlun skal taka mið af stefnumarkandi áætlun stofnunarinnar, niðurstöðum úr starfsmannasamtölum sem tekin eru í byrjun ársins og mannaflaáætlun sem fram kemur í ársáætlun stofnunarinnar. Í starfsmenntunaráætlun kemur fram á hvaða sviðum bæta þurfi þekkingu eða reynslu starfsmanna stofnunarinnar þannig að hún fylgi framtíðaráherslum hennar. Einnig skal hann í samvinnu við starfsmann ganga frá einstaklingsbundnum starfsmenntunaráætlunum. Sýnishorn þessara áætlana koma fram í viðauka handbókar.

Mikilvægasta tæki stofnunarinnar til að meta þörf á endurmenntun felst í starfsmannasamtölum sem fara fram milli forstjóra og viðkomandi starfsmanns einu sinni á ári, að jafnaði í upphafi hvers árs. Starfsmannasamtöl fela í sér formleg upplýsingaskipti milli þessara aðila og hafa það að markmiði að fara með skipulögðum hætti yfir verkefni og frammistöðu starfsmanna, ræða úrlausnarefni varðandi samskipti á vinnustað, stjórnun og starfsumhverfi og fara yfir sameiginlegar þarfir stofnunarinnar og starfsmannsins varðandi starfsþróun. Almennt er ekki gert ráð fyrir að starfsmannasamtal feli í sér umræður um laun starfsmanns.

Standa skal að starfsmannasamtölum með eftirfarandi hætti. Forstjóri og starfsmaður ákveða í sameiningu stað og stund með góðum fyrirvara. Ekki er gert ráð fyrir að skrifstofa forstjóra sé notuð í þessum tilgangi. Áður en samtalið fer fram skal bæði forstjóri og starfsmaður undirbúa viðtalið með því að fara yfir gátlista (sjá viðauka). Gátlistinn skal notaður til viðmiðunar í samtalinu. Í kjölfar samtalsins fyllir forstjóri út sérstakt eyðublað (sjá viðauka). Starfsmannasamtal er venjulega um 1- $1^{1/2}$ klst.

# 7. STARFSKJÖR OG LAUNAMÁL

Launakjör og önnur starfskjör starfsmanna Barnaverndarstofu fara eftir gildandi kjarasamningum, stofnanasamningum, lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma. Ákvarðanir um launakjör starfsmanna skulu að öðru leyti taka mið af því markmiði að Barnaverndarstofa geti haft á að skipa starfsfólki með þá menntun og reynslu, sem hún þarf á að halda hverju sinni. Stefnt er

að því að ákvarðanir um launakjör starfsmanna taki mið af ábyrgð, frammistöðu og árangri í starfi. Fastlaunasamningar skulu gilda fyrir alla starfsmenn Barnaverndarstofu. Við ákvörðun launa og annarra starfskjara skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Í kjarasamningi koma fram upplýsingar um kaup, vinnutíma, ákvæði um matar- og kaffitíma, fæði og mötuneyti, orlof, ferðir og gistingu, aðbúnað og hollustuhætti, tryggingar, verkfæri og vinnuföt, afleysingar, endurmenntunarmál, rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa, tilhögun fæðingarorlofs, um fjölskyldu- og styrktarsjóð, viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar, launaseðil og félagsgjöld og gildistíma og uppsagnarákvæði.

Í öllum kjarasamningum er efnislega samhljóða kafli um svokallaðan stofnanasamning.[1] Í honum segir að stofnanasamningur sé hluti af kjarasamningi og sé meðal annars ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu.

Skv. kjarasamningum skal í stofnanasamningi semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skal fyrst og fremst miðað við að um sé að ræða viðvarandi og stöðugt verksvið og eins að þar sé verið að meta þá þætti starfsins sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem stofnun ber að sinna. Eins er heimilt að semja um persónubundna þætti sem gera menn hæfari en ella til að sinna viðkomandi starfi. Hér koma til greina þættir eins og starfsskipulag, umfang verkefna, manna- og fjárforráð, hæfni starfsmanns sem getur verið tengt formlegri menntun, áhuga eða framtaki starfsmanna við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kæmi í starfi. Sérstaklega skal meta formlegt framhaldsnám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu. Einnig kemur til álita starfsreynsla, góð frammistaða starfsmanns, sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði í starfi.

Sérstök samstarfsnefnd annast gerð og breytingar stofnanasamnings. Nefndin skal skipuð allt að tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, það er stéttarfélags eða starfsmönnum og fulltrúum stofnunar. Þegar um er að ræða stofnanasamning við starfsfólk Stuðla skal forstöðumaður og rekstrarstjóri eftir þörfum sitja fundi ásamt forstjóra fyrir hönd stofnunarinnar. Annars skal forstjóri og umsjónarmaður starfsmannamála sitja fundi. Rita skal fundargerð sem staðfest

[1] Lýsing á stofnanasamningi felur í sér endursögn á texta í kafla 11 - Stofnanaþáttur og samstarfsnefndir.

skal af samningsaðilum. Um starfshætti samstarfsnefndar er vísað í fræðslurit BHM, *Að starfa í samstarfsnefnd* (sjá www.bhm.is).

Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Náist ekki samkomulag í nefndinni innan þriggja mánaða frá því að mál kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðili um sig óskað eftir því að inn í samstarfsnefndina komi annars vegar fulltrúi frá ráðuneyti viðkomandi stofnunar og hins vegar fulltrúi tilnefndur af stéttarfélagi. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Ágreiningur um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og önnur atriði er varðar framkvæmd stofnanasamnings er vísað til miðlægrar samstarfsnefndar með atbeina Fjársýslu ríkisins.

Aðilar stofnanasamnings geta óskað eftir endurskoðun hans innan árs frá staðfestingu kjarasamnings og síðan eigi sjaldnar en annað hvert ár. Þar skal metið hvort ástæða sé til að gera breytingar á stofnanasamningnum.

Við gerð stofnanasamnings skulu fulltrúar Barnaverndarstofu hafa til hliðsjónar eftirfarandi:

- Skipurit stofnunar sem gerir ráð fyrir tilteknum starfsheitum sem skulu endurspeglast í öllum stofnanasamningum.
- Uppbygging stofnanasamnings skal vera að mestu sú sama án tillits til samningsaðila.
- Ákvarðanir um launabreytingar verður að skoða í heild sinni, sérstaklega þar sem algengt er að starfsmenn sem sinna sams konar störfum séu í ólíkum stéttarfélögum.
- Ávallt skal reikna út áhrif launabreytinga. Fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að launabreytingar vegna stofnanasamninga séu bættir stofnuninni með auknum fjárframlögum.
- Forðast skal að ræða launamál einstakra starfsmanna á samninganefndarfundum. Launamál einstaklinga er viðfangsefni viðkomandi starfsmanns og forstjóra.
- Samstarfsnefnd Barnaverndarstofu er ekki ætlað að fjalla um ágreining um túlkun gildandi stofnanasamnings heldur er það hlutverk miðlægrar samstarfsnefndar á vegum Fjársýslu ríkisins.

Um vinnutíma, matar- og kaffitíma, fæði og mötuneyti, orlof, ferðir og gistingu, aðbúnað og hollustuhætti fer eftir ákvæðum viðkomandi kjarasamninga og reglna Barnaverndarstofu þar að lútandi (sjá viðauka).

# 8. VINNUBRÖGÐ

Vinnubrögð starfsmanna Barnaverndarstofu skulu vera í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Í því felst að þekkja og framfylgja þeim lögum og reglum sem varða starfssvið þeirra svo sem ákvæðum barnaverndarlaga, stjórnsýslu- og upplýsingalaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nánar tiltekið skulu starfsmenn:

1. *Veita vandaða og skjóta þjónustu.* Það skal tryggt með verklagsreglum Barnaverndarstofu um afgreiðslu erinda og eftirfylgd þeirra. Verklagsreglur þessar eru skráðar í sérstaka handbók.
   - Starfsmenn skulu kappkosta að afgreiða erindi svo skjótt sem auðið er og leiðbeina þeim sem til stofnunarinnar leita eftir bestu getu.
   - Vinna með markvissum hætti að úrlausn verkefna. Í því felst m.a. að tileinka sér vinnubrögð verkefnisstjórnunar, markvissa og skilvirka fundarstjórnun og eiginleika upplýsingakerfis til fullnustu.
   - Efni sem stofnunin sendir frá sér svo sem bréf, kynningarefni, glærur, efni á vef, handbækur, ársskýrslur og önnur rit skal uppfylla tilgreindar gæðakröfur. Í því felst m.a. að texti sé á góðu íslensku máli og framsetning og útlit sé samræmt.
   - Til að meta þjónustu stofnunarinnar er stefnt að því að gerð sé á tveggja ára fresti þjónustukönnun sem lögð er fyrir viðskiptavini stofnunarinnar.
2. *Sýna í daglegum störfum sínum óhlutdrægni, hlutleysi, trúnað og ábyrgð.*
   - Þeir skulu ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þeim er óheimilt að veita sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla eða mismuna viðskiptavinum sínum að öðru leyti.
   - Þeir skulu gæta hlutleysis í allri ákvarðanatöku svo sem við gerð þjónustu-, stofnana- og ráðningasamninga.
   - Þeir skulu gæta þagmælsku í störfum sínum um málefni viðskiptavina sinna, þar á meðal gæta að aðgengi slíkra upplýsinga.
   - Starfsmenn eru ábyrgir fyrir verkefnum sínum í samræmi við starfslýsingar og verkaskiptingu innan stofnunarinnar.

- Starfsmenn skulu forðast að hafast nokkuð að í störfum sínum eða utan þeirra sem kastað getur rýrð á virðingu stofnunarinnar.

3. *Hlýða löglegum fyrirskipunum forstjóra eða staðgengils hans*, þar á meðal hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru í starfsmannalögum.

# 9. STARFSAÐSTÆÐUR

Allir starfsmenn Barnaverndarstofu skulu leggja sitt af mörkum til að skapa jákvætt og vinsamlegt andrúmsloft á vinnustað. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Konum og körlum skal gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar s.s. vegna umönnunar barna og sjúkra á heimilum. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður framast leyfa.

Ávallt skal haft að leiðarljósi að skapa aðstæður til að vellíðan og heilbrigði starfsmanna sé sem mest. Tryggja skal að aðbúnaður, hollustuhættir og öruggi á vinnustað starfsmanna sé í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga. Vinnustaður skal vera reyklaus á grundvelli ákvæða laga og reglugerða þar að lútandi. Ef starfsmaður þarfnast meðferðar á stofnun vegna áfengis- eða vímuefnavanda síns á hann rétt á sérstöku veikindaleyfi vegna fyrstu dvalar á meðferðarstofnun.

Reglubundið (a.m.k. á tveggja ára fresti) er gerð úttekt á vinnuaðstæðum starfsmanna og í kjölfarið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta úr þeim ágöllum sem fram koma í niðurstöðum úttektarinnar.

# 10. VIÐAUKAR STARFSMANNAHANDBÓKAR

Í starfsmannhandbókinni eru eftirfarandi viðaukar:

Gátlisti í kjölfar ráðningar nýrra starfsmanna
Gátlisti við starfslok
Starfsmannasamtöl
Ráðningarsamningur – sýnishorn
Launaákvarðanir – yfirlit
Sýnishorn stofnana samnings BVS og stéttarfélags
Starfs- og verkefnalýsing – sýnishorn
Starfsmenntunaráætlun – sýnishorn
Erindisbréf forstöðumanna Barnahúss
Reglur Barnaverndarstofu um vinnutíma, matar- og kaffitíma, orlof, ferðir og gistingu

# Viðauki IV
# Stefnumarkandi áætlun

BARNAVERNDARSTOFA

# STEFNUMARKANDI ÁÆTLUN 2005-2008

JÚNÍ 2005

# EFNISYFIRLIT


1 Inngangur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .161
2 Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum ríkisins . . . . . . . . . 163
2.1 Rannsóknarverkefni . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 164
2.1.1 Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi . . . . . . . . . . . . . 164
2.1.2 Athugun á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum . . . . . . 165
2.1.3 Athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi . . . . . 166
2.1.4 Athugun á samstarfi við 112 um móttöku tilkynninga. 166
2.1.5 Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd. . . . . . . . 167
2.2 Þróunarverkefni. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 168
2.2.1 Notkun matslista ASEBA . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 168
2.2.2 Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF). 169
2.2.3 Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna (Child Death Review Team) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 170
2.3 Erlent samstarf . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 171
2.3.1 Norræn Barnaverndarráðstefna árið 2006 . . . . . . . . . . 171
2.3.2 Samstarf á vegum Eystrasaltsráðsins – „Children at risk“ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 171
2.3.3 Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis – „Quality for children“. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 172
2.4 Saga barnaverndarstarfs á Íslandi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 173
3 Efling þjónustu og verklags . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 174
3.1 Ný meðferðarúrræði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 177
3.1.1 Fjölþátta meðferð (Multisystemic Therapy - MST) . . . 177
3.1.2 Fjölþátta meðferðarfóstur (MTFC/TFC). . . . . . . . . . . . 179
3.1.3 Foreldrafærniþjálfum (PMT – Webster Stratton) . . . . . 179
3.1.4 Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. . 180
3.2 Reiðistjórnun (Aggression Replacement Training - ART) . . . . 181
3.3 Árangursmat . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 181
3.3.1 Mat á árangri meðferðarheimila . . . . . . . . . . . . . . . . . . 181
3.3.2 Mat á styrktu fóstri . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 182
3.3.3 Mat á árangri Barnahúss . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 183

3.4 Skjalastjórnun og tölfræði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 184
3.4.1 Handbók um skjalastjórnun og skráningu . . . . . . . . . . 184
3.4.2 Endurbætur á tölfræði um barnavernd . . . . . . . . . . . . . 184
4 Aðgerðir til að bæta hæfni, getu og nýtingu starfshóps bvs . . . . . . . . 185
5 Aðgerðir til að tryggja góða fjármálastjórnun . . . . . . . . . . . . . . . . . . 187
5.1 Oracle fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins . . . . . . . . . . . . . . . 187
6 Samantekt eftir markmiðum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 189
7 Samantekt eftir árum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 193

# 1. INNGANGUR

Sú stefnumarkandi áætlun sem hér birtist nær til tímabilsins 1. júlí 2005 til 30. júní 2008. Áætlunin er í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta þar sem segir að forstöðumenn beri ábyrgð á gerð langtímaáætlunar sem skuli endurspegla stefnumörkun og megináherslur í starfsemi stofnunar. Á grundvelli langtímaáætlana er gerð ársáætlun.

Langtímaáætlunin byggir á lögmæltu hlutverki Barnaverndarstofu sem tilgreint er í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Samkvæmt 7. gr. er Barnaverndarstofa sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Hlutverk Barnaverndarstofu er að:

- vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum
- hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar
- hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu
- hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda
- annast leyfisveitingar til fósturforeldra, taka ákvarðanir og veita barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum
- fara með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk og hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót
- hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkisins
- annast leyfisveitingar skv. ákvæðum barnaverndarlaga.

Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Ætlunarverk stofnunarinnar felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði hefur stofnunin sett sér eftirfarandi meginmarkmið sem hún mun vinna að á áætlunartímabilinu:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum ríkisins með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félagsmálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.
2. Að efla þjónustu stofnunarinnar þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma. Þetta á bæði við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.
3. Að bæta hæfni, getu og nýtingu starfsfólks Barnaverndarstofu.
4. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Áætlunin endurspeglar nýtt skeið í starfsemi Barnaverndarstofu. Fyrstu starfsár Barnaverndarstofu einkenndust af mikilli uppbyggingu og breytingastarfi, m.a. á sviði meðferðar fyrir börn og með stofnun Barnahúss. Nú og um næstu framtíð munu áherslur Barnaverndarstofu beinast að því að meta árangur af uppbyggingarstarfinu, þar á meðal núverandi meðferðarkerfi, þróa ný úrræði í stað langtímameðferðar og efla innviði stofnunarinnar til að hún megi bjóða í auknum mæli upp á vandaða og hagkvæma þjónustu fyrir barnaverndarnefndir landsins og aðra þá aðila sem vinna að barnavernd.

Með framangreint í huga munu áhersluverkefni Barnaverndarstofu á tímabilinu beinast að þróunar- og rannsóknarstarfi með það fyrir augum að meta árangur starfsins fram til þessa, skoða hvað megi bæti og þróa ný meðferðarúrræði. Verkefni munu einnig beinast að því að bæta þjónustu, verklag og nýtingu fjármuna auk þess að vinna markvisst að stefnumótun í starfsmannamálum.

Hér er byggt á aðferðafræði stefnumarkandi áætlanagerðar (strategic planning). Einnig er haft til hliðsjónar aðferðafræði stefnumiðaðs skorkorts (BSC). Settir eru fram árangursmælikvarðar sem eiga að uppfylla sæmilega þá gæðastaðla sem gilda um slíka mælikvarða. Notast var við ýmis fyrirliggjandi gögn, þar á meðal ársáætlun, drög að árangursstjórnunarsamningi, efni frá Forskoti, niðurstöður starfsdaga og fleira. Áhersla er á markmiðssetningu sem miðar að breytingum - að fara úr tilteknu ástandi í annað og betra ástand. Ekki er ástæða til að setja markmið um þætti sem annað hvort eru óraunhæf eða búið er nú þegar að ná. Reynt er að hafa texta hnitmiðaðan og einskorða áætlunina við raunhæf verkefni. Leitast er við að áætlun endurspegli raunverulegan vilja og getu bæði stjórnanda og annarra starfsmanna til að fylgja stefnunni.

Til hliðsjónar við uppbyggingu áætlunarinnar er höfð ofangreind fjórskipting. Hverju meginmarkmiði er skipt niður í nokkur starfsmarkmið, sem fela í sér mælanlegt takmark stofnunarinnar, mælikvarða á árangur og einstök verkefni sem er ætlað að stuðla að framgangi áætlunarinnar. Einnig kemur fram staða verkefna við upphaf tímabilsins ef vinna við þau er hafin og áætluð staða í lok þess ef ekki er gert ráð fyrir að verkefninu verði þá lokið. Gert er ráð fyrir að sérstök verkefnaáætlun sé fyrirliggjandi fyrir hvert þeirra.

# 2. AÐGERÐIR TIL EFLINGAR BARNAVERNDARSTARFS Á VEGUM RÍKISINS

## Meginmarkmið

Að efla barnaverndarstarf á vegum ríkisins með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félagsmálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra, m.a. með því að auka fræðslu um barnaverndarstarf almennt og hvetja almenning til að virða skyldur samfélagsins gagnvart börnum.

### Starfsmarkmið

1. Að fjölga þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði barnaverndarnefndar á tímabilinu.
2. Að vinna árlega greinargerð um stöðu og þróun barnaverndarmála sem byggð verði á upplýsingum hérlendis, opinberum erlendum gögnum og ráðstefnum og málþingum. Skýrslan verði hluti af ársskýrslu Barnaverndarstofu.
3. Að á grundvelli 1. og 2. setja fram árlega tillögur til félagsmálaráðherra um hvaða úrbóta sé þörf í barnaverndarmálum.
4. Að taka þátt í skipulegu erlendu samstarfi þar sem á tímabilinu verði lögð áhersla á samstarf innan Eystrasaltsráðsins, ISPCAN (International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect) og deilda innan þeirra samtaka, FICE (Federation of Educative Communities), IFCO (International Foster Care Organization), NOFCA (Nordic Foster Care Association) og samstarf um Norrænu Barnaverndarráðstefnuna. Að taka þátt í samstarfi á

vegum Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna eftir atvikum, með þátttöku í fundum, ráðstefnum og verkefnum og veitingu upplýsinga eftir því sem óskað er. Ennfremur að taka þátt í sértækum samstarfsverkefnum eftir því sem tilefni gefst. Árlega verði unnin greinargerð um erlent samstarf, m.a. þátttöku starfsmanna í viðburðum og ávinning af samstarfinu.
5. Að auka upplýsingamiðlun til almennings m.a. með markvissari notkun heimasíðu stofnunarinnar. Þannig verði a.m.k. vikulega fréttir af barnaverndarstarfi settar á vefinn og heimasíða stofnunarinnar efld með því að bæta við tenglum og nýju fræðsluefni. Einnig að auka áframhaldandi þátttöku starfsmanna í fjölmiðlaumræðu.

*Mælikvarði á árangur*
1. Fjöldi og umfang rannsóknar- og þróunarverkefna unnin á tímabilinu og formleg eftirfylgni í formi ákvarðana eða aðgerða með hliðsjón af niðurstöðum þeirra.
2. Útgefin greinargerð í ársskýrslu um þróun barnaverndarmála í fyrsta skipti árið 2006 vegna ársins 2005.
3. Árlegar skjalfestar tillögur til félagsmálaráðherra um umbætur í barnaverndarmálum er komi fram m.a. í rökstuðningi með fjárlagatillögum stofnunarinnar, ársáætlunum eða sérstökum greinargerðum.
4. Útgefin árleg greinargerð um erlent samstarf í fyrsta skipti í ársbyrjun 2006 vegna ársins 2005.
5. Árleg fjölgun heimsókna annarra en opinberra aðila á heimasíðu stofnunarinnar. Fjöldi árlegara tilvika þar sem starfsmaður stofnunarinnar tekur þátt í umræðu um barnaverndarmál í ljósvaka- eða ritmiðlum.

Verkefni sem unnin eru á grundvelli ofangreindra starfsmarkmiða eru eftirfarandi:

## 2.1. Rannsóknarverkefni

### *2.1.1. Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa hefur gert samning við dr. Jón Friðrik Sigurðsson forstöðu-

sálfræðing Landspítala-háskólasjúkrahúss, prófessor Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing við Institute of Psychiatry King´s College í London, Jóhönnu Kristínu Jónsdóttur MA í sálarfræði og Þorbjörgu Sveinsdóttur BA í sálarfræði um rannsókn fyrir Barnaverndarstofu í tengslum við þá þjónustu sem veitt er í Barnahúsi vegna gruns um kynferðisbrot gegn börnum. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða í hvaða tilvikum eða hvaða atriði í framburði barna leiði til opinberrar ákæru fyrir kynferðisbrot og dóms og hvað af framburði barna haldi sér inn í ákærur og forsendur dómsorðs. Einnig er fyrirhugað að kanna ýmis atriði sem snúa að eðli kynferðisbrota á Íslandi og athuga hvort þau hafi áhrif á framvindu máls. Ávinningur af rannsókninni er að meta reynslu af þjónustu Barnahússins og hvort bæta megi málsmeðferð mála um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Skráningu frumganga er að mestu lokið. Verið er að safna upplýsingum um afdrif mála sem rannsóknin tekur til og vinna úr niðurstöðum.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið í júlí 2006.

### *2.1.2. Athugun á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa tekur þátt í rannsókn á vegum Eystrasaltsráðsins á kynhegðun ungmenna, viðhorfum þeirra til kynlífs og kynferðislegu ofbeldi. Tilgangur rannsóknarinnar á Íslandi er að rannsaka kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og ungmennum, líðan þeirra og aðstæður. Ávinningur verkefnisins er að afla heildstæðra upplýsinga sem notaðar verða í mótun stefnu, forvarna og úrræða til handa þessum hópi barna og ungmenna á Íslandi.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Barnaverndarstofa gerði samning við Rannsóknir og greiningu um framkvæmd rannsóknarinnar. Könnun var lögð fyrir meðal nemenda í öllum framhaldsskólum landsins haustið 2004. Þátttakendur eru allir nemendur sem mættu í skólann daginn sem könnunin var lögð fyrir. Áætlað er að fjöldi þátttakenda hafi verið um 11.000, eða um tæplega 80% framhaldsskólanema á Íslandi. Skönnun á spurningalistum hefur farið fram og gert er ráð fyrir að

gögnin verði tilbúin til úrvinnslu í júní 2005. Áætlað er að úrvinnslan fari fram í nokkrum áföngum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, fram til ársins 2008. Kostnaður vegna áfangaskýrslu sem skilað verður árið 2006 nemur 2 millj. kr.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að meginhluta rannsóknarverkefnisins verði lokið 2008.

### 2.1.3. Athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Eins og fram kemur í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2000 virðist hlutfall tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum vegna líkamlegs ofbeldis mun lægra á Íslandi en hjá ýmsum vestrænum þjóðum. Í skýrslunni er bent á að ein skýringin kunni að vera að vandinn sé duldari hér en víða erlendis. Bent er á að skortur á meðvitund um tilvist líkamslegs ofbeldis og takmörkuð þekking á greiningu á áverkum barna dregur úr líkum þess að mál uppgötvist og séu tilkynnt barnaverndaryfirvöldum. Af þessum ástæðum telur Barnaverndarstofa brýnt að láta fara fram athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi með það fyrir augum að varpa skýrara ljósi á umfang vandans, viðbrögð við ofbeldi og meta þörf úrræða.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Undirbúningur athugunarinnar er á frumstigi. Gert er ráð fyrir að gera kostnaðaráætlun og samning um rannsóknina eigi síðar en 1. júlí 2006.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið júlí 2007.

### 2.1.4. Athugun á samstarfi við 112 um móttöku tilkynninga

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa hafði frumkvæði að samstarfi við Neyðarlínuna – 112 um móttöku tilkynninga á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga. Markmiðið er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum

112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Barnaverndarstofa telur brýnt að gera athugun á framkvæmd og árangri þessa samstarfs, m.a. meta viðhorf barnaverndarnefnda til þjónustunnar, hvort tilkynningum hafi fjölgað með betra aðgengi og frá hverjum og jafnvel þekkingu og viðhorf almenning til þessarar þjónustu.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Verkefnið verður unnið í samstarfið við 112 og Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði af hálfu Barnaverndarstofu vegna verkefnisins.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið fyrir árslok 2005.

### *2.1.5. Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa hyggst taka þátt í stofnun Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd sem starfrækt verður af félagsráðgjafarskor og mun heyra undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Hlutverk Rannsóknarsetursins er að auka og efla rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskylduverndar, m.a. með því að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, efla tengsl rannsókna og kennslu, samhæfa rannsóknir á fræðasviðinu, hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir, kynna niðurstöður rannsókna og standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á sviði félagsráðgjafar. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að efla rannsóknir á aðstæðum barna í víðum skilningi og horfir til þess að gagnkvæmt samstarf á vegum Rannsóknarseturs muni treysta grunn að markvissu og faglegu barnaverndarstarfi.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Gert er ráð fyrir að fleiri aðilar komi að rekstri setursins, svo sem Efling, Velferðarráð Reykjavíkurborgar, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti og/eða forsætisráðuneyti. Gerð hafa verið drög að starfsreglum Rannsóknarseturs og mun verða gengið frá þeim ásamt samstarfssamningi um verkefnið í júní 2005. Kostnaður Barnaverndarstofu vegna verkefnisins er áætlaður 500 þús. kr. á ári.

*Staða við lok tímabils*
Barnaverndarstofa mun undirrita samstarfssamning til þriggja ára. Að því loknu mun stofan meta ávinning af þátttökunni og taka ákvörðun um frekara samstarf.

## 2.2. ÞRÓUNARVERKEFNI

### *2.2.1. Notkun matslista ASEBA*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa ákvað árið 2004 að skoða möguleika á notkun matslistakerfis ASEBA (Achenbach System of Empirically Based Assessment) með tilliti til úrræða á ábyrgð ríkisins og þróunar staðlaðra mælitækja í barnaverndarmálum. Rannsóknir hafa sýnt notagildi ASEBA við vinnslu barnaverndarmála, eftirlits og árangursmælinga úrræða. Meginmarkmið verkefnisins er að innleiða notkun staðlaðra matstækja í ákvörðunar- og inntökuferli úrræða og meðferð á vegum Barnaverndarstofu, þ.e. í meðferð á Stuðlum og á langtímameðferðarheimilum, í styrktu fóstri og öðrum fósturráðstöfunum og meðferð í Barnahúsi. Með þessu yrði unnt að koma á samræmdu endurmati og árangursmati meðferðar- og vistunar úrræða. Einnig er áformað að nota ASEBA kerfið í fjölþáttameðferða MST.

Jafnframt mun verkefnið lúta að því að undirbúa og koma upp búnaði sem geri meðferðarheimilum og fósturheimilum sem og barnaverndarnefndum mögulegt að nýta veflausir ASEBA (Web-Link).

Ávinningur af verkefninu er að til verði samræmdur grunnur upplýsinga til endurmats úrræða og árangursmats úrræða. Þá verða aðgengilegar staðlaðar upplýsingar um vanda, veikleika og styrkleika barna innan meðferðarkerfis Barnaverndarstofu. Slíkur grunnur er nauðsynlegur við breytingar og eða stýringu úrræða og til þátttöku í norrænu/alþjóðlegu samstarfi, samanburði og rannsókum. Ávinningur mælist væntanlega einnig í auknum gæðum, árangri og markvissari barnaverndarúrræðum.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Barnaverndarstofa hefur verið í samstarfi um verkefnið við dr. Tomas Achenbach, Research Center for Children, Youth, and Families í Bandaríkjunum og Halldór Sig. Guðmundsson félagsráðgjafa f.h. ASEBA á Íslandi. Keyptur hefur verið hugbúnaður ASEBA, handbækur og eyðublöð ásamt gagnagrunni

yfir rannsóknir. Unnið hefur verið að kynningu og prófun á matslistakerfinu meðal starfsmanna Barnaverndarstofu, meðferðarheimila og barnaverndarnefnda. Gert er ráð fyrir að kostnaðaráætlun verkefnis- og áfangalýsing, kynning, innleiðing og handleiðsla vegna ASEBA matslistakerfisins liggi fyrir í árslok 2005.

Stefnt er að því að notkun kerfisins verði orðin reglubundin a.m.k. í styrktu fóstri, á langtímameðferðaheimilum og í meðferð í Barnahúsi frá ársbyrjun 2006 og tölfræðilegar upplýsingar verði birtar með ársskýrslu þess árs á vordögum 2007. Á árinu 2006 verður unnið að Web-Link og viðeigandi tengingum, kynningu og notkun barnaverndarnefnda.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að í júní 2007 liggi fyrir samantekt um verkefnið, úrvinnsla og framsetning tölulegra upplýsinga. Þá verði jafnframt gerð áætlun um frekari notkun listanna.

### *2.2.2. Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa fékk dr. Freydísi J. Freysteinsdóttur til að útbúa árið 2003 skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnaverndarmálum (SOF). Árið 2004 tóku fimm barnaverndarnefndir þátt í því að prófa kerfið og voru í samvinnu um framkvæmdina við starfsmenn Barnaverndarstofu og Freydísi. Gerðar voru kannanir meðal starfsmanna nefndanna sem tóku þátt í verkefninu og í kjölfarið gerðar nokkrar endurbætur. SOF kerfið nýtist við mat og flokkun tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum og við könnun mála, fyrst og fremst út frá barninu sjálfu. Markmiðið er m.a. að gera vandamál og markmið afskipta barnaverndarnefnda sýnilegri fyrir foreldrum, börnum og barnaverndarstarfsmönnum, samræma skilgreiningar og mat á vandamáli og aðstæðum barna, fá skýrari mynd af þörf fyrir úrræði og auðvelda ákvarðanatöku um úrræði. Þá auðveldar kerfisbundið mat samanburð og rannsóknir á sviði barnaverndar.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Gert er ráð fyrir að allar barnaverndarnefndir landsins hafi tekið SOF kerfið í notkun við mat og flokkun tilkynninga frá og með 1. janúar 2005 og verður það lagt til grundvallar við gerð eyðublaða fyrir sískráningu og ársskýrslueyðublaðs fyrir árið 2005. Árið 2006 fer fram mat á kerfinu, m.a. viðhorfum

starfsmanna til notkunar þess, og endurskoðun í kjölfarið. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna verkefnisins en hann mun að mestu felast í vinnuframlagi sérfræðinga Barnaverndarstofu.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að stöðumat á verkefninu liggi fyrir í ársbyrjun 2006 og í kjölfarið ákvörðun um frekari verkefni.

### *2.2.3. Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna (Child Death Review Team)*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Svokölluð Child Death Review Teams voru fyrst sett á laggirnar í Bandaríkjunum í kjölfar fjölgunar dauðsfalla barna. Á undanförnum árum hafa æ fleiri ríki sett á laggirnar sambærileg viðbragðsteymi. Þar koma saman fulltrúar dóms-, heilbrigðis- og barnaverndarkerfis með það að markmiði að varpa ljósi á dauðsfall og koma með ábendingar um hvernig fækka dauðsföllum barna. Lögð er áhersla á að þróa aðferðir til að bæta heilsu og öryggi barna, bæta samskipti milli stofnana, greina orsakir og viðbrögð við dauðsfalli og safna og birta upplýsingar um öll dauðsföll barna.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Barnaverndarstofa hefur unnið að undirbúningi stofnunar viðbragðsteymis vegna dauðsfalla barna með samræðum við aðrar stofnanir sem málið varða. Boðað verður til fundar með fulltrúum allra hlutaðeigandi aðila fyrir 1. janúar 2006 þar sem leitað verður eftir samstöðu um stofnun viðbragðsteymis. Tekið verður þátt í starfi InternationalChild.org, sem er alþjóðlegt samstarf sérfræðinga á þessu sviði, eftir því sem tök eru á. Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

*Staða við lok tímabils*
Tillaga Barnaverndarstofu verður að setja á laggirnar viðbragðsteymi fyrir 1. júlí 2006 og gert verði ráð fyrir árlegum skýrslum um störf teymisins.

# 2.3. ERLENT SAMSTARF

## *2.3.1. Norræn Barnaverndarráðstefna árið 2006*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Barnaverndarstofa hefur um áratuga skeið tekið þátt í samstarfi um Norræna Barnaverndarráðstefnu sem haldin er á þriggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum. Ráðstefnan var síðast haldin á Íslandi en næsta ráðstefna verður í Kaupmannahöfn árið 2006. Ávinningur af þátttöku í undirbúningi ráðstefnunnar er að kynnast nýjum straumum og stefnum í barnaverndarstarfi nágrannaríkjanna, eiga þátt í mótun dagskrár og koma á framfæri því sem Ísland hefur að miðla.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Undirbúningur ráðstefnunnar er yfirstandandi og sækir starfsmaður Barnaverndarstofu þá fundi sem undirbúningsnefnd boðar. Kostnaður felst í ferðum vegna undirbúnings og í þátttöku í ráðstefnunni.

*Staða við lok tímabils*
Ráðstefnan verður haldin í ágúst 2006.

## *2.3.2. Samstarf á vegum Eystrasaltsráðsins – „Children at risk“*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Á árinu 2002 var stofnað til formlegs samstarfs á vettvangi Eystrasaltsráðsins undir heitinu „Children at risk“ en samstarf þetta hófst með óformlegum hætti á árinu 1998. Markmið þess er að efla samstarf, samhæfa aðgerðir og deila þekkingu og reynslu á meðal aðildarríkjanna á fjölmörgum sviðum er varða börn í vanda. Forgangsverkefni samstarfsins lúta að kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og mansali, börnum án forsjáraðila (unaccompanied children), götubörnum, börnum á stofnunum og börnum með sjálfseyðandi hegðun. Á vegum samstarfsins er starfrækt skrifstofa og haldið er úti vefsíðu sem hefur að geyma mikið magn upplýsinga um rannsóknir, löggjöf, alþjóðasamþykktir og viðburði svo sem ráðstefnur o.s.frv. Þá er lokað samskiptasvæði á vefsíðunni þar sem sérfræðingar á sviði barnaverndar eiga kost á að skiptast á upplýsingum, reynslu og skoðunum um einstaka þætti í samstarfinu.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Stjórnarfundur samstarfsins verði haldinn á Íslandi vorið 2006 og í tengslum við hann verði boðið upp á námskeið í rannsóknarviðtölum og öðrum þáttum á verksviði Barnahúss. Lögð verður áhersla á að fyrir 1. júní 2006 verði lokið við yfirfara allan texta á vefsíðu samstarfsins sem lýtur að Íslandi, þ.m.t. er varðar lög og verklagsreglur, lýsingu á starfsemi Barnaverndarstofu og Barnahúss. Átak til þess að fjölga notendum vefsíðunnar verði hrint í framkvæmd á árinu 2006 sem hafi það m.a. að markmiði að 30 til 50 notendur/sérfræðingar hafi aðgang á lokuðu svæði vefsíðunnar. Kostnaður við samstarfið felst annars vegar í ferðakostnaði vegna stjórnarfunda og hins vegar vegna vinnslu upplýsinga til að setja á vefsíðu samstarfsins, en hann er ekki áætlaður sérstaklega.

*Staða við lok tímabils*
Uppfærður texti á vefsíðu samstarfsins fyrir 1. júní 2006. Í lok árs 2006 verði notendur á lokuðu svæði vefsíðunnar 30-50 talsins.

### *2.3.3. Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis – „Quality for children“*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Á árinu 2005 hófst samstarf 32 Evrópuríkja sem miðar að því að þróa gæðastaðla er varða umönnun barna í fóstri, á stofnunum eða í öðrum úrræðum þegar um vistun barna utan heimilis er að ræða. Frumkvæði og yfirumsjón með samstarfinu er í höndum SOS Barnaþorpanna, Alþjóðasamtaka fósturforeldra (IFCO) og Alþjóðasamtaka uppeldis- og meðferðarstofnana (FICE). Verkefnið er stutt fjárhagslega af Evrópusambandinu og nýtur jafnframt stuðnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Barnahjálpar S.Þ. (UNICEF). Markmið samstarfsins er að ná fram alþjóðlega viðurkenndum gæðastöðlum er varðar vistun barna utan heimilis sem taki m.a. til eftirfarandi þátta: ákvarðana um vistun utan heimilis, val á vistunarúrræðum, gæði umönnunar og eftirfylgd.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Sú aðferð er viðhöfð við þróun gæðastaðlanna í fyrsta áfanga að kallað er eftir reynslu- og/eða lífssögum einstaklinga – barna sem vistuð hafa verið utan heimilis í fóstri eða á stofnun, fósturforeldrum, meðferðaraðilum, kynforeldrum – í því skyni að öðlast innsýn í reynslu þeirra og viðhorf. Á grundvelli þessara upplýsinga eru dregnar ályktanir um jákvæða og neikvæða þætti sem

síðan eru notaðir til að leggja grunn að gæðakvörðum. Fyrsta áfanga verkefnisins, viðtalskönnuninni, er nú lokið. Næsti áfangi felst í úrvinnslu grunnupplýsinga í samvinnu við nokkur önnur ríki innan samstarfsins. Við þá vinnu verði tekið mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum.

*Staða við lok tímabils*
Áfangadrögum að gæðastöðlum verði skilað eigi síðar en 1. júní 2006. Áætlað er að verkefnalok fyrir árslok 2007.

## 2.4. SAGA BARNAVERNDARSTARFS Á ÍSLANDI

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Árið 2002 voru 70 ár síðan fyrstu barnverndarlögin tóku gildi á Íslandi og taldi Barnaverndarstofa við hæfi á þeim merku tímamótun að undirbúa ritun sögu barnaverndarstarfs á Íslandi. Gerður hefur verið samningur um verkefnið við Jón Þ. Þór dr. Fil. og komið á fót ritnefnd sérfróðra manna sem verður honum til halds og trausts, bendir á heimildir og annast yfirlestur á handriti. Saga barnaverndarstarfs mun veita merkilegt og haldgott yfirlit yfir umfang og þróun barnaverndarstarfs á landinu, auðvelda samanburð við stöðu barnaverndarstarfs í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við og væntanlega stuðla að frekari umbótum.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Vinna við verkefnið hófst í apríl 2004 og gert er ráð fyrir að fullbúnu handriti verði skilað eigi síðar en 1. september 2006. Til verkefnisins hefur m.a. verið nýttur rekstrarafgangur Norrænu barnaverndarráðstefnunnar sem haldin var í Reykjavík 2003. Heildarkostnaður við verkefnið er kr. 5.000.000.- og er í samræmi við rekstraráætlun Barnaverndarstofu fyrir 2005.

*Staða við lok tímabils*
Stefnt er að því að ritið verði gefið út í april 2007 þegar liðin eru 75 ár frá setningu fyrstu barnaverndarlaganna.

# 3. EFLING ÞJÓNUSTU OG VERKLAGS

## Meginmarkmið

Á hinu þriggja ára tímabili er stefnt að því að efla þjónustu stofnunarinnar þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma. Þetta á bæði við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.
Starfsmarkmið

1. Að reglulega fari fram mat á helstu þjónustuþáttum Barnaverndarstofu, svo sem ráðgjöf, fræðslu og eftirliti með störfum barnaverndarnefnda. Taka skal sérstakt tillit til reynslu og viðhorfa þeirra sem þjónustunnar njóta, fyrst og fremst barnanna. Á grundvelli þess mats verði þjónusta stofnunarinnar endurskoðuð. Í því felst m.a. að skoða þörf á sérhæfðari ráðgjöf og fræðslu fyrir barnaverndarnefndir og aðra opinbera aðila og þörf á markvissara eftirliti með störfum nefndanna.
2. Að efla fræðsluþátt Barnaverndarstofu með því að standa fyrir málstofum mánaðarlega frá september til maí, taka þær upp og setja upptöku á vefinn. Þá verði haldin árleg ráðstefna/málþing á vegum Barnaverndarstofu með þátttöku erlendra sérfræðinga. Einnig verði fræðsluþátturinn aukinn með því að auka upplýsingamiðlun stofnunarinnar, m.a. markvissari notkun heimasíðu þar sem lögð verði áhersla á efni sem nýtist barnaverndarnefndum og öðrum opinberum aðilum. Aukin verði kynning og notkun á lokuðu svæði á heimasíðu Barnaverndarstofu. Á lokaða svæðinu verði áfram gerð aðgengileg ýmis eyðublöð og gögn fyrir barnaverndarnefndir og hvatt til umræðna um barnaverndarmál. Handbók barnaverndarnefnda verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri lagasetningu.
3. Að efla menntun og þjálfun starfsmanna sem vinna fyrir barnaverndarnefndir landsins og á meðferðarheimilum og auka þekkingu samstarfsaðila barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Unnið verði yfirlit um umfang og eðli kennslu í barnavernd á vegum m.a. Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Lögregluskólans. Skipulögð verði í kjölfarið námskeið, m.a. fyrir starfsmenn meðferðarheimila, eftir atvikum í samráði við ofangreindar stofnanir um almenn og sértæk efni.

4. Að árlega verði haldinn fundur með félagsmálastjórum og yfirmönnum starfseininga sem bera ábyrgð á barnaverndarstarfi í sveitarfélögum landsins. Þar gefist kostur á að ræða þjónustu Barnaverndarstofu, barnavernd á ábyrgð sveitarfélaga, til að kynna nýjungar í barnavernd og ræða einstök verkefni.
5. Að bæta eftirlit Barnverndarstofu með barnaverndarnefndum, m.a. móta viðmið um frumkvæðiseftirlit þar sem gerðar eru athuganir á einstaka málum eða kannanir á framkvæmd einstakra þátta í störfum barnaverndarnefnda.
6. Að meta árangur af núverandi fyrirkomulagi eftirlits með meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Á grundvelli þessa mats verði eftirlit endurskoðað.
7. Að settar verði reglur um starfsemi meðferðarheimila, vistun barns og réttindi á heimili eða stofnun á ábyrgð ríkisins þar sem tekið verði mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum. Gefa út handbók meðferðarheimila þar sem m.a. verði fjallað um markmið, verklag og sérhæfingu hvers heimilis.
8. Að gera mat á meðferðarstarfi meðferðarheimila Barnaverndarstofu og í kjölfarið taka ákvarðanir um hvaða úrbóta er þörf, m.a. með tilliti til fjölda og stærðar meðferðarheimila, sérhæfingar, meðferðartíma og eftirmeðferðar.
9. Að endurskoða starfsemi og hlutverk Háholts, m.a. út frá vali á skjólstæðingum, fjölda þeirra, lengd meðferðar og fyrirkomulagi eftirmeðferðar.
10. Að gera úttekt á meðferðarstarfi Stuðla og í kjölfarið taka ákvarðanir um hvaða úrbóta er þörf, m.a. með tilliti til breytinga á húsnæði, á hlutverki og verklagi á lokaðri deild, nýjunga í meðferðarstarfi og samhæfingar við önnur meðferðartilboð.
11. Að bæta þjónustu í fósturmálum með því að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegur fjöldi hæfra fósturforeldra til að mæta þörfum hverju sinni. Lögð verði áhersla á að fjölga fósturforeldrum í þéttbýli. Við þjálfun og mat á hæfi fósturforeldra verði lagt til grundvallar kennsluefnið FOSTER PRIDE sem Barnaverndarstofa keypti frá Bandaríkjunum og hóf að nota árið 2004. Þegar hafa verið haldin 3 námskeið. Gera skal athugun á reynslu af notkun FOSTER PRIDE. Á grundvelli þeirrar athugunar verði þjálfun og mat á hæfi endurskoðað, m.a. fjöldi og staðsetning námskeiða og þörf fyrir framhaldsnámskeið þar sem lögð verði áhersla á sértæka erfiðleika.
12. Að gera úttekt á framkvæmd og reynslu af styrktu fóstri. Í kjölfarið verði styrkt fóstur endurskoðað.

13. Að gera úttekt á hlutverki og starfsemi Barnahúss, m.a. hvort auka beri umfang starfsins, breyta starfsháttum og meta samvinnu við helstu samstarfsaðila.
14. Að skipuleggja meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.
15. Að bæta verklag stofnunarinnar með því að ljúka aðlögun GoPro Professional kerfisins, endurskoða skjalastjórnunarkerfi sem hannað hefur verið, taka upp verklagsreglur um afgreiðslu erinda og vinnslu umsókna og fundi á vegum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannafundi. Að endurbætur á tölfræði um barnaverndarmál, þ.á m. frá barnaverndarnefndum leiði til áreiðanlegri og réttmætari gagna auk þess að ávallt liggi fyrir nýjustu upplýsingar um þróun barnaverndar á hverjum tíma.

## Mælikvarði á árangur

1. Mat á þjónustuþáttum verði gert einu sinni á tímabilinu og niðurstöður liggi fyrir 1. janúar 2007. Barnaverndarstofa bregðist við þeim niðurstöðum með formlegum og skjalfestum aðgerðum.
2. Niðurstöður mats á fræðsluverkefnum skv. starfsmarkmiði sem gert er árlega, í fyrsta skipti í júní 2006. Árleg fjölgun heimsókna og þátttöku í umræðum á lokuðu svæði heimasíðu Barnaverndarstofu. Útgáfa handbókar fyrir barnaverndarnefndir fyrir júlí 2006.
3. Skýrsla um kennslu í barnavernd liggi fyrir eigi síðar en 1. janúar 2006. Fjöldi og umfang námskeiða á tímabilinu.
4. Formleg fundargerð eftir árlegan fund með barnaverndarstarfsmönnum.
5. Árlegt yfirlit yfir eftirlitsmál skv. starfsmarkmiði, í fyrsta skipti í janúar 2006 og þá liggi jafnframt fyrir viðmið um frumkvæðiseftirlits.
6. Niðurstöður mats á núverandi fyrirkomulagi eftirlits með meðferðarheimilum Barnaverndarstofu liggi fyrir 1. júní 2006.
7. Drög að reglugerðum um vistun barns á heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins og um réttindi barns í meðferð verði send félagsmálaráðuneytinu fyrir árslok 2005. Handbók meðferðarheimilana liggi fyrir í júlí 2006.
8. Niðurstöður mats á meðferðarstarfi liggi fyrir ekki síðar en 1. febrúar 2007. Tillögur um úrbætur séu fyrirliggjandi ekki síðar en 1. maí 2007.
9. Endurskoðun á starfsemi og hlutverki Háholts verði lokið fyrir árslok 2005.
10. Úttekt á meðferðarstarfi á Stuðlum liggi fyrir í júní 2006 ásamt tillögum til úrbóta.

11. Yfirlit yfir fjölgun fósturforeldra í þéttbýli liggi fyrir í árslok 2007. Haldin verði a.m.k. tvö námskeið í FOSTER PRIDE árið 2006. Skýrsla um athugun á reynslu af notkun FOSTER PRIDE liggi fyrir í árslok 2007.
12. Niðurstaða úttektar á styrktu fóstri liggi fyrir í árslok 2005 og tillögur um úrbætur í júlí 2006.
13. Niðurstaða úttektar á hlutverki og starfsemi Barnahúss liggi fyrir 1. janúar 2007.
14. Formlegar verklagsreglur um meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota liggi fyrir í árslok 2005.
15. Árlegt skjalfest mat á framförum í verklagi þeirra þátta sem fram koma í starfsmarkmiði, vegna skjalavinnslu- og hópvinnukerfis, svo sem hvort vinnslutími mála hafi breyst. Endurskoðuð handbók um skjalastjórnun liggi fyrir í árslok 2005 samhliða verklagreglum um málsmeðferð, m.a. um skráningu ráðgjafar og afgreiðslu erinda. Mánaðarlegar skýrslur frá öllum barnaverndarnefndum með tilteknum tölfræðilegum upplýsingum. Árlegt mat í tengslum við gerð árskýrslu Barnaverndarstofu á þeim eyðublöðum sem notuð eru til að safna tölufræðilegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

Verkefni sem unnin eru á grundvelli ofangreindra starfsmarkmiða eru eftirfarandi:

## 3.1. NÝ MEÐFERÐARÚRRÆÐI

### *3.1.1. Fjölþátta meðferð (Multisystemic Therapy - MST)*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*

MST aðferðin hefur fyrst og fremst verið þróuð til þess að glíma við hegðunarraskanir unglinga – andfélagslega hegðun, afbrotahegðun og vímuefnanotkun – í nærumhverfi barnsins, þ.e. fjölþátta meðferð án þess að fjarlægja barnið af heimili sínu. Meðferðin byggist á íhlutun sem beinist að öllum þekktum áhrifaþáttum er varðar andfélagslega hegðun, afbrot og vímuefnaneyslu barns svo sem persónueinkennum þess, samskiptum innan fjölskyldu, foreldrahæfni, jafningjahópi barnsins, skólagöngu þess og nærsamfélagi. Til eru skyldar aðferðir sem hafa verið sérstaklega sniðnar til að mæta hegðunarerfiðleikum hjá yngri aldurshópum. Norðmenn hafa í tilraunaskyni t.d. beitt

þar svonefndu PMT kerfi, eða Parent Management Training, fyrir börn 6-12 ára og svonefndri “Webster-Stratton” aðferð fyrir leikskólaaldurinn. Báðar þessar aðferðir eru náskyldar MST leiðinni að því leyti að fræðilegur grunnur er áþekkur og íhlutun beinist að fjölskyldunni sem heild með því markmiði að styrkja foreldrahæfni sérstaklega. Hafnafjörður hefur hrint í framkvæmd PMT kerfinu í tilraunaskyni en hún einskorðast við það sveitarfélag.

Margar aðferðir í meðferð hafa verið þróaðar utan stofnana, ekki síst í Bandaríkjunum. MST aðferðin er hins vegar óumdeilanlega sú sem mesta athygli hefur vakið í Bandaríkjunum og undanfarið í Evrópu. Nú eru liðin átta ár síðan Norðmenn ákváðu að innleiða MST kerfið á landsvísu og reynsla þeirra hefur svo sannarlega gefið tilefni til að henni sé gaumur gefinn. Þá hafa bæði Svíar og Danir siglt í kjölfarið.

Reynsla annarra þjóða af framkvæmd MST gefur tilefni til að endurskoða þá stefnu sem hefur verið fylgt í meðferðarmálum barna og unglinga hér á landi. Þannig hafa rannsóknir á árangri þessarar meðferðar sýnt umtalsvert betri langtímaárangur heldur en hefðbundin stofnanameðferð.

Barnaverndarstofa telur ótvíræðan ávinning af því að innleiða MST á Íslandi. Skoða beri fjölþáttameðferð sem valkost við stofnanameðferð og einnig sem eftirfylgd eftir lok meðferðar á heimili eða stofnun.

*Framkvæmd/ Kostnaður*

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir undanfarið og hélt Barnaverndarstofa m.a. viðamikla ráðstefnu árið 2005 með þátttöku fyrirlesara frá Bandaríkjunum og Noregi. Barnaverndarstofa hefur farið þess á leit við félagsmálaráðuneytið að innleiða MST hér á landi og er stefnt að því að hefja þjálfun starfsmanna í byrjun árs 2006. Stefnt er að því að starfrækja tvö teymi með samtals 6 meðferðaraðilum ásamt einum handleiðara og hefja sjálfa meðferðina með einu teymi á miðju ári 2006. Meðferðarteymi munu starfa undir yfirstjórn Barnaverndarstofu í samstarfi við leyfishafa í Bandaríkjunum og fagaðila í Noregi. Gert er ráð fyrir að meðferðin verði boðin barnaverndarnefndum á Suð-Vesturlandi og að unnt verði að bjóða allt að 90 fjölskyldum þessa þjónustu á ári hverju. Áætlaður kostnaður vegna tveggja meðferðarteyma er kr. 60 milljónir á ári.

*Staða við lok tímabilsins*

Gert er ráð fyrir mati á árangri MST samhliða því að meðferðin er veitt og að unnin verði skýrsla um árangurinn í árslok 2008.

### *3.1.2. Fjölþátta meðferðarfóstur (MTFC/TFC)*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur:*
Fjölþátta meðferðarfóstur (Multidimentional Treatment Foster Care - MTFC) byggir á svipuðum forsendum og MST að öðru leyti en því að unglingur dvelur í fóstri á meðan meðferð varir. Meðferðarfóstur (Treatment Foster Care – TFC) gerir ráð fyrir talsverðri eftirfylgd eftir að fóstri lýkur. Rannsóknir hafa sýnt mun betri árangur slíkrar meðferðar en meðferðar á heimili eða stofnun, líkt og með hefðbundna MST meðferð. Markhópurinn eru börn sem sýna frávikshegðun s.s. afbrotahegðun, hegðunarröskun, geðræn og tilfinningaleg vandamál. Fósturforeldrar fá sérstaka þjálfun áður en fóstur hefst og reglulega handleiðslu meðan á fóstri stendur. Unnið er bæði heima og í skóla barnsins og öðru umhverfi sem það tengist. Foreldrar barnanna fá fölskyldumeðferð og markvissa þjálfun í foreldrafærni á meðan á meðferð stendur enda markmiðið að barnið snúi aftur heim að lokinni meðferð.

Í ljósi reynslu annarra þjóða af fjölþátta meðferð í fóstri telur Barnaverndarstofa þörf á að taka upp slíkt úrræði hér á landi.

*Framkvæmd/Kostnaður:*
Barnaverndarstofa mun gera áætlun um framkvæmd verkefnisins sem liggi fyrir í árslok 2007.

*Staðan í lok tímabils:*
Stefnt er að því að áætlun liggi fyrir í árslok 2007.

### *3.1.3. Foreldrafærniþjálfum (PMT – Webster Stratton)*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur:*
PMT byggir líkt og MST á félagsmótunarkenningum, þ.á.m. Bronfenbrenners o.fl. Aðferðin felst í þjálfun foreldra 6-12 ára barna til að fást á árangursríkan og markvissan hátt við óæskilega hegðun barna á heimili og utan. Samsvarandi aðferð hefur einnig verið notuð með viðurkenndum árangri fyrir börn yngri en sex ára og er sú aðferð kennd við dr. Carolyn Webster Stratton sálfræðing. Barnaverndarstofa telur ótvíræðan ávinning af því að stuðla að innleiðingu og almennri útbreiðslu á PMT og Webster Stratton meðferð á Íslandi.

*Framkvæmd/Kostnaður:*
Hér á landi hefur verið haldið námskeið í PMT og hefur Hafnarfjörður haft forgöngu um notkun þessarar aðferðar. Barnaverndarstofa mun gera áætlun um hvernig innleiða megi foreldrafærniþjálfun á landsvísu í samráði við sveitarfélög, barnaverndarnefndir, félagsþjónustur, skólaskrifstofur og heilsugæslustöðvar eftir atvikum.

*Staðan í lok tímabils:*
Stefnt er að því að áætlun og tillögur um aðgerðir liggi fyrir í árslok 2007.

### *3.1.4. Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Allnokkur fjöldi þeirra sem verða uppvísir af því að fremja kynferðisbrot gegn börnum eru sjálfir undir 18 ára aldri. Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að yfir helmingur fullorðina kynferðisafbrotamanna hefur feril sinn á unglingsárum. Nauðsynlegt er að bregðast við kynferðisafbrotum sem framin eru af börnum og unglingum með faglegum og markvissum hætti, bæði í ljósi hagsmuna hinna ungu gerenda og í því skyni að stuðla að fækkun fórnarlamba. Jafnframt benda athuganir til að almennt sé árangur meðferðar betri því yngri sem gerandinn er þegar hann gengst undir hana. Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið boðið upp á greiningu og meðferð fyrir unga gerendur í tengslum við Stuðla með aðstoð sérhæfðs meðferðaraðila og á einu af langtímameðferðarheimilum stofunnar. Greining og meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota er sérhæft verkefni og mikilvægt að skipuleggja samræmd vinnubrögð um mat á þörf fyrir meðferð innan eða utan stofnunar að teknu tilliti til aldurs og stöðu gerandans.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið unnið að undirbúningi verkefnisins, m.a. í samstarfi við Barnahúss og dr. Jón Friðrik Sigurðsson. Drög að skipulagi þjónustunnar liggja fyrir og í kjölfarið verður unnið að nánari útfærslu, m.a. í samstarfi við Stuðla. Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

*Staða við lok tímabils*
Gert er ráð fyrir að skipulag og verklagsreglur liggi fyrir í árslok 2005. Stefnt er að því að meta þjónustuna í árslok 2007.

## 3.2. REIÐISTJÓRNUN (AGGRESSION REPLACEMENT TRAINING - ART)

*Tilefni og væntanlegur ávinningur:*
Aggression Replacement Training er árangursrík aðferð til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri óæskilegri hegðun hjá börnum, svo sem þeim sem hafa greinst með þroska- og atferlisröskun þar á meðal af völdum ofvirkni. Grundvöllur aðferðarinnar eru félagsmótunarkenningar A.P. Goldstein og byggir ART á félagsfærniþjálfun, sjálfstjórnarþjálfun og þjálfun í félagslegri aðlögun/nálgun og siðgæði. Þjálfun tekur að jafnaði 12 vikur og miðar að skilvirkri yfirfærslu á aðstæður daglegs lífs. Þjálfun fer fram í litlum hópum með tveimur þjálfurum. Árangur er metinn á markvissan og reglubundin hátt. Ávinningur af markvissri notkun ART í meðferð er m.a. að samræma starfsaðferðir og hugmyndarfræði langtímameðferðarheimila sem rannsóknir benda til að auki árangur meðferðar fyrir unglinga.

*Framkvæmd/Kostnaður:*
Haldin hefur verið kynning á ART hér á landi. Barnaverndarstofa og Stuðlar hafa kannað grundvöll að samningum við ART þjálfara frá Noregi og starfsmaður Stuðla hefur þýtt hluta efnis um þessa aðferð. Stefnt er að því að fá hingað til lands 1-2 þjálfara í 3-4 skipti til þess að halda námskeið fyrir starfsmenn Stuðla og meðferðarheimila í beitingu ART meðferðar. Kostnaður er áætlaður um 1,5 millj. kr.

*Staðan í lok tímabils:*
Stefnt er að því að námskeiði verði lokið í maí 2006.

## 3.3. ÁRANGURSMAT

### *3.3.1. Mat á árangri meðferðarheimila*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Verulegum upphæðum hefur verið varið í uppbyggingu og rekstur meðferðarheimila fyrir börn og ungmenni á starfstíma Barnaverndarstofu. Þrátt fyrir þetta eru afar takmarkaðar upplýsingar fyrir hendi um hvernig þeim börnum

sem dvalið hafa á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur reitt af. Af þessari ástæðu er talin brýn þörf að bæta úr skorti á upplýsingum, sérstaklega til að bæta megi meðferðarstarfið og þróa ný úrræði. Mikilvægt er að fá fram upplýsingar frá þeim sem notið hafa þjónustunnar, eða viðhorf þeirra einstaklinga sem hafa verið í meðferð og foreldra þeirra.

*Framkvæmd/kostnaður*
Gerður hefur verið samningur við Jón Björnsson sálfræðing þar sem hann tekur að sér að gera árangursmat á a.m.k. fimmtíu einstaklingum sem dvalið hafa um a.m.k þriggja mánaða skeið á undanförnum þremur árum á meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu. Safnað er upplýsingum um viðhorf einstaklingsins og foreldra til meðferðarinnar og árangurs hennar, félagslega stöðu viðkomandi og framtíðarhorfur, aðlögun og færni viðkomandi einstaklings og leitað eftir ábendingum um breytingar á meðferð og starfrækslu meðferðarheimila sem gætu bætt árangur. Verkinu lýkur með skilum á greinargerð sem uppfyllir fræðilegar kröfur. Kostnaður við verkefnið er samtals kr. 2.650.000.-

*Staða við lok tímabilsins*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið 1. febrúar 2006.

### *3.3.2. Mat á styrktu fóstri*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Samkvæmt 3. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga er heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista barn á stofnun ef barn á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningarlegra og annarra vandamála af því tagi. Frá 1. jan. 2003 hefur Barnaverndarstofa valið og þjálfað sérstaka fósturforeldra til að taka börn í styrkt fóstur og gert er ráð fyrir talsverðum stuðningi og samstarfi barnaverndarnefnda og fósturforeldra barns í styrktu fóstri. Barnaverndarstofa telur þörf á að skipuleggja frekar og efla styrkt fóstur hér á landi.

*Framkvæmd/Kostnaður*
Barnaverndarstofa mun gera úttekt á framkvæmd og reynslu af styrktu fóstri fyrir árslok 2005. Í kjölfarið verður styrkt fóstur endurskoðað og tekin ákvörð-

un um hvernig haga skuli þjálfun styrktra fósturforeldra, inntaki og framkvæmd meðferðar í styrktu fóstri og eftirfylgd.

*Staðan í lok tímabils*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið fyrir júlí 2006.

### *3.3.3. Mat á árangri Barnahúss*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Í tilefni 5 ára afmælis Barnahúss hefur Barnaverndarstofa ákveðið að láta framkvæma árangursmat á starfsemi hússins. Um er að ræða heildarmat (summative evaluation) á starfi Barnahúss og áhrifum þess á rannsókn kynferðisbrota og meðferð þolenda. Gerður er samanburður á málsmeðferð fyrir og eftir tilkomu Barnahúss annars vegar og hins vegar á skýrslutöku í Barnahúsi og í héraðsdómstólum. Viðhorfakönnun af þessu tagi er mikilvægt innlegg í úttekt á hlutverki og starfsemi hússins og tillögur til úrbóta.

*Framkvæmd/kostnaður*
Rannsóknin skiptist í eftirfarandi verkþætti:

a. Viðtalskönnun meðal forráðamanna þeirra barna sem notið hafa þjónustu Barnahúss
b. Viðtalskönnun meðal forráðamanna þeirra barna sem skýrsla var tekin af hjá Héraðsdómstólum í húsnæði þeirra
c. Þjónustumat meðal þeirra opinberu aðila sem hafa fengið þjónustu hjá Barnahúsi eða verið í samskiptum við það.
d. Söfnun annarra gagna svo sem rannsóknarniðurstaðna annarra sambærilegra athugana.

Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er 2,5 millj.kr. og skiptist hann á milli áranna 2005 og 2006.

*Staða við lok tímabilsins*
Stefnt er að því að verkefninu verði lokið í janúar 2007.

## 3.4. Skjalastjórnun og tölfræði

### *3.4.1. Handbók um skjalastjórnun og skráningu*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á bætta skjalameðferð á Barnaverndarstofu. Traust skráning, vönduð meðferð skjala, samræmt hópvinnukerfi og öflugar verklagsreglur eiga að auðvelda starfsmönnum að veita þá þjónustu sem barnaverndarlög kveða á um og tryggja að meðferð, skráning og afgreiðsla erinda verði í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- upplýsingalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Barnaverndarstofa keypti í ársbyrjun 2005 nýtt hópvinnukerfi, GoPro Professional, og mikilvægt er að endurskoða Uglu, handbók stofnunarinnar um skjalastjórnun. Handbókin hafi jafnframt að geyma verklagsreglur um samræmda notkun tölvukerfisins, samræmda skráningu ráðgjafar, verklagsreglur um afgreiðslu erinda og vinnslu umsókna og fundi á vegum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannafundi.

*Framkvæmd*
Sérstökum starfshópi verður falið að endurskoða Uglu í samstarfi við aðra starfsmenn Barnaverndarstofu.

*Staða við lok tímabilsins*
Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir árslok 2005.

### *3.4.2. Endurbætur á tölfræði um barnavernd*

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*
Í samræmi við hlutverk Barnaverndarstofu hefur stofnunin safnað tölfræðilegum upplýsingum um barnaverndarmál. Hér er annars vegar um að ræða upplýsingar frá barnaverndarnefndum og hins vegar um starfsemi stofnunarinnar sjálfrar og meðferðarheimila á hennar vegum. Notast hefur verið við sérstök eyðublöð vegna upplýsinga frá barnaverndarnefndum sem skilað hefur verið árlega. Mikilvægt er að tryggja og bæta skil, samræmi og áreiðanleika þessara upplýsinga. Þá hefur barnaverndarnefndum verið gert frá 1. janúar 2005 að skila mánaðarlega upplýsingum um tiltekin atriði í störfum sínum. Mikilvægt er að gera átak í að samræma sískráningu og efla aðgengi að upplýsingum

frá barnaverndarnefndum. Slíkt auðveldar yfirsýn yfir stöðu og þróun barnaverndarstarfs sem gerir Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndum betur kleift að skipuleggja lögbundna þjónustu.

*Framkvæmd*
Barnaverndarstofa mun skoða reglulega hvernig frumskráningu mála hjá barnverndarnefndum landsins er háttað og bæta eftir þörfum og birta á heimasíðu sinni leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaða. Sískráning barnaverndarmála verður endurmetin í janúar 2006, metið samræmi við ársskýrslueyðublöð barnaverndarnefndanna og upplýsingar frá 112 og tekin ákvörðun um hvort gerðar verði kröfur um frekari sískráningu upplýsinga.

*Staða við lok tímabilsins*
Í lok árs 2007 verður gerð úttekt á ársskýrslueyðublöðum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu um útfyllingu þeirra og um sískráningu upplýsinga um barnavernd.

# 4 AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA HÆFNI, GETU OG NÝTINGU STARFSHÓPS BVS

## Meginmarkmið

Að bæta hæfni, getu og nýtingu starfsmanna Barnaverndarstofu með gerð og framkvæmd sérstakrar starfsmannastefnu, sem m.a. gerir ráð fyrir að tekin verði upp starfsmannasamtöl og mannafla- og endurmenntunaráætlanir þar sem starfsmönnum er gefinn kostur á bæta hæfni sína og taka þátt í að skapa nýja þekkingu á sviði barnaverndarmála svo sem í formi rannsóknar- og þróunarverkefna.

## Starfsmarkmið

1. Að ganga formlega frá starfsmannastefnu og gera árlega úttekt á framkvæmd hennar.
2. Að ganga formlega frá starfsmannahandbók sem hafi að geyma nánari útfærslu starfsmannastefnunnar, svo sem um jafnréttisstefnu, skipulag,

verkaskiptingu og starfslýsingar, ráðningar, starfsþróun, starfskjör og launamál, vinnubrögð og starfsaðstæður.
3. Að skipa jafnréttisfulltrúa og gera árlega starfsáætlun í jafnréttismálum samhliða fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Endurskoða jafnréttisstefnu stofnunarinnar.
4. Að fram fari árleg starfsmannasamtöl milli forstjóra og hvers starfsmanns, að jafnaði í upphafi hvers árs.
5. Að gera árlega starfsmenntunaráætlun. Slík áætlun taki mið af stefnumarkandi áætlun stofnunarinnar, niðurstöðum úr starfsmannasamtölum sem tekin eru í byrjun hvers árs og mannaflaáætlun sem fram kemur í ársáætlun stofnunarinnar. Gera í kjölfarið einstaklingsbundnar starfsmenntunaráætlanir í samvinnu við hvern starfsmann.
6. Að gera reglubundið úttekt á vinnuaðstæðum starfsmanna og í kjölfarið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta úr þeim ágöllum sem fram koma í niðurstöðum úttektar.

## Mælikvarði á árangur

1. Útgefin starfsmannastefna og árleg skjalfest úttekt á framkvæmd hennar sem fram fer í fyrsta skipti í janúar 2006.
2. Útgefin starfsmannahandbók sem verði aðgengileg fyrir alla starfsmenn.
3. Formleg skipun jafnréttisfulltrúa fyrir 1. október 2005, árleg starfsáætlun í jafnréttismálum samhliða gerð fjárhagsáætlunar og endurskoðun jafnréttisstefnu Barnaverndarstofu fyrir árslok 2006.
4. Útfyllt eyðublöð um starfsmannasamtöl sem fara fram í fyrsta skipti í byrjun árs 2006.
5. Árleg skjalfest starfsmenntunaráætlun ásamt einstaklingsbundnum starfsmenntunaráætlunum sem liggi fyrir eigi síðar en 1. mars ár hvert, í fyrsta skipti 2006.
6. Skjalfest úttekt á vinnuaðstæðum á a.m.k. tveggja ára fresti, í fyrsta skipti í júlí 2007.

# 5 AÐGERÐIR TIL AÐ TRYGGJA GÓÐA FJÁRMÁLASTJÓRNUN

## Meginmarkmið

Að gæta þess að útgjöld séu ávallt í samræmi við fjárveitingar og tryggð sé hámarksnýting fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar og virðisauka þeirra.

## Starfsmarkmið

1. Að viðhafa hjá stofnuninni nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála og rekstraráætlunargerð þannig að rekstraráætlun gefi skýra og aðgengilega mynd af rekstri stofnunarinnar.
2. Að sífellt verði leitað leiða til að nýta rekstrarfjármuni vel og tryggja hagstæðustu innkaup með því að smærri innkaup fari sem mest fram á rafrænu markaðstorgi ríkisins en óskað sé tilboða í öll meiri háttar innkaup.

## Mælikvarði á árangur

1. Árlegur skjalfestur samanburður á niðurstöðum rekstrarreiknings og rekstraráætlunar og skilgreining á ástæðum mismunar, ef hann er verulegur.
2. Árleg skjalfest greining á innkaupum.

Verkefni sem unnin eru á grundvelli ofangreindra starfsmarkmiða eru eftirfarandi:

## 5.1. Oracle fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

*Tilefni og væntanlegur ávinningur*

Oracle fjárhags- og mannauðskerfi hefur nú verið innleitt hjá fjársýslu ríkisins. Fjárhagskerfið var tekið í notkun í byrjun ársins 2004 en það leiddi til óverulegra breytinga á verklagi þar sem Barnaverndarstofa er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá fjársýslunni. Þó eru nokkrir möguleikar ókannaðir varð-

andi nýtingu bókhaldslykils til fullnustu, sem fyllsta ástæða er til að kanna. Í maí 2004 hófst innleiðing mannauðskerfishlutans. Hefur hún farið fram í áföngum, þar sem stofnanir hafa smám saman tekið yfir stærri og stærri hluta af þeim verkefnum sem launaafgreiðsla fjársýslunnar hafði áður með höndum.

*Framkvæmd*
Barnaverndarstofa mun taka áfram þátt í innleiðingu og aðlögun Oracle kerfisins í samstarfi við Fjársýslu ríkisins.

*Staða við lok tímabilsins*
Gert er ráð fyrir að Oracle verði að fullu komið í gagnið fyrir árslok 2005.

# 6 SAMANTEKT EFTIR MARKMIÐUM

| Ætlunarverk stofnunarinnar felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð | | | |
|---|---|---|---|
| **Meginmarkmið** | **Starfsmarkmið** | **Mælikvarði á árangur** | **Verkefni** |
| Að efla barnaverndarstarf á vegum ríkisins með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félagsmálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra. | 1. Að fjölga þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði barnaverndarnefndar á tímabilinu.<br>2. Að vinna árlega greinargerð um stöðu og þróun barnaverndarmála sem byggð verði á upplýsingum hérlendis, opinberum erlendum gögnum og ráðstefnum og málþingum. Skýrslan verði hluti af ársskýrslu Barnaverndarstofu.<br>3. Að á grundvelli 1. og 2. setja fram árlega tillögur til félagsmálaráðherra um hvaða úrbóta sé þörf í barnaverndarmálum.<br>4. Að taka þátt í skipulegu erlendu samstarfi þar sem á tímabilinu verði lögð áhersla á samstarf innan Eystrasaltsráðsins, ISPCAN (International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect) og deilda innan þeirra samtaka, FICE (Federation of Educative Communities), IFCO (International Foster Care Organization), NOFCA (Nordic Foster Care Association) og samstarf um Norrænu Barnaverndarráðstefnuna. Að taka þátt í samstarfi á vegum Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna eftir atvikum, með þátttöku á fundum, ráðstefnum, verkefnum og veitingu upplýsinga eftir því sem tilefni gefst. Ennfremur að taka þátt í sértækum samstarfsverkefnum eftir því sem tilefni gefst. Árlega verði unnin greinargerð um erlent samstarf, m.a. þátttöku starfsmanna í viðburðum og ávinning af samstarfinu.<br>5. Að auka upplýsingamiðlun til almennings m.a. með markvissari notkun heimasíðu stofnunarinnar. Þannig verði a.m.k. vikulega fréttir af barnaverndarstarfi settar á vefinn og heimasíða stofnunarinnar efld með því að bæta við tenglum og nýju fræðsluefni. Einnig að auka áframhaldandi þátttöku starfsmanna í fjölmiðlaumræðu. | 1. Fjöldi og umfang rannsóknar- og þróunarverkefna unnin á tímabilinu og formleg eftirfylgni í formi ákvarðana eða aðgerða með hliðsjón af niðurstöðum þeirra.<br>2. Útgefin greinargerð í ársskýrslu um þróun barnaverndarmála í fyrsta skipti árið 2006 vegna ársins 2005.<br>3. Árlegar skjalfestar tillögur til félagsmálaráðherra um umbætur í barnaverndarmálum er komi fram m.a. í rökstuðningi með fjárlagatillögum stofnunarinnar, ársáætlunum eða sérstökum greinargerðum.<br>4. Útgefin árleg greinargerð um erlent samstarf í fyrsta skipti í ársbyrjun 2006 vegna ársins 2005.<br>5. Árleg fjölgun heimsókna annarra en opinberra aðila á heimasíðu stofnunarinnar. Fjöldi árlegara tilvika þar sem starfsmaður stofnunarinnar tekur þátt í umræðu um barnaverndarmál í ljósvaka- eða ritmiðlum. | 1. Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús.<br>2. Athugun á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.<br>3. Athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi.<br>4. Athugun á samstarfi við 112.<br>5. Rannsóknarsetur í barna og fjölskylduvernd.<br>6. Notkun matslista ASEBA.<br>7. Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd.<br>8. Norræn Barnaverndarráðstefna 2006.<br>9. Samstarf á vegum Eystrasaltsráðsins „Children at Risk".<br>10. Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis „Quality for Children".<br>11. Saga barnaverndarstarfs. |

Ætlunarverk stofnunarinnar felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð

| Meginmarkmið | Starfsmarkmið | Mælikvarði á árangur | Verkefni |
|---|---|---|---|
| Að efla þjónustu stofnunarinnar þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir viðskiptavina á hverjum tíma. Þetta á bæði við um ráðgjöf, fræðslu og eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við. | 1. Að reglulega fari fram mat á helstu þjónustuþáttum Barnaverndarstofu, svo sem ráðgjöf, fræðslu og eftirliti með störfum barnaverndarnefnda. Taka skal sérstakt tillit til reynslu og viðhorfa þeirra sem þjónustunnar njóta, fyrst og fremst barnanna. Á grundvelli þess mats verði þjónusta stofnunarinnar endurskoðuð. Í því felst m.a. að skoða þörf á sérhæfðari ráðgjöf og fræðslu fyrir barnaverndarnefndir og aðra opinbera aðila og þörf á markvissara eftirliti með störfum nefndanna.<br>2. Að efla fræðsluþátt Barnaverndarstofu með því að standa fyrir málstofum mánaðarlega frá september til maí, taka þær upp og setja upptöku sett á vefinn. Þá verði haldin árleg ráðstefna/málþing á vegum Barnaverndarstofu með þátttöku erlendra sérfræðinga. Einnig verði fræðsluþátturinn aukinn með því að auka upplýsingamiðlun stofnunarinnar, m.a. markvissari notkun heimasíðu þar sem lögð verði áhersla á efni sem nýtist barnaverndarnefndum og öðrum opinberum aðilum. Aukin verði kynning og notkun á lokuðu svæði á heimasíðu Barnaverndarstofu. Á lokaða svæðinu verði áfram gerð aðgengileg ýmis eyðublöð og gögn fyrir barnaverndarnefndir og hvatt til umræðna um barnaverndarmál. Handbók barnaverndarnefnda verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri lagasetningu.<br>3. Að efla menntun og þjálfun starfsmanna sem vinna fyrir barnaverndarnefndir landsins og á meðferðarheimilum og auka þekkingu samstarfsaðila barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Unnið verði yfirlit um umfang og eðli kennslu í barnavernd á vegum m.a. Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Endurmenntunarstofunar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Lögregluskólans. Skipulögð verði í kjölfarið námskeið, m.a. fyrir starfsmenn meðferðarheimila, eftir atvikum í samráði við ofangreindar stofnanir um almenn og sértæk efni.<br>4. Að árlega verði haldinn fundur með félagsmálastjórum og yfirmönnum starfseininga sem bera ábyrgð á barnaverndarstarfi í sveitarfélögum landsins. Þar gefist kostur á að ræða þjónustu Barnaverndarstofu, barnavernd á ábyrgð sveitarfélaga, til að kynna nýjungar í barnavernd og ræða einstök verkefni.<br>5. Að bæta eftirlit Barnverndarstofu með barnaverndarnefndum m.a. móta viðmið um frumkvæðiseftirlit þar sem gerðar eru athuganir á einstaka málum eða kannanir á framkvæmd einstakra þátta í störfum barnaverndarnefnda.<br>6. Að meta árangur af núverandi fyrirkomulagi eftirlits Barnaverndarstofu með meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Á grundvelli þessa mats verði eftirlit endurskoðað. | 1. Mat á þjónustuþáttum verði gert einu sinni á tímabilinu og niðurstöður liggi fyrir 1. janúar 2007. Barnaverndarstofa bregðist við þeim niðurstöðum með formlegum og skjalfestum aðgerðum.<br>2. Niðurstöður mats á fræðsluverkefnum skv. starfsmarkmiði skal fara fram árlega, í fyrsta skipti í júní 2006. Árleg fjölgun heimsókna og þátttöku í umræðum á lokuðu svæði heimasíðu Barnaverndarstofu. Útgáfa handbókar fyrir barnaverndarnefndir fyrir júlí 2006.<br>3. Skýrsla um kennslu í barnavernd liggi fyrir eigi síðar en 1. janúar 2006. Fjöldi og umfang námskeiða á tímabilinu.<br>4. Formleg fundargerð eftir árlegan fund með barnaverndarstarfsmönnum.<br>5. Árlegt yfirlit yfir eftirlitsmál skv. starfsmarkmiði, í fyrsta skipti í janúar 2006 og þá liggi jafnframt fyrir viðmið um fyrirkomulag frumkvæðiseftirlits.<br>6. Niðurstöður mats á núverandi fyrirkomulagi eftirlits með meðferðarheimilum Barnaverndarstofu liggi fyrir 1. júní 2006.<br>7. Drög að reglugerðum um vistun barns á heimili og stofnun á ábyrgð ríkisins og um réttindi barns í meðferð verði send félagsmálaráðuneytinu fyrir árslok 2005. Handbók meðferðarheimilana liggi fyrir í júlí 2006.<br>8. Niðurstöður mats á meðferðarstarfi liggi fyrir ekki síðar en 1. febrúar 2007. Tillögur um úrbætur séu fyrirliggjandi ekki síðar en 1. maí 2007.<br>9. Endurskoðun á starfsemi og hlutverki Háholts verði lokið fyrir árslok 2005.<br>10. Úttekt á meðferðarstarfi á Stuðlum liggi fyrir í júní 2006 ásamt tillögum til úrbóta. | 1. Fjölþáttameðferð – MST.<br>2. Fjölþáttameðferðarfóstur - MTFC/TFC.<br>3. Foreldrafærniþjálfun – PMT og Webster Stratton.<br>4. Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.<br>5. Reiðistjórnun ART.<br>6. Mat á árangri meðferðarheimila.<br>7. Mat á styrktu fóstri.<br>8. Mat á árangri Barnahúss.<br>6. Handbók um skjalastjórnun og skráningu.<br>7. Endurbætur á tölfræði um barnavernd. |

| Ætlunarverk stofnunarinnar felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð | | | |
|---|---|---|---|
| **Meginmarkmið** | **Starfsmarkmið** | **Mælikvarði á árangur** | **Verkefni** |
| | 7. Að settar verði reglur um starfsemi meðferðarheimila, vistun barns og réttindi á heimili eða stofnun á ábyrgð ríkisins þar sem tekið verði mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum. Gefa út handbók meðferðarheimila þar sem m.a. verði fjallað um markmið, verklag og sérhæfingu hvers heimilis.<br>8. Að gera mat á meðferðarstarfi meðferðarheimila Barnaverndarstofu og í kjölfarið taka ákvarðanir um hvaða úrbóta er þörf, m.a. með tilliti til fjölda og stærðar meðferðarheimila, sérhæfingar, meðferðartíma og eftirmeðferðar.<br>9. Að endurskoða starfsemi og hlutverk Háholts, m.a. út frá vali á skjólstæðingum, fjölda þeirra, lengd meðferðar og fyrirkomulagi eftirmeðferðar.<br>10. Að gera úttekt á meðferðarstarfi Stuðla og í kjölfarið taka ákvarðanir um hvaða úrbóta er þörf, m.a. með tilliti til breytinga á húsnæði, á hlutverki og verklagi á lokaðri deild, nýjunga í meðferðarstarfi og samhæfingar við önnur meðferðartilboð.<br>11. Að bæta þjónustu í fósturmálum með því að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegur fjöldi hæfra fósturforeldra til að mæta þörfum hverju sinni. Lögð verði áhersla á að fjölga fósturforeldrum í þéttbýli. Við þjálfun og mat á hæfi fósturforeldra verði lagt til grundvallar kennsluefnið FOSTER PRIDE sem Barnaverndarstofa keypti frá Bandaríkjunum og hóf að nota árið 2004. Þegar hafa verið haldin 3 námskeið. Gera skal athugun á reynslu af notkun FOSTER PRIDE. Á grundvelli þeirrar athugunar verði þjálfun og mat á hæfi endurskoðað, m.a. fjöldi og staðsetning námskeiða og þörf fyrir framhaldsnámskeið þar sem lögð verði áhersla á sértæka erfiðleika.<br>12. Að gera úttekt á framkvæmd og reynslu af styrktu fóstri. Í kjölfarið verði styrkt fóstur endurskoðað.<br>13. Að gera úttekt á hlutverki og starfsemi Barnahúss, m.a. hvort auka beri umfang starfsins, breyta starfsháttum og meta samvinnu við helstu samstarfsaðila.<br>14. Að skipuleggja meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.<br>15. Að bæta verklag stofnunarinnar með því að ljúka aðlögun GoPro Professional kerfisins, endurskoða skjalastjórnunarkerfi sem hannað hefur verið, taka upp verklagsreglur um afgreiðslu erinda og vinnslu umsókna og fundi á vegum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannafundi. Að endurbætur á tölfræði um barnaverndarmál, þ.á m. frá barnaverndarnefndum leiði til áreiðanlegri og réttmætari gagna auk þess að ávallt liggi fyrir nýjustu upplýsingar um þróun barnaverndar á hverjum tíma. | 11. Yfirlit yfir fjölgun fósturforeldra í þéttbýli liggi fyrir í árslok 2007. Haldin verði a.m.k. tvö námskeið í FOSTER PRIDE árið 2006. Skýrsla um athugun á reynslu af notkun FOSTER PRIDE liggi fyrir í árslok 2007.<br>12. Niðurstaða úttektar á styrktu fóstri liggi fyrir í árslok 2005 og tillögur um úrbætur í júlí 2006.<br>13. Niðurstaða úttektar á hlutverki og starfsemi Barnahúss liggi fyrir 1. janúar 2007.<br>14. Formlegar verklagsreglur um meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota liggi fyrir í árslok 2005.<br>15. Árlegt skjalfest mat á framförum í verklagi þeirra þátta sem fram koma í starfsmarkmiði, vegna skjalavinnslu- og hópvinnukerfis, svo sem hvort vinnslutími mála hafi breyst. Endurskoðuð handbók um skjalastjórnun liggi fyrir í árslok 2005 samhliða verklagreglum um málsmeðferð, m.a. um skráningu ráðgjafar og afgreiðslu erinda. Mánaðarlegar skýrslur frá öllum barnaverndarnefndum með tilteknum tölfræðilegum upplýsingum. Árlegt mat í tengslum við gerð árskýrslu Barnaverndarstofu á þeim eyðublöðum sem notuð eru til að safna tölufræðilegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum. | |

Ætlunarverk stofnunarinnar felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð

| Meginmarkmið | Starfsmarkmið | Mælikvarði á árangur | Verkefni |
|---|---|---|---|
| Að bæta hæfni, getu og nýtingu starfshópsins Barnaverndarstofu. | 1. Að ganga formlega frá starfsmannastefnu og gera árlega úttekt á framkvæmd hennar.<br>2. Að ganga formlega frá starfsmannahandbók sem hafi að geyma nánari útfærslu starfsmannastefnunnar, svo sem um jafnréttisstefnu, skipulag, verkaskiptingu og starfslýsingar, ráðningar, starfsþróun, starfskjör og launamál, vinnubrögð og starfsaðstæður.<br>3. Að skipa jafnréttisfulltrúa og gera árlega starfsáætlun í jafnréttismálum samhliða fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Endurskoða jafnréttisstefnu stofnunarinnar.<br>4. Að fram fari árleg starfsmannasamtöl milli forstjóra og hvers starfsmanns, að jafnaði í upphafi hvers árs.<br>5. Að gera árlega starfsmenntunaráætlun. Slík áætlun taki mið af stefnumarkandi áætlun stofnunarinnar, niðurstöðum úr starfsmannasamtölum sem tekin eru í byrjun hvers árs og mannaflaáætlun sem fram kemur í ársáætlun stofnunarinnar. Gera í kjölfarið einstaklingsbundnar starfsmenntunaráætlanir í samvinnu við hvern starfsmann.<br>6. Að gera reglubundið úttekt á vinnuaðstæðum starfsmanna og í kjölfarið | 1. Útgefin starfsmannastefna og árleg skjalfest úttekt á framkvæmd hennar sem fram fer í fyrsta skipti í janúar 2006.<br>2. Útgefin starfsmannahandbók sem verði aðgengileg fyrir alla starfsmenn.<br>3. Formleg skipun jafnréttisfulltrúa fyrir 1. október 2005, árleg starfsáætlun í jafnréttismálum samhliða gerð fjárhagsáætlunar og endurskoðun jafnréttisstefnu Barnaverndarstofu fyrir árslok 2006.<br>4. Útfyllt eyðublöð um starfsmannasamtöl sem fara fram í fyrsta skipti í byrjun árs 2006.<br>5. Árleg skjalfest starfsmenntunaráætlun ásamt einstaklingsbundnum starfsmenntunaráætlunum sem liggi fyrir eigi síðar en 1. mars ár hvert, í fyrsta skipti 2006.<br>6. Skjalfest úttekt á vinnuaðstæðum á a.m.k. tveggja ára fresti, í fyrsta skipti í júlí 2007. | |
| Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar. | 1. Að viðhafa hjá stofnuninni nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála og rekstraráætlunargerð þannig að rekstraráætlun gefi skýra og aðgengilega mynd af rekstri stofnunarinnar.<br>2. Að sífellt verði leitað leiða til að nýta rekstrarfjármuni vel og tryggja hagstæðustu innkaup með því að smærri innkaup fari sem mest fram á rafrænu markaðstorgi ríkisins en óskað sé tilboða í öll meiri háttar innkaup. | 1. Árlegur skjalfestur samanburður á niðurstöðum rekstrarreiknings og rekstraráætlunar og skilgreining á ástæðum mismunar, ef hann er verulegur.<br>2. Árleg skjalfest greining á innkaupum. | 1. Oracle fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. |

# 7 Samantekt eftir árum

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| **Janúar** | - Málstofa<br>- Notkun SOF | - Málstofa<br>- Greinargerð um erlent samstarf á árinu 2005<br>- Yfirlit yfir eftirlitsmál 2005<br>- Skipulögð notkun ASEBA í styrktu fóstri og á meðf.heim.<br>- Mat á notkun SOF<br>- Ráða í MST<br>- Niðurstaða árangurs-mats JB<br>- Endurmeta sískráningu bvn.<br>- Úttekt á frkv. stm.stefnu 2005<br>- Starfsmannasamtöl | - Málstofa<br>- Greinargerð um erlent samstarf á árinu 2006<br>- Yfirlit yfir eftirlitsmál 2006<br>- MST komið í gang<br>- Úttekt á frkv. stm.stefnu 2006<br>- Starfsmannasamtöl<br>- Niðurstaða mats á meðferðarstarfi með. heim. | - Málstofa<br>- Greinargerð um erlent samstarf á árinu 2007<br>- Niðurstaða athugunar R&G á kynferðislegu ofbeldi<br>- Yfirlit yfir eftirlitsmál 2007<br>- Úttekt á frkv. stm.stefnu 2007<br>- Starfsmannasamtöl |
| **Febrúar** | - Málstofa<br>- Skipuleggja árlegan fund með félagsmálastjór-um o.fl.<br>- Skipuleggja málþing/ráðstefnu | - Málstofa<br>- Starfsmannasamtöl<br>- Starfsmenntunaráætlun<br>- Skipuleggja árlegan fund með félagsmálastjór-um o.fl.<br>- Skipuleggja málþing/ráðstefnu | - Málstofa<br>- Starfsmannasamtöl<br>- Starfsmenntunaráætlun<br>- Skipuleggja árlegan fund með félagsmálastjór-um o.fl.<br>- Skipuleggja málþing/ráðstefnu | - Málstofa<br>- Starfsmannasamtöl<br>- Starfsmenntunaráætlun<br>- Skipuleggja árlegan fund með félagsmálastjór-um o.fl.<br>- Skipuleggja málþing/ráðstefnu |
| **Mars** | - Málstofa | - Málstofa<br>- PRIDE námskeið | - Málstofa | - Málstofa |
| **Apríl** | - Málstofa | - Málstofa | - Málstofa<br>- Útgáfa sögu barnaverndar | - Málstofa |
| **Maí** | - Greinargerð í ársskýrslu um þróun barnavernd-armála<br>- Samantekt í ársskýrslu á fjölgun heimsókna á heimasíðu og þátttöku stm. í fjölmiðlaumræðu<br>- Starfsmannastefna<br>- Starfsmannahandbók | - Málstofa<br>- Greinargerð í ársskýrslu um þróun barnavernd-armála<br>- Samantekt í ársskýrslu á fjölgun heimsókna á heimasíðu og þátttöku stm. í fjölmiðlaumræðu<br>- Uppfærður texti á vefsíðu Children at Risk<br>- Áfangadrög að gæðastöðlum „Quality for children“<br>- Úttekt á starfi Stuðla | - Málstofa<br>- Greinargerð í ársskýrslu um þróun barnavernd-armála<br>- Samantekt í ársskýrslu á fjölgun heimsókna á heimasíðu og þátttöku stm. í fjölmiðlaumræðu<br>- Tillögur um úrbætur í meðferðarstarfi | - Málstofa<br>- Greinargerð í ársskýrslu um þróun barnavernd-armála<br>- Samantekt í ársskýrslu á fjölgun heimsókna á heimasíðu og þátttöku stm. í fjölmiðlaumræðu |
| **Júní** | - Samstarfssamningur um Rannsóknarsetur HÍ | - Niðurstaða mats á fræðsluverkefnum 2005 | - Niðurstaða mats á fræðsluverkefnum 2006<br>- Skýrsla um ASEBA | - Niðurstaða mats á fræðsluverkefnum 2007 |

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| **Júlí** | | - Handbók fyrir bvn.<br>- Niðurstaða rannsóknar á framburði barna í BH<br>- Niðurstaða athugunar á samstarfi við 112<br>- Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna<br>- Handbók f. meðferð-arheimili<br>- Tillögur um breytingar á styrktu fóstri<br>- Niðurstaða mats á BH | - Niðurstaða athugunar á líkamlegu ofbeldi<br>- Úttekt á vinnuaðstæð-um á Bvs. | |
| **Ágúst** | | - Norræn barnaverndar-ráðstefna | | |
| **September** | - Málstofa<br>- PRIDE námskeið<br>- Skipan jafnréttisfulltrúa | - Málstofa<br>- PRIDE námskeið | - Málstofa | - Málstofa |
| **Október** | - Málstofa | - Málstofa | - Málstofa | - Málstofa |
| **Nóvember** | - Málstofa<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Starfsáætlun í jafnréttismálum (m. fjárlagatillögum) | - Málstofa<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Starfsáætlun í jafnréttismálum (m. fjárlagatillögum) | - Málstofa<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Starfsáætlun í jafnréttismálum (m. fjárlagatillögum) | - Málstofa<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Starfsáætlun í jafnréttismálum (m. fjárlagatillögum) |
| **Desember** | - Málstofa<br>- Ársáætlun f. 2006<br>- Yfirlit yfir kennslu í barnavernd<br>- Kostnaðaráætlun og verkefnislýsing ASEBA<br>- Drög að reglugerðum<br>- Endurskoðun Háholts<br>- Úttekt á styrktu fóstri<br>- Verklagsreglur um meðferð ungra gerenda<br>- Mat á eyðublöðum v. upplýs. frá bvn. og leiðbein. Bvs<br>- Oracle komið í gagnið<br>- Fundur – viðbragðs-teymi vegna dauðsfalla barna<br>- Handbók um skjalastjórnun UGLA<br>- Niðurstaða úttektar á Barnahúsi | - Málstofa<br>- Ársáætlun f. 2007<br>- Niðurstaða um Web-link vegna ASEBA<br>- Mat á eyðublöðum v. upplýs. frá bvn. og leiðbein. Bvs<br>- Endurskoðun jafnréttisstefnu<br>- Áfangaskýrsla R&G vegna kynhegðunar og kynferðisbrota<br>- 30-50 notendur á vefsíðu Children at Risk<br>- Niðurstaða mats á þjónustuþáttum Bvs | - Málstofa<br>- Ársáætlun f. 2007<br>- Ný stefnumarkandi áætlun til þriggja ára 2008-2010<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Skýrsla um Foster Pride + tillögur um frh.<br>- Mat á eyðublöðum v. upplýs. frá bvn. og leiðbein. Bvs<br>- Meta meðferð f. unga ger.<br>- Úttekt á eyðublöðum v. upplýs. frá bvn. og leiðbein. Bvs<br>- Gæðastaðlar „Quality for Children"<br>- Fjöldi fósturfor. í þéttbýli<br>- Áætlun um fjölþáttafóstur MTFC<br>- Áætlun um PMT og Webster Stratton | - Málstofa<br>- Ársáætlun f. 2006<br>- Tillögur til f.ráðherra um umbætur (m. fjárlagatillögum)<br>- Mat á MST + nýtt mat á með.heim. + Stuðlum<br>- Mat á eyðublöðum v. upplýs. frá bvn. og leiðbein. Bvs |

Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530 2600
Bréfasími: 530 2601
Netfang: bvs@bvs.is
Veffang: www.bvs.is